




P. CHR. ASBJÖRNSSEN OG MOE

**NORSK
ÆFINTYRI**



P. CHR. ASBJÖRNSEN OG MOE

NORSK ÆFINTÝRI

JENS BENEDIKTSSON ÍSLENZKAÐI



REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: BÓKAÚTGÁFAN HEIMDALLUR

ÆFINTÝRI

ASBJÖRNSSENS OG MOE

eru meðal dýrmætustu fjársjóða norskra bókmennta, en mennirnir sem söfnuðu þjóðsögum þessum og skrásettu þær af vörum fólksins, unnu þjóð sinni álíka mikið gagn og þjóðsagnaþulurinn, Jón Árnason Íslendingum. Hér girtist nú í bókarformi á íslenzku lítið úrval úr æfintýrum þessum, en áður hafa þau komið út í Morgunblaðinu, og hlotið þar miklarvinsældir hjá ungum og gömlum.

Þess verður víða vart í þjóðsagnasafni Asbjörnsens og Moe, að sum æfintýri norsku þjóðarinnar eru af sama toga spunnin og æfintýrin íslenzku, þó alstaðar séu þau tilbrigði í frásögninni, að hvergi sé um sömu sögur að ræða.

En mörg hinna norsku æfintýra eru með allt öðrum blæ, en við eigum að venjast og í þeim meiri kímni en flestum íslenzku æfintýranna.

Æfintýrasafn Asbjörnsens og Moe, hefir notið þeirra hlunninda, að nokkrir af beztu listamönnum Norðmanna hafa teiknað myndir úr efni þeirra. Gefur þetta meira líf, þegar lesendurnir sjá persónur þeirra og einstaka atburði fyrir augum sér. Sannast hér sem víðar, að „sjón er sögu ríkari“.

P. CHR. ASBJÖRNSEN OG MOE

NORSK ÆFINTÝRI

JENS BENEDIKTSSON ÍSLENZKAÐI



P. Chr. Asbjørnsen.

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: BÓKAÚTGÁFAN HEIMDALLUR



NORSK ÆFINTÝRI



P. Chr. Asbjørnsen.


NORSK ÆFINTÝRI

P. CHR. ASBJÖRNSEN OG JÖRGEN MOE
SKRÁSETTU

JENS BENEDIKTSSON
HEFIR ÍSLENSKAÐ

SJERPRENTUN ÚR MORGUNBLAÐINU

REYKJAVÍK 1943



FORMÁLSORÐ

Þjóðsögur og æfintýri eru bókmentir, sem æskunni geðjast að á öllum tímum. Þeir menn, sem verja æfi sinni til þess að forða slíku frá gleymsku, eiga skildar þakkir kynslóðanna. Vér Íslendingar höfum átt slíka menn, Jón Árnason og Ólafur Davíðsson bera þeirra hæst. En ótal margir aðrir hafa víðað að sér sögum af vörum fólksins, sem það varðveitti frá gleymsku með því að segja þær börnunum, og sem þau lærðu svo vel, að þau sögðu aftur börnum sínum. —

En með breyttum tímum þarf að færa slíkt í letur, annars gleymist það, foreldrarnir mega ekki lengur vera að því að segja börnum sínum sögur, nema þá fáar einar, hraði breyttra tíma sér fyrir því. Börnin verða að lesa þær sjálf, og til þess þarf að vera að þeim gerður greiður aðgangur á prenti.

Margar sögur og einkanlega æfintýri eru svipuð með ýmsum þjóðum, þannig munu í æfintýrum vorum vera til lítið frábrugðnar útgáfur af sumum þeim sögnum, sem birtast í þessari bók. En sögur þessarar bókar eru teknar saman og færðar í letur af manni, sem varði miklu af æfi starfi sínu til þess að varðveita æfintýra- og þjóðsagnaauð Norðmanna frá gleymsku, P. Chr. Asbjörnson.

Asbjörnson var fæddur árið 1812, en hann dó 1885. Hann lagði á margt gjörfa hönd um æfina, varð fyrst stúdent, síðan heimiliskennari og þvínæst blaðamaður. Nokkru eftir að hann var orðinn stúdent, byrjaði hann að safna þjóðsögnum og æfintýrunum, ásamt skólabróður sínum, Jörgen Moe. Það var árið 1841, sem fyrsta bindið af æfintýrunum kom út. Halda fróðir menn því fram, að þessi bókmenta-

starfsemi hafi átt drjúgan þátt í þeirri þjóðernisvakningu, sem yfir Noreg gekk um þessar mundir. Asbjörnsen varð síðar skógræktarstjóri Noregs, en hélt áfram þjóðsagna- og æfintýrasöfnuninni til dauðadags, og var þá safn hans orðið mikið að vöxtum.

. .Ég vona að íslensk æska sé enn ekki orðin svo háð tímum tækni og hraða, að hún geti ekki gefið sér tíma til þess að líta inn í ríki hinna fornu æfintýra, sem draumar kynslóðanna hafa skapað, og sem þær mega ekki missa. Því það hverfur margt ómissandi úr lífi hvers barns, hvers manns, ef ímyndunaraflíð þver.

Þjóðandinn.

Höllin fyrir austan sól og vestan mána

EINU SINNI var fátækur þurrabúðarmaður, sem átti mörg börn og lítið handa þeim, hvorki mat nje föt, en falleg voru þau öll, en yngsta dóttirinn þó fallegust, og hún var svo indæl, að annað eins hafði ekki sjest.

Svo var það eitt föstudagskvöld, seint um haust, það var vont veður og koldimt úti. Regnið dundi niður og vindurinn hvein, það var svo hvasst, að það brast og brakaði í öllum veggjum. Öll fjölskyldan sat kringum hlóðirnar, og var að borða eitthvað snarl. Allt í einu var barið á gluggann, það voru barin þrjú högg. Húsbóndinn fór út og ætlaði að athuga, hvað á gengi, og þegar hann kom út, sá hann að þar stóð stóreflis ísbjörn.

„Gott kvöld, maður minn“, sagði ísbjörninn.

„Gott kvöld“, sagði maðurinn.

„Ef þú vilt gefa mjer yngstu dóttur þína“, sagði björninn, „þá skal jeg gera þig jafn ríkan og þú nú ert fátækur“.

Jú, manningnum fannst það nú ágætt, að hann skyldi geta orðið svo ríkur, en honum fannst hann endilega þurfa að tala um þetta við dóttur sína fyrst og fór inn og sagði, að það væri stóreflis ísbjörn úti, sem lofaði að gera alla fjölskylduna ríka, ef hann fengi hana. Hún sagði nei, og var treg til, og svo fór maðurinn út aftur og samdi um það við ísbjörninn, að hann skyldi koma aftur næsta föstudagskvöld og fá svar. Alla vikuna voru þau að reyna að tala um fyrir stúlkunni, þau lýstu fyrir henni öllum auðnum, sem þau myndu fá, og að lokum ljet hún undan, hún þvoði og bætti garmana sína, bjó sig sem

best hún gat og var ferðbúin. Það tók nú heldur ekki langan tíma, því lítið var það, sem hún hafði meðferðis.

Næsta föstudagskvöld kom ísbjörninn og ætlaði að sækja hana. Hún settist á bak honum með pokasnigilinn sinn og svo var haldið af stað.

Þegar þau voru komin nokkuð frá kotinu, sagði ísbjörninn: „Ertu ekki hrædd?“

Nei, það var hún ekki.

„Jæja, haltu þjer bara fast í feldinn minn, þá er heldur engin hætt á ferðum“, sagði björninn.

Nú fóru þau langar leiðir, uns þau komu að háu fjalli. Þar barði björninn á, og svo opnaðist hlið og þau komu inn í höll með mörgum uppljómuðum sölum og smærri herbergjum, og allt skein þar af gulli og silfri, og í einum stærsta salnum stóð búið borð, og það var svo skrautlegt, að því trúir enginn. Síðan fjekk björninn stúlkunni silfurbjöllu, og henni átti hún að hringja, ef hún þarfnaðist einhvers, þá fengi hún hvað sem hana vanhagaði um. —

Þegar hún hafði matast og tók að líða á kvöldið, þá fór hana að syfja, því hún var þreytt eftir ferðina, og hana langaði til að fara að sofa. Þá hringdi hún bjöllunni, og ekki hafði hún fyrr gert það, en hún var allt í einu komin inn í skrautbúið herbergi, þar sem stóð rúm með silki-lökum og dúnsængum, en sængurtjöldin voru öll gullsaumuð. En þegar hún hafði slökt ljósið, varð hún þess vör, að manneskja kom og háttaði hjá henni, — það var ísbjörninn, hann kastaði bjarnarhamnum á næturnar, en hún sá hann aldrei, því hann kom alltaf eftir að hún var búin að slökkva, og var farinn á morgnana, áður en hún var vöknud.

Þegar stundir liðu fram, fór stúlkan að verða þunglynd og hljóð, því hún var alein allan liðlangan daginn, og hana langaði svo mikið heim til foreldra sinna og systkina, og þessvegna var hún svo sorgmædd. — Ísbjörninn komst að þessu og sagði að hún gæti fengið að fara, en hún yrði að lofa sjer því, að tala aldrei einslega við móð-

ur sína, „því jeg veit, að hún sækist eftir að eiga eintal við þig, en það verðurðu að forðast, annars leiðir þú mikla ógæfu yfir okkur bæði“.

Einn sunnudag kom svo björninn og sagði, að nú skyldu þau leggja af stað heim til foreldra hennar. Svo fóru þau, og hún sat á baki hans, og ferðin var löng og erfið, en að lokum komu þau að stórum, hvítum, reisulegum bónda-bæ og þar hlupu systkini hennar úti og ljeku sjer, og hún varð svo glöð, þegar hún sá, hvað þeim leið vel. — „Þarna búa nú foreldrar þínir og systkini“, en gleymdu ekki því, sem jeg hefi sagt, annars verðum við bæði óhamingjusöm“. Hún sór og sárt við lagði. Svo sneri björninn við aftur.

Fjölskylda stúlkunnar varð svo glöð, þegar hún kom heim aftur, að fögnuðurinn ætlaði aldrei að taka enda, fólkinu fannst það aldrei fullþakkað, sem hún hafði gert fyrir það, nú liði því svo dæmalaust vel, og öll spurðu þau hana, hvernig henni liði, þar sem hún væri. Hún sagði að sjer liði vel, hún hafði allt, sem hún vildi hendinni til rjetta, og eitthvað meira sagði hún, hvað það var, veit jeg ekki almennilega, en víst var um það, að fólkið fjekk ekki neina rjetta hugmynd um líðan hennar.

En svo síðari hluta dags fór eins og ísbjörninn hafði sagt, móðir stúlkunnar vildi tala við hana einslega og kallaði á hana inn í herbergið sitt. En þá minntist hún þess, sem björninn hafði sagt, og vildi ekki fyrir nokkra muni fara þangað inn með henni. „Við getum alltaf talað um þetta“, sagði hún. En hvernig, sem það nú varð, þá gat móðirin talið henni hughvarf og fengið hana til að tala við sig einslega, og þá varð hún að segja hvernig henni liði.

Hún sagði, að það kæmi maður og háttaði hjá sjer, þegar hún væri búin að slökkva ljósið á kvöldin, en hún fengi aldrei að sjá hann, því hann væri alltaf á brott á morgnana. Þetta sagði hún, að sjer fyndist svo leiðinlegt,

því hún vildi gjarna sjá hann, og á daginn væri hún alltaf ein, og það væri svo tilbreytingarlaust.

„Svei, ætli þetta sje ekki einhver galdrakarl“, sagði móðir hennar, „jeg skal kenna þjer ráð, svo að þú fáiir að sjá hann. Jeg skal gefa þjer kertisbút, sem þú getur stungið í barm þinn, lýstu svo á hann, þegar hann sefur, en gættu þess, að ekki leki á hann tólgardropar“.

Jú, hún tók við kertinu og stakk því í barm sinn, og um kvöldið kom ísbjörninn að sækja hana.

Þegar þau voru komin nokkuð áleiðis, spurði björninn, hvort ekki hefði farið, eins og hann hefði sagt.

Jú, ekki var hægt að neita því.

„Ef þú hefir farið að ráðum móður þinnar, þá hefirðu gert okkur bæði óhamingjusöm, og þá eru okkar samvist-ir líka búnar“.

Nei, ekki hafði hún nú þýðst ráð móður sinnar, sagði hún.

Þegar hún svo var komin heim, og lögst til svefns, þá gekk allt eins og venjulega. En er hún heyrði, að maðurinn svaf, tók hún sig til og kveikti á kertinu og leit á hann, og þá var það yndislegasti kóngssonur, sem hægt var að hugsa sjer, og hún varð svo hrifin af honum, að hún gat ekki hugsað sjer að lifa án hans, meira að segja alls ekki, ef hún ekki fengi að kyssa hann strax, og það gerði hún líka, en í sama bili láku þrír tólgardropar úr kertinu niður á skyrtuna hans, og hann vaknaði.

„Ó, hvað hefirðu nú gert?“ Nú hefirðu gert okkur bæði óhamingjusöm. Ef þú aðeins hefðir verið stillt í eitt ár, og ekki farið að forvitnast, þá hefði jeg verið leystur úr álögum, því jeg á stjúp móður, sem hefir lagt á mig, að jeg verði ísbjörn á daginn, en maður á nóttunni. En nú er öllu lokið okkar á milli, nú verð jeg að fara frá þjer til hennar, hún á heima í höll, sem er fyrir austan sól og vestan mána, og þar er kóngsdóttir með þriggja álna langt nef, og hana verð jeg nú að eiga fyrir konu.

Hún grjet og barmaði sjer, en við því var ekkert að

gera, hann varð að fara. Svo spurði hún, hvort hún mætti koma með honum.

Nei, ekki var það hægt.

„Geturðu ekki sagt mjer frá leiðinni þangað, svo jeg geti komið og fundið þig, það má jeg þó?“ sagði hún.



Hún grjet sig þreytta.

„Jú, þú mátt koma og finna mig, en þangað sem jeg er, er enginn vegur; höllin er fyrir austan sól og vestan mána og þangað ratarðu aldrei“.

Um morguninn, þegar hún vaknaði, var bæði kóngssonurinn og höllin horfin, hún lá á litlum grænum grasbletti og pokasnigillinn hennar hjá henni, en allt í kring var þjettur, dimmur skógur. Þegar hún hafði þurrkað stýrurnar úr augunum og grátið sig þreytta, þá lagði hún

af stað, og þegar hún hafði gengið marga, marga daga, kom hún að háu standbergi.

Undir berginu sat gömul kerling og ljek sjer að gull-
epli. Hana spurði stúlkan, hvort hún vissi, hvernig kom-
ast ætti til kóngsonarins, sem væri hjá stjúpu sinni í höll,
sem væri fyrir austan sól og vestan mána, og sem ætti
að fá kóngsdóttur fyrir konu, sem hefði þriggja álna langt
nef.

„Hvaðan þekkir þú hann?“ spurði kerling. „Kannse
þú hafir ætlað að giftast honum?“

Ójú, svo var nú það.

„Nú, já, það ert þú“, sagði kerlingin. „Ja, jeg veit ekk-
ert meira um hann, svei mjer þá, en það, að hann býr í
höllinni fyrir austan sól og vestan mána, og þangað
kemstu seint eða aldrei, en hestinn minn skaltu fá lán-
aðan, og á honum geturðu riðið til grannkonu minnar,
kannse hún geti sagt þjer eitthvað um þetta, og þegar
þú ert komin til hennar, þá slærðu bara hestinn undir
vinstra eyrað og biður hann að fara heim aftur. Og gull-
eplið geturðu tekið með þjer“.

Stúlkan beislaði hestinn og settist á bak og reið lengi,
lengi, þangað til hún kom að bergi nokkru, en undir því
sat gömul kerling og var að hespa á gullhesputrje. Hana
spurði stúlkan, hvort hún vissi um leiðina til hallarinnar
sem er fyrir austan sól og vestan mána. Hún sagði eins
og fyrri kerlingin, að hún vissi ekki neitt um það, en
hjeldi að þangað kæmist hún seint eða aldrei, „en hest-
inn minn skaltu fá lánaðan til hennar grannkonu minn-
ar, kanske hún viti það, og þegar þú ert komin þangað,
þá slærðu hann bara undir hægri eyrað, og segir honum
að fara heim“, og svo gaf kerlingin henni hesputrjeð, og
sagði að það gæti vel komið henni í góðar þarfir.

Stúlkan steig á bak hesti kerlingar og reið langar leið-
ir, og loksins kom hún að stóru bergi, þar sat gömul kerl-
ing og spann á gullrokk. Hana spurði stúlkan nú um,
hvort hún vissi hvaða leið ætti að fara til kóngssonarins,

og hvar höll sú væri, sem stæði fyrir austan sól og vestan mána.

En eins fór það þarna. „Kanske það sjert þú, sem hefðir átt að verða kona þessa konungssonar?“ spurði kerlingin.

Ójú, ekki var því að neita.

En þessi kerling vissi ekki betur um leiðina til hallarinnar, en hinar. Hún vissi að höllin var fyrir austan sól og vestan mána, „og þangað kemstu seint eða aldrei“, sagði hún, „en hestinn minn geturðu fengið lánaðan og á honum geturðu farið til Austanvindsins, og spurt hann. Kanske hann viti um þetta. Þegar þú ert komin þangað, skaltu bara slá hestinn undir vinstra eyrað og segja honum að fara heim, þá gerir hann það“. Og svo gaf kerling henni gullrokkinn. „Það getur verið að þú þarfnist hans“, sagði hún.

Nú reið stúlkan í marga daga eftir vondum vegi, en loksins komst hún á ákvörðunarstaðinn, og spurði Austanvindinn, hvort hann gæti vísað sjer leið til konungssonarins, sem byggi í höllinni fyrir austan sól og vestan mána.

Jú, Austanvindurinn sagðist hafa heyrt talað um þennan konungsson, og höllina líka, en leiðina vissi hann ekki um, því hann hefði aldrei blásið svo langt. „En ef þú vilt, þá skal jeg fylgja þjer til bróður míns, Vestanvindsins, kannske hann viti þetta, því hann er sterkari en jeg, sestu bara á bakið á mjer, þá skal jeg bera þig til hans“.

Hún gerði það og þau voru fljót í ferðum. Þegar þau komu til Vestanvinds, gengu þau inn, og Austanvindur sagði, að stúlkan sem með honum væri, hefði átt að verða kona konungssonarins í höllinni fyrir austan sól og vestan mána, nú væri hún að leita að honum, og hann hefði fylgt henni þangað, og vildu þau fá að vita, hvort Vestanvindur vissi nokkur skil á leiðinni til hallarinnar.

„Nei, svo langt hefi jeg aldrei blásið“, sagði Vestanvindur, „en ef þú vilt, þá skal jeg fylgja þjer til Sunn-

anvinds, því hann er miklu sterkari en við, og hefir víða farið, hann getur líklega sagt þjer eitthvað um þetta. Þú getur setst á bak mjer, þá skal jeg bera þig þangað“.

Jú, það gerði hún, og þau fóru til Sunnanvinds, og voru ekki lengi á leiðinni, skuluð þið vita. Þegar þau voru komin alla leið, spurði Vestanvindur, hvort Sunnanvindur gæti vísað þeim til hallarinnar, sem væri fyrir austan sól og vestan mána, því stúlkan ætti að fá konungssoninn þar fyrir mann.

„Jæja“, sagði Sunnanvindurinn, „er það hún?“ — Jeg hefi nú farið hingað og þangað um æfina, en svo langt hefi jeg aldrei komist. En ef þú vilt, þá skal jeg fylgja þjer til bróður míns, Norðanvinds, hann er elstur og sterkastur af okkur öllum, og viti hann ekki hvar þetta er, þá færðu heldur aldrei að vita það. Þú getur setst á bak mjer, þá skal jeg bera þig til hans“.

Jú, hún settist á bak Sunnanvindinum, og hann af stað, og ekki voru þau lengi á leiðinni.

Þegar þau komu þar sem Norðanvindurinn átti heima, var hann í svo illum ham, að kuldastrokan stóð af honum langar leiðir.

„Hvað viljið þið“, æpti hann, meðan þau voru enn langt í burtu, og það fór hrollur um þau við að heyra til hans, svo ógurleg og ísköld var röddin.

„Æ, vertu nú ekki svona strangur“, sagði Sunnanvindur, „því þetta er nú bara jeg, og stúlkan sem átti að giftast kóngssyninum, sem býr í höllinni fyrir austan sól og vestan mána, og nú ætlar nú að spyrja þig, hvort þú hafir komið þangað, og getir vísað henni leið, því hún vill gjarna finna kóngssoninn sinn aftur“.

„O, jeg veit nú, hvar þetta er“, sagði Norðanvindur, „jeg bljes einu sinni laufblaði þangað, en af því varð jeg svo þreyttur, að jeg gat ekki blásið í marga daga á eftir. En ef þú endilega vilt komast þangað, og ert ekki hrædd við að fara með mjer, þá skal jeg taka þig á bak mjer og vita hvort jeg get komið þjer alla leið“.

Jú, hún vildi og skyldi komast þangað, ef það væri á nokkurn hátt mögulegt, og hrædd var hún ekki, hvernig sem alt gengi.

„Jæja þá, þá verðurðu að gista hjá mjer í nótt“, sagði Norðanvindur, „því daginn verðum við að hafa fyrir okkur og vel það, ef við eigum að komast til hallarinnar fyrir austan sól og vestan mána“.

Snemma um morguninn vakti svo Norðanvindur stúlku-una, og bljes sig allan út og gerði sig ógurlegan ásýndum, svo stóran og sterkan, að enginn hafði sjeð annað eins, og svo flugu þau af stað hátt upp í loftið, eins og þau væru að fara á heimsenda. Í sveitunum fyrir neðan var slíkt ofsarok, að skógar og hús flugu langar leiðir, og þegar þau komu út yfir hafið, fór sjórinn í rót, og skip mistu rá og reiða í ofsanum. Þannig hjeldu þau áfram svo langt, svo langt, að enginn trúir því, og altaf svifu þau yfir hafi, og Norðanvindurinn varð stöðugt þreyttari og þreyttari, og það svo, að hann gat varla blásið lengur, og að lokum flaug hann svo lágt, að löðrið úr öldunum vætti fætur stúlkunnar.

„Ertu hrædd?“ spurði Norðanvindur.

„Nei“, sagði stúlkan. „Það er jeg ekki“.

En þau voru ekki langt frá landi, og enn hafði Norðanvindur þrótt til þess að kasta stúlkunni upp á ströndina undir gluggunum á höllinni, sem stóð fyrir austan sól og vestan mána, en þá var hann líka orðinn svo lúinn, að hann varð að hvíla sig í marga daga, áður en hann komst heim aftur.

Næsta morgun fór stúlkan að leika sjer að gulleplinu fyrir utan hallargluggana, og það fyrsta sem hún sá, var bryðjan með þriggja álna langa nefið, sú, sem átti að giftast kóngssyninum.

„Hvað viltu fá fyrir þetta gullepli“, spurði sú með nefið, og glápti út um einn gluggann.

„Jeg sel það ekki, hvorki fyrir gull nje gimsteina“, sagði stúlkan.

„Hvað viltu þá fá fyrir það. Þú skalt fá hvað sem þú vilt“, sagði kóngsdóttir með langa nefið.

„Ef jeg fæ að komast til kóngssonarins, sem er hjer, og vera hjá honum í nótt“, sagði stúlkan, sem Norðanvindurinn hafði komið með, þá skaltu fá eplið“.

„Já, já, það er hægt“, svaraði hin.

Kóngsdóttir fjekk svo gulleplið. En þegar stúlkan kom upp í herbergi kóngssonarins um kvöldið, þá svaf hann. Hún kallaði til hans og hristi hann, en þess á milli grjet hún og barmaði sjer, en henni var ómögulegt að vekja hann. Um morguninn, þegar birti af degi, kom kóngsdóttirin neflanga og rak hana út aftur.

Um daginn settist hún aftur fyrir utan hallargluggana, og fór að hespa á hesputrjeð, og það fór á sömu leið og daginn áður. Sú neflanga spurði, hvað hún vildi fá fyrir þetta hesputrje, en stúlkan sagði að það væri ekki falt, hvorki fyrir gull nje gimsteina, en ef hún mætti fara upp til kóngssonarins og vera hjá honum um nóttina, þá skyldi hún fá hesputrjeð. En þegar hún kom upp í herbergið til hans, þá var hann sofandi, og hvernig sem hún hrópaði og æpti og hristi hann, og hvernig sem hún grjet, þá gat hún ekki vakið hann, og þegar birti af degi morguninn eftir, kom sú langnefjaða og rak hana út aftur.

Og svo þegar leið á daginn, settist stúlkan fyrir utan gluggana og fór að spinna á gullrokkinn, og kóngsdóttirin með langa nefið fjekk líka ágirnd á honum. Hún kom út í gluggann og spurði, hvað hún vildi fá fyrir rokkinn. Stúlkan sagði sem fyrr, að hann væri ekki til sölu, hvorki fyrir gull nje gimsteina, en ef hún mætti vera hjá kóngsyninum næstu nótt, þá skyldi hún láta rokkinn. Jú, það mátti hún svo sem gjarna. En þá var þar eitthvert fólk, sem var fangar í höllinni, og þetta fólk var í herberginu við hliðina á stofu konungssonar, það hafði heyrt að þar var stúlka inni, sem hafði grátið og hrópað á hann síðustu

tvær nætur, og þetta sagði fólkið konungssyni. Um kvöldið, þegar sú langnefjaða kom með súpu, sem í var svefnlyf, ljest kóngssonur drekka, en hann helti reyndar súpunni niður, því nú vissi hann, að þarna var ólyfjan í. Þegar svo stúlkan kom inn, var kóngssonur vakandi, og hún sagði honum, hvernig hún hefði komist þangað.

„Ja, mátulega komstu líka“, sagði hann, „því á morgun á jeg að gifta mig, en jeg vil ekki eiga þessa nefljótu, og þú ert sú eina, sem getur frelsað mig frá slíkri ógn og skelfingu. Jeg ætla að segja, að jeg vilji sjá, hvað konuefnið mitt geti, og biðja hana að þvo tólgarblettina þrjá úr skyrtunni, það heldur hún sig geta gert, því hún veit ekki, að það varst þú, sem settir þá í skyrtuna, en það geta ekki nema kristnir menn náð þeim úr, og alls ekki þessi galdra- og tröllalýður hjerna, og svo ætla jeg að segja, að jeg vilji enga aðra eiga fyrir konu en þá, sem geti náð blettunum úr, og það veit jeg að þú getur“.

Þau glöddust nú mjög yfir þessu áformi. En daginn eftir, þegar brúðkaup átti að halda, sagði kóngssonur: „Fyrst vil jeg sjá, hvað konuefnið mitt getur“.

„Jú, það er ekki að undra“, sagði stjúpán.

„Jeg á hjer dýrindis skyrtu, sem jeg ætla að vera í, þegar jeg gifti mig, en það eru komnir í hana þrír tólgarblettir, og þá vil jeg láta þvo burtu, og jeg hefi svarið, að jeg geng ekki að eiga neina aðra fyrir konu en þá, sem getur náð burtu þessum blettum, ef hún getur það ekki, þá verður hún heldur engin eiginkona nje húsmóðir“.

„Ja, þær hjeldu nú ekki, mæðgurnar, að það væri mikill vandi að ná úr þessum blettum, og sú neflanga fór að þvo, en því meir sem hún þvoði og núði, því stærri urðu blettirnir.

„Æ, ósköp eru að sjá til þín“, sagði stjúpán. „Láttu mig fá skyrtuna“. En hún var ekki fyrr byrjuð á þvottinum, en skyrtan varð enn ljótari, og blettirnir stærri og svartari eftir því sem hún núði hana meir.

Svo fór meira af galdralýðnum að reyna, en það fór

ekki betur, og loks var skyrtan orðin svo svört, að hún hefði vel getað verið komin beint ofan úr sötugum reyk- háfnum.

„Það getur þetta engin af ykkur“, sagði kóngssonur. „Það situr einhver fátæk flökkustúlka hjerna fyrir utan gluggann, og jeg er viss um að henni gengur betur að ná úr skyrtunni, en ykkur. — Komdu inn stúlka mín“.

Jú, hún kom inn.



Fólkið flutti burtu úr höllinni.

„Geturðu gert þessa skyrtu hreina“, spurði kóngssonur.

„Æ, jeg veit nú ekki“, sagði hún, „en jeg get reynt“.

Og hún var ekki fyrr búin að dýfa skyrtunni í balann, en hún varð hvít eins og nýfallin mjöll, — og jafnvel enn hvítari.

„Þig vil jeg fá fyrir konu“, sagði kóngssonur.

Þá varð gamla stjúpán göldróttu svo reið, að hún sprakk, og langnefjan hún dóttir hennar og alt hitt galdra- hyskið hefir víst sprungið líka, því jeg hefi ekkert heyrt

um það síðan. En kóngssonur og brúðir hans frelsuðu
alt fólkið úr ánaudi, og tóku svo með sjer eins mikið gull
og gersemar, eins og hægt var að komast með, og fluttu
langt burtu úr höllinni fyrir austan sól og vestan mána.

Fylgdarsveinninn

EINU SINNI var bóndasonur. Hann dreymdi að hann ætti að eignast kóngsdóttur langt úti í löndum, og að hún væri hvít sem mjöll og rjóð sem blóð, og svo rík, að auðæfi hennar gengju aldrei til þurðar. Þegar hann vaknaði, sýndist honum hún standa ljóslifandi fyrir sjer og honum fanst hún svo fín og yndisleg, að hann gæti ekki lifað án hennar. Svo seldi hann alt sem hann átti, og fór út í heiminn, til þess að leita hennar. Hann fór langa vegu, og um veturinn kom hann í land, þar sem allir vegir voru þráðbeinir, svo að hvergi var bugða á þeim. Og þegar hann hafði haldið áfram eftir einum beina veginum í þrjá mánuði, kom hann í þorp, og þar lá stórt ísstykki fyrir utan kirkjudyrnar, en inni í ísnum var mannslík, og alt kirkjufólkið fussaði og sveiaði, þegar það gekk fram hjá. Þetta þótti piltinum skrítið, og þegar presturinn kom út úr kirkjunni, spurði hann þann góða mann, hvernig á þessu stæði. „Þetta er glæpamaður“, sagði presturinn. „Hann var líflátinn fyrir óguðleg verk, og settur í ís til háðungar“.

„Hvað gerði hann þá af sjer?“, spurði pilturinn.

„Hann var vínbruggari“, sagði presturinn, „og hann blandaði vínið með vatni“.

Það fanst piltinum ekkert sjerstaklega mikið illvirki, „og úr því hann hafði nú goldið fyrir það með lífinu, þá gætuð þið jarðað hann í vígðri mold, og lofað honum að hvíla í friði.“ En presturinn sagði, að það væri ekki hægt með neinu móti, fyrst þyrfti nú menn til þess að brjóta utan af honum ísinn, svo þyrfti peninga til þess að kaupa

honum legstað, peninga til þess að borga grafaranum. Svo varð að borga fyrir hringingu, söng og prestinum fyrir að kasta rekunum.

„Heldur þú, að nokkur vilji borga alt þetta fyrir líf-látinn syndara?“ spurði prestur.

„Já,“ sagði pilturinn, „ef þið bara komið honum í jörðina, þá skal jeg borga alt sem það kostar, þó ríkur sje jeg ekki“.

Presturinn færðist samt undan, en þegar pilturinn kom með tvo menn, og spurði klerk svo þeir heyrðu, hvort hann neitaði að jarða mann, þá svaraði hann, að það þyrði hann ekki að gera.

Svo var ísinn brotinn utan af bruggaranum og hann grafinn í vígðri mold, klukkum var hringt og sungið yfir honum, og presturinn kastaði rekunum og svo var höfð erfisdrykkja, svo mikil, að fólk bæði grjet og hló, en þegar pilturinn var búinn að borga allan kostnaðinn, átti hann ekki mikið af peningum eftir.

Hann lagði nú af stað aftur, en hafði ekki gengið lengi, þegar maður kom á eftir honum og spurði hann, hvort honum fyndist ekki leiðinlegt, að vera svona einn á ferð.

„Onei, það finst mjer ekki, jeg hefi altaf nóg að hugsa um“, sagði piltur.

Þá spurði maðurinn, hvort hann vantaði ekki þjón.

„Nei“, sagði pilturinn. „Jeg er vanur að vera minn eigin þjónn, þessvegna þarf jeg engan slíkan, og þótt mig langaði til að fá mjer þjón, þá hef jeg engin efni á því, því jeg á enga peninga til að borga honum í kaup“.

„Þjón þarftu, það veit jeg betur en þú“, sagði maðurinn, „og þú þarft þjón, sem þú getur treyst í lífi og dauða. Ef þú vilt ekki hafa mig fyrir þjón, þá getur þú tekið mig fyrir fylgdarsvein, jeg lofa þjer því, að verða þjer til mikils gagns, og ekki skal það kosta þig einn eyri, jeg skal sjálfur kosta fæði mitt og klæði“.

Já, pilturinn vildi gjarna fá fylgdarsvein með þessum

skilmálum, og síðan ferðuðust þeir saman. Og maðurinn gekk vanalega á undan og hafði leiðsögu.

Þegar þeir höfðu farið um mörg lönd, yfir ása og heiðar, komu þeir að þverhníptu bjargi. Þar barði fylgdarsveinninn á og kallaði og sagði: „Opnið þið“. Svo opnaðist bjargið fyrir þeim, og þegar þeir komu inn, kom þar tröllkerling með stóla og bauð þeim. „Þið skuluð fá ykkur sæti, þið munuð vera þreyttir“, sagði hún.

„Sestu sjálf“, sagði maðurinn. Svo varð hún að setjast niður, og varð föst við stólinn, því hann var þannig, að hann slepti ekki neinum, sem á hann settist. Svo lituðust þeir um í berginu, og þá sá fylgdarsveinninn sverð, sem hjekk yfir dyrunum. Það langaði hann til að eignast, og lofaði tröllkonunni, að sleppa henni af stólum, ef hann fengi sverðið.

„Nei“, æpti hún. „Biddu mig um alt annað. Alt annað getur þú fengið, en ekki þriggja systra sverðið mitt“. Þær áttu það saman þrjár systur. „Jæja, þá geturðu setið þarna til dómsdags“, sagði sveinninn. En þegar flagðið heyrði það, sagði hún, að hann skyldi fá sverðið, ef hann vildi sleppa henni af stólum.

Svo tók hann sverðið og fór með það, og ljet hana sitja fasta eftir sem áður.

Þegar þeir höfðu gengið lengi um nakin fjöll og víðar heiðar, komu þeir aftur að bergi. Þar barði fylgdarsveinninn á og skipaði að opna. Það fór eins og í fyrra skiftið, það var opnað fyrir þeim, og þegar þeir komu inn í bergið, kom tröllkona með stól og bauð þeim sæti, þeir hlytu að vera þreyttir, sagði hún.

„Sestu sjálf“, sagði fylgdarsveinninn, og svo fór fyrir henni eins og systur hennar, hún þorði ekki annað, og svo festist hún við stólinn, og gat sig ekki hreyft þaðan. Á meðan gengu pilturinn og fylgdarsveinninn um í herberginu, og fylgdarsveinninn opnaði alla skápa og skúffur, þangað til hann fann það sem hann var að leita að, en það var gullmen. Það vildi hann endilega fá, og lofaði

tröllkerlingunni, að hann skyldi sleppa henni af stólnum. Hún sagði, að hann mætti fá alt sem hún ætti, en menið vildi hún ekki missa, því að það væri Þriggjasystramenið hennar. En þegar hún heyrði að hún ætti að sitja kyr til dómsdags, ef hann fengi ekki menið, þá sagði hún að hann yrði víst að fá það, ef hann slepti sjer. Og fylgdarsveinninn tók menið, en lét tröllkonuna sitja fasta eftir sem áður.

Svo gengu þeir marga daga yfir heiðar og gegnum skóga, þangað til þeir komu aftur að standbergi. Þar fór eins og í fyrri skiftin, þeir börðu á bergið, og það opn- aðist; út kom tröllkerling með stól og bauð þeim sæti vegna þess að þeir væru þreyttir. En fylgdarsveinninn sagði: „Sittu sjálf“, og svo settist hún. Þeir höfðu ekki farið víða um í berginu, áður en þeir sáu gamlan hatt, sem hjekk á snaga bak við hurð. Hann vildi fylgdar- sveinninn fá, en kerlingin vildi ekki missa hann, því að hann var þrisystrahatturinn hennar, og ef hún gæfi hann eða ljeti af hendi, þá yrði hún æfinlega óhamingjusöm. En þegar hún heyrði, að hún ætti að sitja til dómsdags, ef hann fengi ekki hattinn, sagði hún að hann mætti fá hann, ef hann slepti henni lausri. En þegar fylgdarsveinninn hafði tekið hattinn, ljet hann hana sitja fasta eins og systur hennar.

Eftir langa ferð komu pilturinn og fylgdarsveinninn að sundi einu. Þá tók fylgdarsveinninn gullykilinn og kastaði honum yfirum sundið svo fast, að hann hrökk til baka aftur, og þegar hann hafði gert þetta nokkrum sinnum, var komin brú á sundið. Þessi brú var úr þræði gerð, og þegar þeir voru komnir yfir, sagði sveinninn við piltinn, að hann skyldi vinda upp þráðinn eins fljótt og hann mögulega gæti, því annars kæmu tröllkerlingarnar þrjár og rifu þá sundur. Piltur vatt upp þráðinn eins fljótt og honum var mögulegt, og þegar ekki var eftir nema endinn, komu tröllkerlingarnar þjótandi út í vatnið en náðu ekki í endann og druknuðu í sundinu. Þegar

þeir höfðu haldið áfram nokkra daga enn, sagði fylgdarsveinninn: „Nú komum við að höllinni, þar sem kóngsdóttirin er, sem þig hefir verið að dreyma um, og sem þú ert að leita að. Og þegar við komum þangað, skalt þú



Þær þutu út í vatnið,

fara inn og segja kónginum, alt sem þig hefir dreymt og hversvegna þú ert á ferðinni“.

Þegar þeir komu til hallarinnar, gerði piltur eins og honum var sagt, og var tekið vel á móti honum, hann fjekk herbergi fyrir sig, og annað handa sveini sínum, og þegar leið að því, að matmálstími kæmi, var honum boðið að borða með konunginum. Þegar hann fjekk að sjá kóngsdótturina, þekti hann hana undir eins og sá að það var hún, sem hann hafði dreymt um að hann ætti að fá fyrir konu. Hann sagði henni erindi sitt, og hún svaraði. að henni geðjaðist vel að honum, en fyrst yrði hann að leysa þrjár þrekraunir af hendi. Þegar búið var að borða, fjekk hún honum gullskæri og sagði: „Fyrsta þrautin er að geyma þessi skæri og fá mjer þau aftur á sama tíma á morgun, það er ekki erfitt, býst jeg

við“, sagði hún og hló, „en ef þú getur það ekki, þá missir þú lífið, slík eru lögin, og þá verður þú settur á hjól en höfuðið á stöng, eins og biðlarnir, sem þú sjerð höfuðkúpurnar af barna fyrir utan gluggana“. — Þar stóðu hauskúpur af mönnum á stöngum alt í kringum kóngshöllina, eins og hrafnar sitja á staurum á haustin.

Þetta var nú ekki mikill vandi, hugsaði piltur. — En kóngsdóttir var svo fjörug og kát, og ljek sjer svo mikið við piltinn, að hann gleymdi skærunum og sjálfum sjer, og hún náði þeim frá honum, án þess að hann yrði var við það. — Þegar hann kom upp í herbergið sitt um kvöldið, og sagði fylgdarsveininum hvernig alt hefði gengið, og um skærin, sem hún bað hann að geyma, þá sagði fylgdarsveinninn: „Þú hefir líklega skærin enn?“ Pilturinn fór í alla vasa sína, en þar voru engin skæri, og honum varð ekki um sel, þegar hann komst að því, að þau voru farin. „O, vertu rólegur, ætli jeg reyni ekki að ná í þau fyrir þig“, sagði fylgdarsveinninn, og fór niður í hesthúsið, þar stóð stóreflis geithafur, sem kóngsdóttirin átti, og hann hafði þá náttúru, að hann gat flogið mörgum sinnum hraðar en hann gekk. Svo tók sveinninn þrísystrasverðið, og sló því milli hornanna á hafrinum og sagði: „Hvenær riður kóngsdóttir til kærastans í nótt?“ Hafurinn kumraði og þorði ekkert að segja, en þá fjekk hann annað högg, og sagði að kóngsdóttir kæmi klukkan ellefu. Fylgdarsveinninn setti á sig Þrísystrahattinn, og varð þá ósýnilegur og beið svo þangað til kóngsdóttir kom. Og þegar hún kom, smurði hún hafurinn allan með einhverjum smyrslum, er hún hafði í stóru horni, og sagði: „Fljúgðu upp, fljúgðu upp, yfir fjöll yfir dal, yfir vatn, yfir sal, til kærastans sem bíður mín í berginu í nótt!“ Ekki var hún búin að sleppa orðinu, fyr en hafurinn fór af stað, og um leið settist fylgdarsveinninn á bak fyrir aftan hana, svo þaut hafurinn eins og vindur gegnum loftið, þau voru ekki

lengi á leiðinni. Alt í einu komu þau að standbergi, þar barði kóngsdóttirin að dyrum og svo fóru þau inn í bergið til tröllsins, sem var kærastinn hennar. „Nú er kominn nýr biðill, sem vill fá mig, góði minn“, sagði



Svo skellihlógu þau bæði tvö.

kóngsdóttir, „hann er ungur og fríður, en jeg vil ekki neinn annan en þig“, sagði hún og brosti framan í bergþursann. „Svo lagði jeg fyrir hann þraut, og hjer eru nú skærin, sem hann átti að geyma og gæta að, geymd þú þau nú“, sagði hún. — Svo skellihlógu þau bæði tvö eins

og pilturinn væri þegar kominn á höggstokkinn. „Já, jeg skal geyma skærin“, sagði bergþursinn, „og gæta að þeim, og það verð jeg, sem sit hjá kóngsdóttur, meðan hrafnar rífa piltinn“, sagði risinn, og setti skærin í járnskrín með þrem lásum fyrir, en um leið og hann slepti skærunum í skrínið, tók fylgdarsveinninn þau. Hvorugt þeirra gat sjeð hann, því hann hafði Þrísystrahattinn á höfðinu, og svo læsti tröllkarlinn aftur tómu skríninu, en lyklna geymdi hann í holum jaxli, sem hann hafði tannþínu í, þá gleymdi hann ekki hvar þeir væru, hjelt þursinn.

Þegar komið var yfir miðnætti, fór kóngsdóttir heim aftur. Fylgdarsveinninn sat á hafrinum fyrir aftan hana og þau voru ekki lengi á heimleiðinni.

Daginn eftir var piltinum boðið að konungsborði, en þá var það einhvern veginn svoleiðis með kóngsdóttur, að hún vildi ekki líta við piltinum. En þegar búið var að borða, setti hún upp sakleysissvip, gerði sig blíða í máli og sagði:

„Þú hefir kannske skærin, sem jeg bað þig að geyma í gær?“

„Ójá, hjerna eru þau nú“, sagði piltur, tók þau upp úr vasa sínum, og þeytti þeim á borðið, svo þau köstuðust hátt upp í loftið. Kóngsdóttur hefði ekki getað orðið ver við, þótt hann hefði kastað skærunum framan í hana. En samt gerði hún sig enn blíðari og sagði:

„Fyrst þú hefir gætt skæranna svona vel, þá getur ekki verið erfitt fyrir þig að geyma gullnistið mitt, og fá mjer það aftur í sama mund á morgun.“

„Nei, ætli það verði erfitt“, sagði pilturinn og stakk nistinu í vasa sinn. En þá fór hún að gera að gamni sínu við hann aftur, svo hann gleymdi bæði sjálfum sjer og nistinu, og meðan þau skemtu sjer allra best, náði hún því af honum án þess hann vissi.

Þegar hann kom upp í herbergið og sagði hvað þau höfðu sagt og gert, spurði fylgdarsveinninn:

„Þú hefir gullnistið líklega enn?“

„Já, það hefi jeg“, sagði piltur og fór í vasa sinn, þar sem hann hafði sett það. En nei, hann hafði ekkert gullnisti, og nú varð hann alveg ráðalaus aftur, og vissi ekki hvað hann átti við sig að gera.

„Nú, nú, vertu rólegur“, sagði fylgdarsveinninn. „Jeg verð að reyna að ná í það“, sagði hann, tók sverðið og hattinn og fór til járnsmiðs nokkurs og fjekk hann til þess að þyngja sverðið. Svo fór hann út í hesthúsið, og sló hafurinn svo mikið högg milli hornanna, að hann steyptist á höfuðið og svo spurði hann: „Hvenær ríður kóngsdóttir til kærastans í nótt?“

„Klukkan tólf“, kumraði hafurinn.

Fylgdarsveinninn setti aftur á sig Þrísystrahattinn og beið, þangað til kóngsdóttir kom þjótandi með hornið og fór að smyrja hafurinn. Svo sagði hún eins og í fyrra skiftið: „Fljúgðu upp, fljúgðu upp, yfir fjöll yfir dal, yfir vatn, yfir sal, til kærastans sem bíður mín í berginu í nótt!“ Um leið og hún fór af stað, stökk fylgdarsveinninn á bak hafrinum fyrir aftan hana, og svo þutu þau eins og vindur gegnum loftið. — Ekki leið á löngu þangað til þau komu að berginu, og eftir að hafa barið þrjú högg, komu þau inn til risans, sem var kærastinn hennar.

„Hvernig geymdurðu gullskærin, sem jeg fjekk þjer í gær, vinur minn“, sagði kóngsdóttir. „Biðillinn var með þau og fjekk mjer þau aftur“.

„Það er ómögulegt“, sagði þursinn, því hann hafði læst þau niður í skrín með þrem lásum fyrir og geymt lykilinn í hola jaxlinum sínum, en svo opnaði hann skrínið og gáði að, og þá voru engin skæri í skríninu. — Þá sagði kóngsdóttir honum, að hún hefði fengið biðlinum gullnistið sitt.

„Hjer er það“, sagði hún, „því jeg náði því af honum aftur án þess að hann yrði þess var, en hvað eigum við nú að gera við það úr því hann kann svona margt fyrir sjer?“

Ja, þursinn var nú ekki alveg viss um, hvað ætti að gera, en þegar þau höfðu hugsað sig um, tóku þau það til bragðs, að gera mikið bál og brenna gullnistið þar á, þá væru þau viss um að hann gæti ekki fundið það. En um leið og hún kastaði nistinu á bálið, stóð fylgdarsveinninn viðbúinn og greip það á lofti, og enginn sá það, því hann var með Þrisystrahattinn. Þegar kóngsdóttir hafði verið hjá þursanum um stund, og tók að líða að morgni, fór hún heim aftur, fylgdarsveinninn settist fyrir aftan hana á hafrinum, og ferðin gekk bæði fljótt og vel. Áður en pilturinn fór til miðdegisverðar, fjekk fylgdarsveinninn honum nistið. Kóngsdóttirin var enn snúðugri og teprulegri en daginn áður, og þegar bú-ið var að borða, herpti hún saman varirnar og sagði:

„Þú getur líklega ekki gert svo vel að láta mig fá nistið mitt aftur?“

„Jú,“ sagði piltur. „Það skaltu fá, hjer er það“ sagði hann og kastaði því á borðið, svo borðið skalf og nötr-aði og konungurinn hoppaði hátt upp í loftið.

Kóngsdóttir varð föl eins og nár, en hún gerði sig fljótt bliða á manninn aftur, og sagði að pilturinn væri duglegur, og nú væri aðeins ein lítil þraut eftir. — „Fyrst þú ert svona duglegur, þá geturðu líklega fengið handa mjer það sem jeg hugsa um, þangað til um þetta leyti á morgun. Getirðu það, þá skaltu fá mig fyrir konu“, sagði hún.

Piltur varð eins og hann hefði verið dæmdur til dauða, því honum fanst ómögulegt að vita um hvað hún væri að hugsa, og enn erfiðara að ná í það handa henni, og þegar hann kom upp í herbergið sitt, var hann því nær óhuggandi. En fylgdarsveinninn sagðist skyldi

ráða fram úr þessu, eins og hann hefði gert áður, og loksins ljet piltur það gott heita og lagðist til svefnis. Á meðan fór fylgdarsveinninn aftur til smiðsins, og ljet enn þyngja sverði með járn, og þegar það var búið, fór hann í hesthúsið og sló hafurinn svo fast milli hornanna að hann valt út að vegg.

„Hvenær fer kóngsdóttir til kærastans í nótt?“ sagði fylgdarsveinninn.

„Klukkan eitt“, kumraði hafurinn.

Þegar leið að þeim tíma, fór fylgdarsveinninn út í hesthúsið með hattinn á höfðinu, og þegar kóngsdóttir hafði smurt hafurinn og sagt eins og hún var vön, að hann skyldi fljúga til kærastans hennar, sem biði hennar í bjarginu, þá var enn lagt af stað, hraðar en fugl flygi, og fylgdarsveinninn sat fyrir aftan kóngsdóttur, en hann var ekki ljetthentur í þetta skifti, því hann bæði kleip hana og kreisti, svo hún var öll blá og bólgin. Þau komu að berginu og hún barði þar á svo það opnaðist og þau þutu inn í bjargið til kærastans hennar. Þegar þau komu þangað, bar hún sig illa og kvartaði um það að það væri einhver sem hefði barið bæði hana og hafurinn á leiðinni, svo hún væri öll lurkum lami. Síðan sagði hún, að biðillinn hefði líka komið með gullnistið, en hvernig hann hefði farið að því, skildi hvorki hún nje bergrisinn.

„En veistu upp á hverju jeg hefi nú fundið?“ sagði hún.

Nei, ekki gat tröllið vitað það.

„Jú“, svaraði hún, „jeg hefi sagt honum að hann verði að færa mjer það sem jeg hugsa um þangað til um matmálstíma á morgun, og það var höfuðið á þjer. Heldurðu nú góði minn, að hann geti fært mjer það?“ sagði kóngsdóttir og gældi við jötuninn.

„Það held jeg ekki“, sagði risinn, og svo sveiaði hann sjer upp á það, og hló og skrækta ógurlega af kæti, og

bæði hann og kóngsdóttir hjeldu að piltur myndi verða líflátinn, og hrafnar slíta bein hans, áður en hann næði höfði risans.

Þegar leið að morgni, ætlaði kóngsdóttir heim aftur, en hún var hrædd, sagði hún, því henni fanst einhver vera á eftir sjer, og þorði ekki að fara ein heim. Jú, risinn ætlaði að fylgja henni, og leiddi fram hafurinn sinn, því hann átti eins hafur og kóngsdóttir, og hann smurði hann allan líka. Þegar jötuninn var stiginn á bak, settist fylgdarsveinninn fyrir aftan hann, og svo var riðið í loftinu, en á leiðinni sló fylgdarsveinninn duglega bæði tröllið og hafurinn, gaf þeim högg eftir högg, og þau voru vel úti látin. Sá nú þursinn. að ekki var alt með feldu, svo hann fylgdi kóngsdóttur alveg heim að höll og beið svo nokkuð fyrir utan, til þess að sjá að hún kæmist heilu og höldnu heim. En um leið og hún lokaði dyrunum, hjó fylgdarsveinninn hausinn af risanum og hljóp með hann upp til piltins. „Hjer er það, sem kóngsdóttir hugsaði um“, sagði hún.

Já, ekki var það nú amalegt, og þegar pilturinn fór niður að borða, og á meðan á því stóð, var kóngsdóttir blíð eins og ánægður köttur. „Þú hefir kannske það sem jeg var að hugsa um“, spurði hún.

„Víst hefi jeg það“, sagði piltur, og hann dró fram höfuðið og sló því í borðið, svo borðið fór á annan endann. Kóngsdóttir varð hvít eins og lín, en hún gat ekki neitað því, að þetta væri það sem hún hafði hugsað um og nú varð hún að giftast honum, eins og hún hafði lofað. Síðan var drukkið brúðkaup, og varð mikil gleði um alt ríkið. En fylgdarsveinninn kom að máli við brúðgumann og sagði við hann, að hann yrði að gæta þess vel að láta sjer ekki koma dúr á auga brúðkaupsnóttina, hann skyldi bara látast sofa, en sofnaði hann, lægi líf hans við, ef hann hefði ekki fyrst losað konu sína við tröllhaminn, sem hún hefði, og hann átti piltur að hýða

af kóngsdóttur með níu birkigreinum, bundnum í vönd, og svo átti hann að þvo hann af henni í þrem böllum af mjólk, fyrst árgamalli mysu, svo upp úr súrmjólk og svo skola hana úr nýmjólk. Vöndurinn lá undir rúminu, en mjólkurbalarnir stóðu úti í horni, alt var til reiðu. Ja, piltur lofaði, að hann skyldi gera þetta, og fara alveg eins að eins og hinn sagði fyrir.

Þegar þau hjón voru háttuð um kvöldið, ljest piltur sofa. Kóngsdóttir reis þá upp á olnboga og gáði hvort hann svæfi og kitlaði hann á nefinu. Piltur bærði ekki á sjer. Þá tók hún í hárið á honum. En hann ljest sofa jafn fast og áður. Þá tók hún stóran hníf undan koddanum, og ætlaði að leggja til hans með honum, en hann þaut upp, sló hnífinn úr hendinni á henni, og greip í hárið á henni. Síðan hýddi hann hana með vendinum, þangað til ekkert var orðið eftir af honum. Svo dembdí hann henni niður í mysubalann, og þá sá hann fyrst, hvernig hún var, svört um allan skrokkinn, en þegar hann hafði skúrað hana upp úr mysunni og þvegið hana svo úr súrmjólk, var galdrahamurinn farinn af henni og hún orðin eins blíð og falleg og hún hafði fegurst verið áður, og meira en það.

Daginn eftir sagði fylgdarsveinninn, að nú yrðu þau að leggja af stað. Já, piltur var ferðbúinn og kóngsdóttir líka, því heimanmundurinn var löngu borgaður. Um nóttina hafði fylgdarsveinninn flutt alt það gull og silfur, sem tröllkarlinn hafði látið eftir sig í hellinum, til kóngshallar, og þegar þau ætluðu að leggja af stað, var alstaðar svo fult af gulli og gimsteinum, að varla var hægt að þverfóta fyrir því; heimanmundurinn var meira virði en lönd og ríki konungsins, og þau höfðu ekki hugmynd um hvernig þau ættu að komast með þetta allt með sjer. En fylgdarsveinninn var ekki ráðalaus fremur en vant var. Tröllkarlinn hafði átt sex hafra, sem gátu flogið. Á þessa hafra var nú sett svo mikið af gulli og gersemum,

að þeir gátu ekki flogið með það, heldur urðu að ganga, eins og hverjar aðrar skepnur, en það sem þeir ekki gátu borið, var skilið eftir í kóngsgarði, Svo ferðuðust þau langar leiðir, en að lokum urðu hafrarnir svo þreyttir og uppgefnir, að þeir gátu ekki gengið lengur. Pilturinn og prinsessan hans vissu nú ekkert hvað til bragðs skyldi taka, en þegar fylgdarsveinninn sá, að þau komust ekki lengra, tók hann allan heimanmundinn á bakið, setti hafrana þar ofan á og bar þetta allt svo langt, að ekki var nema spölur heim til piltisins. Þá sagði fylgdarsveinninn. „Nú verð ég að skilja við þig, jeg get ekki verið lengur með þjer“. En pilturinn vildi ómögulega missa hann, svo hann fylgdi þeim síðasta spottann heim, en þangað vildi hann ekki fara, hve mikið, sem piltur bað hann, ekki einu sinni fá sjer svaladrykk hjá föður piltisins. Svo spurði piltur, hvað hann vildi fá fyrir alla hjálpinna. „Ef það á nokkuð að vera“, sagði fylgdarsveinninn, „þá skulum við segja helminginn af öllu sem þú eignast á næstu 5 árum“. Já, pilti fanst það ekki nema sjálfsagt.

Þegar fylgdarsveinninn var farinn, fór piltur með konu sína heim, en skildi eftir öll auðæfin. Svo var slegið upp veislu svo mikilli að kátinan heyrðist um 7 konungsríki, og þegar henni var lokið, var kominn vetur, og piltur og faðir hans tóku hafrana sex og tólf hesta, sem faðirinn átti og óku öllum auðæfunum heim.

Eftir fimm ár kom fylgdarsveinninn aftur og átti að fá sitt, og pilturinn var þegar búinn að skifta öllu í tvo jafna hluta.

„En það er eitt, sem þú ekki hefir skift“, sagði fylgdarsveinninn.

„Hvað er það?“ sagði hinn. „Jeg hjelt jeg hefði skift öllu“.

„Þú hefir eignast barn“, sagði fylgdarsveinninn. „Því verðurðu að skifta í tvo hluta“.


Jú, það var það. Piltur greip sverðið, en um leið og

hann ætlaði að höggva, greip fylgdarsveinninn í sverðið, svo hann gat það ekki.

„Þótti þjer ekki vænt um að þú fjekst ekki að höggva?“ sagði hann.

„Jú, svo glaður hefi jeg aldrei orðið“, sagði piltur.

„En svo glaður varð jeg, þegar þú bjargaðir mjer úr ísstykkinu“, sagði fylgdarsveinninn. „Haf þú alt sem þú átt, ekki þarf jeg neins með, því jeg er svífandi andi“, sagði hann. Hann var þá vínbruggarinn, sem var í ísstykkinu fyrir framan kirkjudyrnar forðum, sem allir sveijuðu, og hann hafði verið fylgdarsveinn píltsins og hjálpað honum, vegna þess að hann gaf alt sem hann átti, til þess að fá honum frið í vígðum reit. Hann hafði fengið að fylgja honum í ár, og það var liðið, síðast er þeir skildu. Svo hafði hann nú fengið að sjá hann aftur, en nú urðu þeir að skilja fyrir fult og alt, því nú kölluðu allar klukkur Himnaríkis á fylgdarsveininn.



Umlí litli úr gæsaregginu

EINU SINNI VORU FIMM KERLINGAR, sem voru úti á akri að skera upp korn. Allar voru þær barnlausar, og allar óskuðu þær að eiga barn. Alt í einu sáu þær einkennilega stórt gæsaregg, næstum því eins stórt og mannshöfuð. „Jeg sá það fyrst“, æpti ein þeirra. „Jeg sá það jafnsnemma og þú“, skrækti önnur. „Jeg vil fá eggið, því það var jeg, sem sá það fyrst“, sagði sú þriðja. Svona hjeldu þær áfram og rifust svo mikið um eggið, að þeim lá við áflogum.

En svo komu þær sjer saman um að þær skyldu eiga það saman allar fimm, og að þær skyldu liggja á því, eins og gæsin gerir, og unga því út. Sú fyrsta lá á egginu í heila viku og gerði ekki nokkurn hlut, en hinar urðu að þræla fyrir matnum, bæði handa sjer og henni. Og svo fór ein hinna að skamma hana fyrir þetta.

„Þú komst heldur ekki úr egginu, fyr en þú gatst skríkt“, sagði sú, sem lá á, „en jeg held nú að verði meira úr því, sem er í þessu eggi, heldur en þjer, því mjer heyrst það umla eitthvað um síld og graut og mjólk. En nú getur þú legið á í viku, og þá getum við hinar þrælað fyrir matnum handa þjer“.

Þegar sú fimta var líka búin að liggja á í viku, heyrði hún vel, að það var umlað í egginu um síld og graut og mjólk, og svo braut hún gat á eggið, en í stað gæsarunga kom út barn og það var svo ljótt, með stórt höfuð og lítinn skrokk, og það fyrsta, sem það umlaði um, þegar það kom í dagsljósið, var um síld og graut og mjólk. Því kölluðu þær barnið Umla litla úr gæsaregginu.

Þótt krakkinn væri ljótur, þótti þeim þó vænt um hann, en það leið ekki á löngu þangað til hann varð svo gráðugur, að hann át upp allan mat, sem þær höfðu. Þegar þær suðu sjer graut, jafnvel heilan pott, sem þær hjeldu að væri nógur handa þeim öllum sex, þá hámaði Umlí það alt í sig. Svo vildu þær ekki hafa hann lengur. „Jeg hefi bara aldrei fengið nóg að borða, síðan þessi umskiftingur skreið úr egginu“, sagði ein þeirra, og þegar Umlí heyrði að þær voru þessu allar samþykkar, sagði hann að hann gæti svo sem farið, ef þær þyrftu sín ekki með, þá þyrfti hann þeirra heldur ekki, og með það hljóp hann á burtu.

Eftir að hafa gengið lengi, kom hann að bóndabæ, sem stóð á hrjóstrugu svæði, og það um atvinnu, — jú, þeir þyrftu þar vinnumann og sögðu honum að tína grjót af akrinum. Þetta gerði Umlí og hann tók bæði stóra stein og smáa og hve stórir sem þeir voru, stakk hann þeim í vasa sinn. Það leið ekki á löngu áður en hann hafði lokið þessu verki, og svo vildi hann fá að vita, hvað hann ætti að gera meira.

„Þú verður að taka alla steinana af akrinum“, sagði bóndinn, „það er ómögulegt að þú sjert búinn“.

En Umlí tók þá steinana úr vösum sínum, og kastaði þeim öllum í eina hrúgu, og það varð nú engin smáhrúga. Þegar bóndinn sá, hve stór hún var, varð hann alveg steinhissa á, hve nýi vinnumaðurinn var sterkur, og bauð honum að koma inn og fá að borða. Það fanst Umla þjórdráð og hann át alt, sem búið hafði verið til af mat, bæði handa húsbændum og hjúum, og fjekk samt ekki í sig hálfan.

Já, hann var enginn letingi piltur sá, hvorki að vinna nje að jeta, það stóð alt á botni í honum, hugsaði bóndi. „Svona vinnumaður jetur hvern bónda út á gaddinn“, sagði hann. — „Þú verður að fara eitthvað annað, drengur minn, jeg hefi engin efni á að fæða svona átvagl!“

En þá fór Umlí til kóngsins og fjekk þar strax vinnu, og hjá konungi var nóg bæði um mat og vinnu. Hann átti að vera þar vikadrengur og hjálpa stúlkunum að bera vatn og ýmislegt smávegis.

Svo spurði hann, hvað hann ætti að gera fyrst.

„Það er best að þú höggvir svolítinn við í eldinn“, sögðu þær.

Jú, Umlí fór að höggva eldivið og hjó svo, að spænnirir fuku kringum hann, og það leið ekki á löngu áður en hann var búinn að höggva upp allan við, sem til var, jafnvel stóreflis trje, og þegar hann var búinn, kom hann og spurði, hvað hann ætti nú að gera.

„Þú getur haldið áfram að höggva“, sagði ráðsmaðurinn.

„Onei, það get jeg ekki, jeg er búinn með allan viðinn“, sagði Umlí.

Eitthvað væri það nú skrítið, hugsaði ráðsmaðurinn, og fór svo að gæta að. Ójú, alt var upphöggvið, og svo skipaði ráðsmaðurinn Umla að fara út í skóg og fella jafnmikið af trjám, eins og viðurinn væri mikill, sem hann hefði höggvið í eldinn.

Umlí fór nú út í smiðju og fjekk smiðinn til þess að smíða handa sjer öxi úr átta vættum af jární, svo fór hann út í skóginn og fór að höggva, hann var nú ekki að velja úr trjánum drengurinn sá, hann hjó alt sem fyrir var, bæði í skóginum, sem kóngur átti og í skógi nágrannans, og hann ljet trjen liggja þar sem þau voru komin, svo skógurinn leit út eins og eftir fellibyl. Svo setti hann heldur mikið af viði á sleðann, sem hann var með, og marga hesta fyrir, en þeir hreyfðu ekki sleðann. Þá tók hann í hausana á hestunum og ætlaði að drága þá áfram, en þá fór hvorki betur nje ver en svo, að hausarnir fóru af hestunum. Umlí velti þá skrokkunum burtu og dró sleðann sjálfur heim.

Þegar hann kom heim til hallarinnar, stóð kóngur og

timburmeistari hans úti, og tóku á móti honum, og skömmuðu hann fyrir það, hve illa hann hefði farið með skóginn, það hafði timburmeistarinn sjeð. — En þegar Umlí kom með hálfan skóginn, varð kóngur bæði hræddur og reiður, og hugsaði sjer, að best væri að fara varlega að þessum vinnumanni, fyrst hann væri svo sterkur.

„Þú ert meiri vinnubjarkurinn“, sagði kóngur, „en hve mikið borðar þú í einu“, bætti hann svo við, „því þú ert víst svangur?“

„Ef jeg á að fá almennilegan graut, þá þarf í hann tólf tunnur af mjóli“, sagði Umlí úr gæsaregginu, „en ef þetta er gert, þá verð jeg saddur þó nokkra stund“.

Það tók nú tíma að búa til svo mikið af graut, og á meðan átti Umlí að bera inn við handa eldamanninum að sjóða við. Þá setti Umlí allan hauginn af eldiviði á sleða, en þegar hann ætlaði með hann inn gegnum eldhúsdyrnar, fór heldur að versna, hann tók svo fast á, að húsið skekkist alt á grunninum, og brakaði og brast í öllu, það lá við sjálfst að öll kóngshöllin hryndi. Þegar leið að því að maturinn væri tilbúinn, var honum sagt að kalla á fólkið að borða, það var út á akri að vinna. Og hann hrópaði svo hátt að undir tók í öllum hæðum og fjöllum, en þegar honum fanst það ekki koma nógu fljótt, þá reiddist hann svo, að hann sló tólf vinnumenn í rot, þegar þeir komu.

„Hann rotaði tólf“, sagði kóngurinn, „og hann jetur á við mörgum sinnum tólf, en á við hvað marga geturðu unnið?“

„Á við mörgum sinnum tólf líka“, svaraði Umlí.

Þegar Umlí hafði fengið að borða, átti hann að fara út í hlöðu og þreskja. Þá gerði hann sjer lítið fyrir og tók mæniásinn úr hlöðunni, og þreksti með honum. En af því þakið fór heldur að síga, þegar undan var mæniásinn, tók Umlí heilt grenitrje með greinum og öllu

saman og setti það fyrir mænirás, og svo lamdi hann alt í einu, korn og hey og hálm. Það urðu ekki góð vinnubrögð, því alt fór í einn graut, og rykið stóð í mekki kringum alla kóngshöllina.

Þegar Umli var næstum búinn að þreskja, frjettist það að það væri að koma stríð, og her sækti inn í landið. Þá sagði konungur honum, að hann yrði að taka með sjer menn, fara móti óvinunum og stríða við þá, því hann bjóst við að þá yrði Umli drepinn. Onei, Umli sagðist ekki vilja hafa með sjer menn, til þess eins að þeir yrðu drepnir. „Jeg skal berjast einn“, sagði hann.

Því betra, þess fyr losna jeg við hann, hugsaði kóngur.

En sæmilega kylfu varð hann að hafa.

Þá var sent eftir smíð, og hann smíðaði fimm vætta kylfu. „Þessi væri nú góð til þess að brjóta hnetur með“ sagði Umli. Svo var smíðuð ein fíntán vætta þung, og Umli sagði að hún væri ágæt til þess að negla litla nagla. Ja, stærri kylfu gat smíðurinn ekki smíðað með sínum mönnum. Þá fór Umli sjálfur í smíðju og bjó til kylfu, sem var 15 skippund á þyngd, og það þurfti hundrað menn til þess að snúa henni á steðjanum. Þessi kylfa hjelt Umli að myndi duga. En svo varð hann nú aðeins að hafa með sjer nesti, þá var búinn til malpoki úr 15 nautshúðum, og troðinn fullur af mat, og svo labbaði Umli af stað með kylfuna um öxl og pokann á bakinu.

Þegar Umli kom svo langt, að hann sá óvinaherinn, sendu þeir til hans mann, sem spurði hann, hvort hann ætti að berjast við þá.

„Bíðið þið bara, þangað til jeg er búinn að jeta“, sagði Umli úr gæsaregginu, lagðist niður og fór að jeta á bak við malpokann sinn.

En þeir vildu ekki aldeilis bíða, heldur fóru að skjóta á hann straks, og það rigndi yfir hann riffilkúlunum.

„Svona krækiber er mjer nú sama um,“ sagði Umli, og hjelt áfram að jeta, það beit hvorki á hann blý nje

járn, og matarpokinn stóð fyrir framan hann eins og veggur og tók við mörgum kúlunum.

Svo fóru hinir að kasta sprengjum og skjóta úr fallbyssum. Umlí glotti svolítið við hvert skeyti sem í hann kom.

„Ekki dugir þetta, piltar,“ kallaði hann. En svo hrökk ofaní hann sprengikúla.

„Svei“ sagði Umlí og spýtti henni út úr sjer, en um leið kom önnur kúla og sundraði fyrir honum smjör-öskjunum, og ein tók kjötstykkið sem hann var að borða og fleygði því langar leiðir.

Þá reiddist Umlí, stóð upp, tók kylfuna og lamdi henni í jörðina og spurði hvort þeir ætluðu ekki að láta hann hafa matfrið fyrir þessum bláberjum, sem þeir bljesu á hann úr þessum ljótu járnhólkum sínum. Svo sló hann nokkur högg í viðbót svo fjöll og ásar hristust og skulfu, og óvinirnir þeyttust í allar áttir, og svo var það stríðið búið.

En þegar hann kom heim aftur, og vildi fá meira að gera, varð kóngur fár við, því hann hjelt, að nú væri hann laus við Umla. Og nú vissi hann engin önnur ráð, en að senda hann til helvítis.

„Til fjandans verður þú að fara, og rukka hann um landsskuldina,“ sagði hann. Umlí af stað með malinn á bakinu og kylfuna um öxl, hann var ekki lengi á leiðinni, en þegar hann kom til vítis, var skolli að yfirheyra glataðar sálir. Enginn var annar heima en amma hans og hún sagði að hún hefði aldrei heyrt neina landsskuld nefnda og bað hann koma aftur seinna.

„Ekkert slúður.“ sagði hann. „Fyrst jeg er kominn hingað þá verð jeg hjer þangað til jeg fæ landskuldina og ekki hefi jeg mikinn tíma til að bíða, því mjer liggur á. En þegar hann var búinn með nestið, fór honum að finnast tíminn lengi að líða, fór aftur að nauða við ömmu gamla karlsins um landskuldina, og sagði, að nú yrði að borga hana.

„Nei, ekki aldeilis,“ sagði hún. „Það læt jeg mig ekki með, það er eins víst eins og að gamla furan stendur barna fyrir utan hliðið.“ Þessi fura fyrir utan hlið vítis var svo stór, að fimtán menn náðu ekki utan um hana, þótt þeir hjeldu saman höndum. En Umli klifraði upp í trjeð og sneri upp á digrustu greinarnar, eins og þær væru smákvistar, og spurði svo ömmu ljóta karlsins hvort hún vildi nú borga landskuldina.

Jú, þá þorði gamla frúin ekki annað, og smalaði saman svo miklu af peningum, að Umli gat rjett borið það í malnum sínum. Svo lagði hann af stað með landskuldina og rjett eftir að hann var farinn, kom fjandinn heim. Þegar hann heyrði að Umli hafði farið úr hans heimkynnum með fullan poka af peningum, skammaði hann ömmu sína fyrst, og elti svo Umla. Og hann náði honum líka, því hann hafði ekkert að bera og var vængjaður að auki, en Umli varð að halda sjer við jörðina með þunga pokann sinn, en þegar kölski fór að nálgast hann, flýtti Umli sjer allt hann orkaði, og hjelt kylfunni fyrir aftan sig, til þess að verjast þeim gamla. Og svona gekk það, Umli hjelt í skaftið og kölski reyndi að ná í kylfuna, svo komu þeir að djúpum dal, og yfir hann stökk Umli, fjallanna á milli og kölski var svo óður í að ná í hann að hann rauk á eftir, rakst á kylfuna og datt niður í dalinn, og við það meiddi hann sig í fætinum, og gat ekki elt Umla lengur.

„Parna er landskuldin,“ sagði Umli, þegar hann kom til kongsins, og kastaði til hans peningapokanum, svo brakaði og brast í öllu. Kóngur þakkaði og ljet sem sjer líkaði þetta mjög vel, lofaði honum góðum launum, og heimferðarleyfi, ef hann vildi, en Umli vildi bara vinna meira.

„Hvað á jeg nú að gera?“ spurði hann.

Jú, þegar kóngur var búinn að hugsa sig um, sagði hann að hann yrði að fara til risans, sem hefði stolið dýrmætu sverði, sem kóngur hefði erft eftir afa sinn,

og ná sverðinu af honum. En þessi risi átti heima í höll einni niður við sjó, og þorði einginn að heimsækja hann.

Umli fjekk nú aftur fullan stóra malinn sinn af mat í nestið og lagði svo af stað aftur. Hann fór langar leiðir yfir fjöll og drungalegar heiðar, þangað til að hann kom að björgum nokkrum, og þar átti nú þursi sá að vera, sem tekið hafði sverðið kóngsins, sem afi hans hafði átt.

En tröllíð var ekki úti við, og bergið var lokað, svo Umli gat ekki komist inn.

Svo slóst hann í för með nokkrum mönnum sem hjeldu sig á bæ nærri björgunum og unnu að því að höggva grjót Þeir höfðu aldrei þekkt annan eins vinnugarp eins og Umla, því hann sló bara á bjargið með kylfunni sinni, og þá rigndi grjótinu niður, og sumir steinarnir voru eins stórir og hús, en þegar hann ætlaði að hvíla sig um miðdegið, og fá sjer bita, þá var búið að jeta helm-inginn úr stóra malnum hans.

„Jeg hefi nú venjulega sæmilega matarlyst sjálfur,“ sagði Umli, „en sá sem hjer hefir verið að verki hefir verið enn gráðugri, því hann hefir jetið beinin líka.“

Svona fór það fyrsta daginn, og ekki betur þann næsta því þá var aftur jetinn helmingurinn af matnum. Þriðja daginn tók Umli með sjer það sem eftir var af matnum en þá lagðist hann niður hjá matarpokanum og ljet sem hann svæfi.

Þá kom út úr berginu ógurlegur þursi með 7 hausa og fór að smakka á matnum hans, og sá smakkaði nú duglega.

„Nú er maturinn til reiðu, nú skal maður jeta,“ kjamsaði risinn.

„Við skulum nú sjá, hvernig það gengur,“ sagði Umli rauk upp og sló með kylfunni, svo hausarnir fuku af tröllinu í allar áttir.

Svo fór hann inn í fjallið, sem risinn hafði skilið eftir

opið, og þar inni stóð hestur og át úr tunnu með elds-glóðum í, en fyrir aftan hann stóð heypoki.

„Hversvegna jetur þú ekki úr heypokanum?“ spurði Umli.

„Af því að jeg get ekki snúið mjer við,“ sagði hesturinn

„Jeg skal snúa þjer,“ sagði Umli.

„Höggðu heldur af mjer höfuðið,“ sagði hesturinn.

Umli gerði það, og þá varð hesturinn að fallegasta pilti, hann sagði að þursinn hefði breytt sjer í hest, og svo hjálpaði hann Umla að finna sverðið, sem þursinn hafði falið í fleti sínu, en í rúminu lá langamma risans og hraut hástöfum.

Svo fengu þeir sjer bát og fóru sjóleiðis heim, en þegar þeir voru komnir af stað, vaknaði tröllkerlingin og kom á eftir þeim, en þegar hún sá, að hún næði þeim ekki, fór hún að drekka sjóinn, og drakk svo mikið, að það sást glögt að hann minkaði, en þá sprakk hún.

Þegar þeir komu í land, sendi Umli boð til kóngsins, að hann kæmi og sækti sverðið. Hann sendi fjóra hesta og þeir hreyfðu það ekki, hann sendi átta og hann sendi tólf, en ekki gátu þeir hreyft sverðið, en þá tók Umli það einn og bar það heim til kóngshallar.

Kóngur trúði ekki sínum eigin augum, þegar hann sá Umla aftur, en hann ljest vera hinn glaðasti og lofaði honum gulli og grænum skógum, og þegar Umli vildi fá meira að gera, sagði kóngur, að hann gæti farið til galdrahallar einnar, sem hann átti, þar sem einginn þyrði að búa, ef hann gæti haldist þar við, skyldi hann vinna að því, að byggja brú yfir sundið, svo fólk gæti komist þangað; gæti Umli það, skyldi hann launa honum vel, já gjarna gefa honum dóttur sína, sagði hann.

„Jú, ætli jeg geti þetta ekki,“ sagði Umli.

Aldrei hafði nokkur maður komist lífs af úr galdrahöllinni, og kóngur hjelt að nú væri víst, að hann sæi Umla aldrei frammar, fyrst hann hafði sent hann þangað.

En Umli lagði af stað, hann tók með sjer nestismalinn

sinn, og hæfilega stóra kylfu, viðaröxi og nokkuð fleira af smíðatólum, og fjekk sjer til fylgðar piltkorn nokkurt, sem var niðursetningur hjá kónginum.



Umli spilar við Kölska

Þegar þeir komu að sundinu, var það fullt af íshröngli og straumurinn þar að auki stríður eins og í fljóti, en hann óð bara yfir, eins og þetta væri smálækur.

Svo komst hann í höllina, kveikti upp eld og fór að orna sjer og matreiða, og lagðist síðan til svefns. En

hann fjekk ekki lengi frið til þess að sofa, því brátt heyrðist svo mikið brak og brestir, að það var eins og allri höllinni væri snúið við. Dyrnar skullu upp á gátt, og Umlí sá ekki annað en eitt gapandi gin í öllum dyrunum.

„Ef þig langar í bita, þá færðu hann hjer,“ sagði Umlí og kastaði heilu nauðslæri upp í ginið í dyrunum. „Lof mjer svo að sjá, hver þú ert, kanske jeg kannist við þig?“

Ójú, ekki vantaði það, því að þetta var enginn annar en kölski sjálfur sem var á ferðinni. Þeir fóru nú að spila, því sá gamli satan ætlaði að reyna að græða eitthvað af landskuldinni aftur af Umla. En hvernig sem spilað var, græddi Umlí altaf, því hann gerði krossmark á hæstu spilin, og þegar Umlí var búinn að græða allt sem fjandinn hafði á sjer, varð sá gamli að grípa til gulls og silfurs, sem hann átti geymt í höllinni.

Allt í einu slokknaði eldurinn fyrir þeim, og það varð svo dimmt, að þeir sáu ekki lengur á spilin.

„Nú verðum við að höggva okkur í eldinn,“ sagði Umlí, og hjó viðaröxinni í trjedrumb, og rak í fleyg en drumburinn vildi ekki klofna straks, hvernig sem Umlí reyndi að ná honum í sundur. „Þeir segja að þú sjert sterkur,“ sagði Umlí við kölska. „Spýttu nú í lófana og reyndu að kljúfa drumbinn, svo við getum fengið eld og haldið áfram að spila.“

Þetta gjörði sá gamli, fór með báðar hendur í sprunguna í drumbnum og togaði allt hvað af tók, eu um leið sló Umlí fleyginn úr, svo skratti var fastur, og síðan reyndi Umlí öxarhamarinn á bakinu á honum. Kölski bað sem best hann kunni, um að fá að losna, en það vildi Umlí ekki heyra nefnt, áður en sá gamli lofaði að hann skyldi ekki koma í höllina frammar og gera þar brak og braml, og svo varð hann líka að lofa að byggja brú yfir sundið, og sú brú átti að vera svo vönduð, að menn gætu gengið þar yfir allann ársins hring, og

hún átti að vera fullgerð, þegar ísinn væri leystur af sundinu.

„Þetta eru hörð kjör“, sagði kölski.

En það þýddi ekki að tala um það, ef hann vildi losna, varð hann að lofa þessu. En hann bað um það, að hann fengi sálina úr fyrstu manneskjunni, sem færi yfir brúna. Það átti að vera brúartollurinn.

Umlí sagði að það gæti hann fengið, sleppti honum svo og var hann þá ekki lengi að fara heim til sín. En Umlí fór að sofa og svaf það sem eftir var nætur, og langt fram á dag.

Þegar kóngur svo kom í gandreid, — því hann kunní nú sitt af hverju, gamli maðurinn, — þá varð hann ekki lítið hissa, þegar hann þurfti að vaða í peningum að rúminu hans Umla, og þar lá hann og steinsvaf. Og kóngi brá í brún, því hann hjelt, að ekkert væri eftir af Umla, og svo tautaði hann: „Hjálpí mjer og dóttir minni nú allir heilagir,“ sagði hann, þegar hann sá að Umlí var ljóslifandi. Jú allt hafði hann gert sem hann átti að gera, því var ekki hægt að neita, en ekki er nú vert að tala um brúðkaup, fyrr en brúin er búin, sagði hann.

En einn góðan veðurdag var brúin fullgerð, og kölski stóð á henni og vildi fá brúartollinn.

Umlí vildi fá kónginn með sjer að reyna brúna, en kóngi leist ekki á þá ferð. Þá steig Umlí á bak sterkasta hestinum í kóngsgarði, setti eldabusku kóningsins á bak fyrir framan sig, hún leit út nærri því eins og digur trjedrumbur, — og svo reið hann út á brúna, svo glumdi í henni.

„Hvar er brúartollurinn?“ spurði fjandinn, og var farið að síga í hann. „Hvar er sálin, sem þú lofaðir mjer?“

„Hún er nú í þessum drumb, ef þú vilt fá hana,“ sagði Umlí.

„Nei, þakka þjer fyrir,“ sagði skolli. „Jeg er hræddur við hana þessa. Þú hefir einu sinni komið mjer í klípu,

og jeg kæri mig ekki um aðra.“ Og svo rauk sá gamli burtu, og sást þar ekki meir.

En Umli fór heim til kóngshallar, og vildi fá þau laun sem kóngur hafði heitið honum, og þegar kóngurinn fór að koma með undanbrögð, og ætlaði að fara að svíkja Umli, þá sagði Umli að það væri best, að hann byggi sjer út nestispoka, þá skyldi hann sjálfur sækja sín laun. Kóngur varð dauðfeginn, og bjó sjálfur út nestið en þegar malurinn var tilbúinn, greip Umli hann í aðra hendina og kónginn í hina, og henti þeim báðum upp í loftið, malnum á eftir, svo kóngur yrði ekki matarlaus, og ef hann er ekki kominn niður, þá svífur hann einhversstaðar milli himins og jarðar með malpokan sinn, enn í dag.

Kongsdæturnar þrjár í berginu blá

ÞAÐ VAR EINU SINNI konungur og drottning, sem áttu engin börn, og þau tóku þetta svo nærri sjer, að þau litu varla glaðan dag. Einn dag stóð konungurinn úti á svölunum á höllinni sinni, og leit yfir allt sitt mikla land, og allt sem hann átti. Það var nógu mikið og rúmlega það, en honum fannst hann ekki hafa neina ánægju af því, þegar hann vissi ekki hvað myndi verða af því öllu eftir sinn dag. Og meðan hann stóð þarna hugsandi, kom gömul förukona, sem flakkaði og bað um smágjafir í guðsnafni. Hún heilsaði og hneigði sig og spurði, hvað gengi að konunginum, fyrst hann væri svona sorgmæddur á svipinn. „Þú getur ekkert gert við því, kona góð“, sagði konungurinn, „það þýðir ekkert að segja þjer frá því“. Það gæti nú samt verið“, sagði betlikerlingin,




Kónginum leiddist

„það þarf oft lítið til, þegar lukkan vill. Konungurinn er að hugsa um það, að hann eigi engan erfingja, til þess að taka við löndum og ríki, en út af því þarf hann ekki að hafa áhyggjur“, sagði hún, og bætti við, að konungurinn myndi eignast þrjár dætur með drottningu sinni, en hann yrði að gæta þeirra vel, svo að þær kæmu ekki undir bert loft fyrr en þær væru

orðnar fimtán ára gamlar því annars kæmi snjóský og tæki þær.

Þegar þar að kom, eignaðist drotningin fallett stúlku-barn. Árið eftir fór á sömu leið, og eins það þriðja. Konungurinn og drotningin urðu svo glöð, að því er ekki hægt



Fyrsta kóngsdóttirin.

að lýsa, en þó konungur væri glaður, mundi hann eftir að setja vörð við dyrnar, svo dætur hans kæmst ekki út. — Þegar litlu prinsessurnar uxu upp, urðu þær bæði fallegar og vænar, og vel leið þeim á allan hátt. Það eina sem var að, var það, að þær fengu ekki að fara út til að leika sjer eins og önnur börn, en hvað mikið sem þær báðu foreldra sína, og reyndu að leika á varðmennina, þá kom það ekki að neinu gagni, því að ekki máttu þær fara út, fyrr en þær voru orðnar 15 ára.



„Góði varðmaður, lofaðu okkur út“.

Svo var það einn dag, ekki löngu áður en yngsta kóngsdóttirin átti fimtán ára afmæli. Konungurinn og drotningin voru úti að aka í vagni sínum í góða veðrinu, en kóngsdæturnar stóðu við gluggann og horfðu út. Sólin skein, og alt var svo fagurt og grænt, að þeim fanst, að þær mættu til að komast út, — það yrði þá að fara eins og fara vildi. Svo grátbáðu þær allar varðmanninn að leyfa sjer út í garðinn; hann gæti sjálfur sjeð, hvað hlýtt og fallett væri úti, — það gæti aldrei komið snjóský og vetr

arveður á slíkum degi. Ja, varðmanninum fanst nú satt að segja ekki vera miklar líkur til þess, og ef þær endilega vildu og yrðu að fara út, þá skyldu þær fá það, sagði hann, en það mætti ekki vera nema örstutta stund og sjálfur ætlaði hann að fara með þeim og gæta þeirra. Þegar þau komu niður í garðinn, brugðu stúlurnar á leik, hlupu og stukku, og tíndu fult fangið af blómum. Loksins gátu þær ekki borið meira, en þegar þær ætluðu inn aftur, sáu þær stóra rós, sem óx í hinu horninu í garðinum. Hún var miklu fallettri en öll hin blómin, sem þær höfðu fundið, svo hana máttu þær til með að ná í. En um leið og þær beygðu sig niður og ætluðu að taka rósina, kom snjóský og tók þær, og bar þær burt með sjer.

Nú varð sorg og söknuður um alt landið, og konungurinn ljét tilkynna við hverja kirkju, að sá sem gæti

frelsað dætur hans, skyldi fá hálftríkið og gullkórónuna hans, og hverja af prinsessunum fyrir konu, sem hann vildi. Og það var nóg af mönnum til, sem vildu vinna til helmingsins af ríkinu og prinsessu í viðbót, ekki vantaði það, og bæði fátækir og ríkir úr öllu landinu lögðu af stað til þess að leita. En enginn gat fundið kóngsdæturnar, ekki einu sinni fengið neitt að vita um það, hvar þær væru niðurkomnar.

Og þegar nú allir þeir æðstu og tignustu í landinu höfðu farið að leita, þá voru tveir liðsforingjar, kapteinn og undirforingi, sem ætluðu að reyna. O, já, kóngurinn ljét þá svo sem hafa nóg silfur og gull til ferðarinnar, og óskaði svo að þeim gengi vel í viðbót.

En svo var það hermaður, sem átti heima í litlu húsi nálægt kóngshöllinni, bjó þar með móður sinni. Hann dreymdi nú eina nóttina, að hann ætti líka að fara og leita að kóngsdætrunum. Og um morguninn mundi hann enn, hvað hann hafði dreymt og talaði um það við móður sína. „Þetta eru einhver ósköp með þig, góði minn“, sagði hún. „Og þig verður að dreyma það sama þrjár nætur í röð, annars er það ekkert að marka. En það fór alveg eins tvær næstu nætur, hann dreymdi sama drauminn, honum fannst hann mega til með að fara. Svo þvoði hann sjer, fór í hermannabúninginn sinn og fór til konungshallar og barði að eldhúsdýrunum. Þetta var daginn eftir, að hinir tveir höfðu farið af stað.

„Far þú heim aftur“, sagði kóngurinn. „Kóngsdæturnar eru alt of hátt takmark fyrir þig, og svo er jeg búinn að borga þessi kynstur af ferðapeningum og er orðinn vita auralaus í bráðina. Það er betra fyrir þig að koma seinna“.

„Ef að jeg fer nokkuð, þá fer jeg í dag“, sagði hermaðurinn. „Ferðapeninga þarf jeg ekki, jeg vil ekki annað en sopa á flösku og bita í tösku“, sagði hann, en þá var honum gefið eins mikið af kjöti og fleski, eins og

hann gat borið. — Já, það gat hann fengið, úr því það var alt sem hann vildi.

Svo lagði hann af stað, og hafði ekki gengið lengi, þegar hann náði liðsforingjunum.

„Hvert ætlar þú“, sagði kapteinninn, þegar hann sá einkennisbúning hermansins.

„Jeg ætlaði að reyna að finna kongsdæturnar“, svaraði hermaðurinn.

„Það ætlum við líka“, sagði kapteinninn, „og fyrst þú ert í sömu erindagerðum, þá mátt þú koma með okkur, því ef við finnum þær ekki, þá gerir þú það ekki heldur, piltur minn“, sagði hann.

Þegar þeir höfðu gengið nokkurn spöl, fór hermaðurinn af þjóðveginum og beygði inn á stíg, sem lá inn í skóginn.

„Nei, hvert ætlar þú?“ spurði kapteinninn. „Það er best að fara eftir þjóðveginum“, bætti hann við.

„Það getur vel verið“, sagði hermaðurinn, „en þessa götu ætla jeg nú að fara“.

Hann hjelt áfram eftir götuslóðanum, og þegar hinir sáu það, komu þeir á eftir. Þeir gengu svo langar leiðir, yfir mýrar og móa og gegnum þrönga afdali, og altaf var skógurinn jafn þjettur. Loksins birti þó, og þeir komust út úr skóginum, og þá tók við langt einstigi, sem þeir urðu að fara eftir, og á einstiginu stóð bjarndýr mikið á verði, það reis upp á afturfæturna og kom á móti þeim, eins og það ætlaði að jeta þá.

„Hvað eigum við nú að gera?“ sagði kapteinninn.

„Þeir segja, að bjarndýrum þyki gott kjöt“, sagði hermaðurinn og kastaði til dýrsins vænum bita. Svo komust þeir fram hjá birninum. En við hinn endann á einstiginu stóð ljón og það öskraði og kom á móti þeim með gapandi ginið, eins og það ætlaði að gleypa þá.

„Nú er víst best að snáfa heim aftur, hjer komumst við aldrei lifandi fram hjá“, sagði kapteinninn.

„O, ætli þetta ljón sje svo hættulegt“, sagði hermaðurinn. „Jeg hefi heyrt, að ljóninu þyki dæmalaust gott flesk, og jeg hef hjerna hálfan grís í malnum mínum“, sagði hann. Svo kastaði hann stóru fleskstykkj til ljónsins, það byrjaði að naga og naga fleskið, og svo komust þeir fram hjá því.

Um kvöldið komu þeir að stórum og miklum bæ. Þar var hvert hús öðru stærra, og alstaðar var kveikt á ótal ljósum. En á því varð nú enginn saddur, víst er um það. Kapteinninn og undirforinginn hringluðu í peningunum sínum, og vildu svo fegnir hafa keypt sjer mat, en engan mann hittu þeir á þessum bæ, og ekki sáu þeir heldur nokkurn matarbita. Þá bauð hermaðurinn þeim kjöt og flesk úr malnum sínum. Þá voru þeir ekki lengur neinir gikkir, en gerðu sjer það til góða, sem þeim var boðið, og borðuðu eins og þeir hefðu aldrei smakkað mat.

Daginn eftir sagði kapteinninn að best væri að fara á veiðar, til þess að hafa eitthvað að lifa á, þegar maturinn hermansins væri búinn. Rjett hjá þessum undarlega bæ, sem þeir voru staddir á, var stór og mikill skógur, og í honum var nóg af hjerum og fuglum. Undirforinginn átti að verða eftir heima og gæta húsa og sjóða það sem eftir var af nestinu. Hinir fóru á veiðar og skutu svo mikið af veiðidýrum, að það var rjett með herkjubrögðum, að þeir gátu borið bráðina heim. En þegar þeir komu heim í hlað, þá var eitthvað að undirforingjanum, svo hann komst varla til þess að ljúka upp fyrir þeim.

„Hvað gengur að þjer?“ spurði kapteinninn.

Jú, það var nú ekki skemtileg saga, sem undirforinginn hafði að segja, strax og þeir voru farnir, kom til hans agnarlíftill karl með sítt skegg; hann gekk við hækjur og bað svo vel og fallega um að gefa sjer einn skilding, en strax og hann var búinn að fá peninginn, þá misti karlinn hann á gólfið og hvernig sem hann reyndi

að ná honum aftur, þá gat hann það ekki, svo hrumur var karlinn og skakkur. „Jeg kendi í brjósti um karlræfilinn“, sagði undirforinginn, „og svo beygði jeg mig og ætlaði að taka upp fyrir hann peninginn, en þá var hann hvorki hrumur nje skakkur lengur. Hann barði mig svoleiðis með hækjunum, að jeg er ekki nærri búinn að ná mjer enn“.

„Þú ættir að skammast þín, kóngsins stríðsmaður, að



Karlinn lúskrar kapteininum.

láta gamlan kryppling berja þig svona, og enn meira fyrir að segja nokkrum frá því“, sagði kapteinninn. „Svei, á morgun skal jeg verða eftir hjer heima, og þá skal nú eitthvað annað spyrjast“.

Jæja. Daginn eftir var nú kapteinninn á verði heima, en undirforinginn og hermaðurinn fóru á veiðar. Átti kapteinninn að elda mat og gæta hússins.

Þegar leið á daginn, kom karlinn og bað um skilding, en ef þá fór ekki ver, þá fór að minsta kosti ekki betur en daginn áður. Hann misti peninginn um leið og hann fjekk hann, og gat ekki fundið hann aftur. Svo

bað hann kapteininn að hjálpa sjer að finna hann, og kapteinninn mundi ekki betur eftir því sem gerðist daginn áður, en það hann laut niður til að leita. En ekki hafði hann fyrr byrjað að leita, en krypplingurinn fór að lemja á honum með hækjunum, og í hvert skifti þegar kapteinninn ætlaði að rjetta úr sjer, fjekk hann bilmings högg, og það voru nú engin smáhögg, hann sá eldglæringar við hvert einasta af þeim. Þegar hinir tveir komu heim um kvöldið lá hann enn á gólfinu og gat varla hreyft legg nje lið.

Þriðja daginn átti svo hermaðurinn að vera heima, en hinir tveir fóru að veiða. Kapteinninn sagði að hann skyldi vara sig, „því þig drepur nú karlinn, vinur minn“, sagði hann. „Eitthvað væri maður nú aumur, ef svona skröggur gerði út af við mann“, sagði hermaðurinn.

Þeir voru varla komnir í hvarf, kapteinninn og undirforinginn, þegar karlinn kom og bað um skilding.

„Peninga hefi jeg aldrei átt“, sagði hermaðurinn, „en mat skaltu fá, þegar jeg er búinn að sjóða. En ef þú vilt fá matinn, þá verðurðu að höggva við í eldinn.“

„Það kann jeg ekki“, sagði karlinn.

„Þótt þú kunnir það ekki, þá geturðu lært það“, sagði hermaðurinn. „Jeg skal ekki vera lengi að kenna þjer, komdu bara með mjer út í eldiviðarskálann“.

Þegar þeir komu út í skálann, dró hermaðurinn fram stóreflis viðardrumb, hjó í hann skarð og rak þar í fleyg, svo djúp rifa kom í trjeð. „Nú verður þú að leggjast niður og gá ofan í þessa rifu, þá skalt þú fljótt kunna að höggva við“, sagði hermaðurinn, „en á meðan þú horfir á, skal jeg höggva“.

Jú, gamli maðurinn ljet ekki segja sjer þetta tvisvar, lagðist niður og rýndi í rifuna, þegar hermaðurinn sá að skeggið á karlinum var komið langt niður í rifuna, tók hann fleyginn úr trjenu, svo karlinn varð fastur á skegginu. Svo lúbarði hann karlinn með öxarskallanum, og

hótaði að kljúfa á honum hausinn, ef hann segði sjer ekki strax, hvar kóngsdæturnar væru niðurkomnar.

„Gef mjer líf, gef mjer líf, þá skal jeg segja þjer það“, veinaði karlinn. „Fyrir austan bæinn er stór höll“, sagði hann svo. „Efst á hólnum skaltu rista upp ferhyrnda torfu, og þá kemurðu niður á stóra hellu, og undir henni er djúp gjóta. Niður í þessa gjótu skaltu fara, og þá kemur þú í annan heim, og þar eru kóngsdæturnar hjá bergþursunum. En leiðin niður er löng og dimm, og bæði þarf að fara gegnum vatn og eld.“

Þegar hermaðurinn hafði fengið að vita það sem hann vildi, leysti hann karlinn úr prisundinni, og sá gamli var ekki seinn að kveðja og hypja sig burtu.

Þegar nú kapteinninn og undirforinginn komu heim, undruðust þeir að hermaðurinn var lifandi. Jú, hann sagði þeim, hvernig það hefði gengið til, og líka hvar kóngsdæturnar voru niður komnar, og hvernig hægt væri að finna þær. Hinir urðu eins gladdir eins og þeir væru búnir að finna þær, og þegar búið var að borða, tóku þeir með sjer nestiskörfu og öll reipi og snæri, sem þeir gátu fundið, og fóru allir þrír út á hólinn. Þar ristu þeir fyrst upp torfuna, eins og karlinn hafði sagt, og fundu þar undir stóreflis hellustein, sem þeir rjett með herkjum gátu lyft. Svo fóru þeir að mæla, hve djúpt væri niður. Þeir mældu oft og mörgum sinnum, en fundu ekki frekar botn síðast en fyrst. Að lokum urðu þeir að binda saman alt sem þeir höfðu, bæði digur reipi og mjó snæri, og þá fundu þeir að þetta náði í botn.

Auðvitað vildi kapteinninn fara fyrst niður, „en ef jeg kippi í snærið, verðið þið að flýta ykkur að draga mig upp aftur“, sagði hann. Það var bæði kalt og dimt niðri, en hann hjelt að það væri þolanlegt, ef það bara versnaði ekki. En alt í einu bunaði framan í hann ískalt vatn. Við það varð hann hræddur og fór að kippa í reipið. Jú, svo vildi undirforinginn reyna, en ekki gekk honum mik-

ið betur. Þegar hann var kominn gegnum vatnsflauminn, sá hann rauðan logann fyrir neðan sig, og varð hræddur og ljet draga sig upp aftur.

Þá fór nú hermaðurinn af stað, og hann hjelt áfram, bæði gegnum vatn og eld, alveg þangað til hann kom til botns. Þar niðri var þreifandi myrkur, svo hann sá ekki handa skil. Ekki þorði hann heldur að sleppa körfunni, en gekk í kring og fálmaði fyrir sjer. Jú, svo kom hann auga á svolitla skímu, langt, langt í burtu, eins og vottaði fyrir dögum, og í þá átt gekk hann. Þegar hann hafði gengið nokkurn spöl, fór að birta í kringum hann, og svo leið ekki á löngu, fyr en gullsól kom upp á himininn, og svo varð bjart og fallegt. Fyrst sá hermaðurinn miklar hjarðir á beit, þar voru feitar og fallegar kýr, og þar eftir kom hann að stórri og mikilli höll. Þar gekk hann gegnum marga sali, án þess að hitta nokkurn mann. — Loksins heyrði hann rokkhljóð, og þegar hann kom þar inn, sem verið var að spinna, þá sat elsta kóngsdóttirin þar og spann kopargarn, og bæði stofan og alt sem í henni var, var úr gljáfægðum kopar.

„Hvað er nú þetta, koma hingað kristnir menn?“, sagði kóngsdóttirin. „Hamingjan hjálpi þjer, hvað viltu hingað?“

„Jeg ætla að frelsa þig úr berginu“, sagði hermaðurinn.

„Farðu góði vinur, farðu! Ef trölíð kemur heim, þá gerir það út af við þig undir eins, — hann er þríhöfðaður, þursinn“.

„Mjer væri alveg sama, þó hann væri fjórhöfðaður“, sagði hermaðurinn. „Fyrst jeg er kominn hingað, þá verð jeg hjer kyr“.

„Jæja, fyrst þú ert svona ákafur, þá verð jeg víst að reyna að hjálpa þjer“, sagði kóngsdóttirin. Svo sagði hún að hermaðurinn skyldi skríða bak við stóra bruggkerið, sem stóð í anddyrinu, en hún skyldi taka á móti tröll-

karlinum og greiða hár hans, uns hann sofnaði; „en þegar jeg fer út og kalla á hænsnin, að þau komi og tíni það, sem fellur úr höfði honum, þá skalt þú flýta þjer að koma“, sagði hún. „En farðu nú fyrst og vittu hvort þú getur valdið sverðinu, sem liggur þarna á borðinu“. — Nei, ekki gekk það, sverðið var svo þungt, að hermaðurinn gat ekki einu sinni hreyft það. Þá varð hann að fá sjer sopa úr horni með töfradrykk, og eftir það gat hann rjett lyft sverðinu, svo fjekk hann sjer annan sopa, og þá gat hann lyft því svolítið hærra, en svo fjekk hann sjer stóran sopa úr horninu, og þá gat hann sveiflað sverðinu eins og hann vildi.

En einmitt þá heyrðist bergrisinn koma þrammandi, svo öll höllin skalf.

„Svei, svei, hjer er mannabefur í húsum“, sagði risinn.

„Hrafn flaug hjer yfir“, sagði kóngsdóttirin. „Hann hafði mannsbein í nefinu og misti það niður í reykháfinn. Jeg kastaði því út og sópaði vel og lengi, en það er víst lykt ennþá“.

„O, jeg finn það nú líklega“, sagði tröllíð.

„En komdu nú, nú skal jeg greiða þjer“, sagði kóngsdóttirin, „þessi lykt verður svo farin, þegar þú vaknar“.

Þetta þótti risanum vel mælt, og ekki leið á löngu, þangað til hann var steinsofnaður og farinn að hrjóta. Þegar kóngsdóttirin fann, að hann var steinsofnaður, setti hún stóla og dýnur undir höfuðin á honum, og fór að kalla á hænsnin. Þá læddist hermaðurinn inn með sverið og hjó alla þrjá hausana af risanum í einu höggi.

Kóngsdóttirin varð mjög kát og glöð, og fylgdi nú hermanninginum til systra sinna, svo hann gæti líka frelsað þær úr berginu. Fyrst gengu þau yfir húsagarð og svo gegnum mörg og stór herbergi, þangað til þau komu að stórum dyrum. „Jæja, hjer verðurðu að fara inn“, sagði kóngsdóttirin, „hjerna er það“. Þegar hermaður-

inn opnaði dyrnar, sá hann inn í stóran sal, þar sem alt var úr skíru silfri, þar sat næstelsta kóngsdóttirin og spann á silfurrokk.

„Hamingjan góða“, sagði hún við hermanninn. „Hvað vilt þú þingað?“

„Ó, góði farðu burtu“, sagði kóngsdóttirin. „Ef risinn verður var við þig hjer, gerir hann út af við þig“.

„Ja, ef jeg geri þá ekki út af við hann“, sagði hermaðurinn.

„Nú, ef þú vilt endilega vera hjer“, sagði hún, „þá skaltu skríða bak við stóra kerid í anddyrinu. En þú verður að flýta þjer að koma, strax og þú heyrir mig kalla á hænsnin“. En fyrst varð hann að reyna, hvort hann var maður til þess að sveifla sverði risans, sem lá á borði þar; það var miklu stærra og þyngra en hið fyrra, svo hann gat ekki nema rjett lyft því. Svo fekk hann sjer þrjá sopa úr horninu, þá gat hann vel valdið því, og þegar hann var búinn að fá sjer þrjá sopa í viðbót, gat hann farið með sverðið eins og það væri borðhnífur.

Rjett á eftir tók að heyrast brak og brestir, og alt ljek á reiðiskjálfi, og svo kom inn þursi með sex höfuð.

„Svei, svei“, sagði hann um leið og hann rak nefin inn ur dyrnar. „Hjer er mannaþefur inni!“

„Já, að hugsa sjer“, sagði kóngsdóttirin. „Rjett áðan kom hrafn fljúgandi með lærlegg af manni í nefinu, og misti hann niður um reykháfinn. Jeg henti beininu út, og hrafninn henti því inn aftur. Loksins kom jeg því burtu og flýtti mjer að opna alla glugga, svo lyktin ryki út, en hún fer nú ekki alveg á stundinni samt“, sagði hún.

„Nei, það get jeg ekki ímyndað mjer“, sagði þursinn. En hann var þreyttur og lagði höfuðin í kjöltu kóngsdóttur, og hún greiddi honum, þangað til hann var steinsofnaður, svo kallaði hún á hænsnin, en þá kom hermaðurinn og hjó öll sex höfuðin af í einu höggi, svo vel beit sverðið.

Og hún var ekki minna glöð, þessi kóngsdóttir, heldur en systir hennar hafði verið, það getur maður nú skilið, en þegar þær voru að dansa og syngja af kæti systurnar, þá varð þeim alt í einu hugsað til yngstu systur sinnar, og svo fóru þær með hermanninn yfir stóran garð og gegnum mörg, mörg herbergi, þangað til hann kom inn í gullsalinn til þriðju kóngsdótturinnar. Hún sat og spann gullþráð á gullrokk, og það gljáði á alt frá lofti til gólfs, og það svo, að manni gat orðið ilt í augunum.

„Hamingjan hjálpi okkur báðum“, sagði yngsta kóngsdóttirin. „Hvað vilt þú hingað? Blessaður komdu þjer burtu, annars drepur þursinn okkur bæði“.

„Það er eins gott að jeg sje hjerna hjá þjer, eins og þú sjert ein“, sagði hermaðurinn. Kóngsdóttirin grjet og bað hann að fara, en það hafði engin áhrif. Hann vildi vera kyr, og hann skyldi vera kyr. Jæja, þá var ekki um annað að gera fyrir hann, en að reyna, hvort hann gæti notað sverðið tröllkarlsins á borðinu úti í anddyrinu. En það var rjett svo að hann gat hreyft það, — það var miklu stærra og þyngra en hin sverðin. Þess vegna varð hann að ná í hornið, sem hjeck á veggnum, og fá sjer sopa úr því. Hann fjekk sjer þrjá, en samt gat hann ekki meira en rjett tekið sverðið upp. Þegar hann hafði fengið sjer þrjá sopa í viðbót, gat hann ráðið sæmilega við sverðið, og eftir þrjá sopa enn, gat hann sveiflað því eins og fisi. Þá sagði kóngsdóttirin hermanninum það sama og hinar höfðu gert, að þegar risinn væri sofnaður, skyldi hún kalla á hænsnin, og þá skyldi hann flýta sjer að koma og gera út af við hann.

Alt í einu heyrðust dunur og dynkir, eins og höllin ætlaði að hrynja í rúst.

„Svei, svei. Hjer er mannafefur inni“, sagði tröllið, og lyktaði með öllum níu nefunum sínum.

„Já, þú hefðir bara átt að sjá til hrafnsins, sem flaug

hjer yfir rjett áðan og misti mannsbein niður um reyk-háfinn. Jeg kastaði því út, og aftur kom hann með það, svo það er engin furða, þó lyktin finnist, en loksins gat jeg grafið það niður, og svo er jeg bæði búin að sópa og þvo, og samt getur lyktin varla verið alveg farin“.

„Nú, það má nú finna minna“, sagði bergrisinn.

„Komdu nú hjerna til mín, þá skal jeg greiða þjer,“ sagði kóngsdóttir, „þá verður lyktin rokin burt, þegar þú vaknar aftur“.

Þetta ljét þursinn sjer vel líka og þegar hann var farinn að hrjóta, sem hæst, setti kóngsdóttir dýnur og koddar undir hausana á honum, skaut sjer svo undan og tók til að kalla á hænsnin. Þá kom hermaðurinn á sokkaleistunum og hjó til risans, svo átta höfuðin fuku af í einu, — sverðið var of stutt til að ná því níunda, sem vaknaði og öskraði: „Svei, hjer er mannaþefur“. „Já, hjer er sá, sem lyktin er af“, sagði hermaðurinn, og áður en tröllið gat risið upp og gert nokkuð, hjó hermaðurinn af því síðasta höfuðið.

Kóngsdæturnar urðu nú mjög glaðar, þær vissu ekki hvað þær áttu að gera fyrir þann, sem hafði frelsað þær, og yngsta kóngsdóttirin tók af sjer gullhringinn sinn, og hnýtti hann í hármannansins. Svo tóku þau með sjer eins mikið af silfri og gulli, eins og þeim fanst þau geta borið, og lögðu af stað heimleiðis. Þau kiptu í bandið og þá drógu kapteinninn og liðsforinginn kóngsdæturnar strax upp, hverja á eftir annari. En þegar þær voru komnar upp, hugsaði hermaðurinn með sjer, að þetta hefði verið heimska af sjer að fara ekki upp á undan stúlkunum, vegna þess að hann trúði ekki fjelögum sínum sem best. Nú ætlaði hann að reyna þá og setti stóreflis gullhnullung í körfuna og kipti í. Þegar karfan var komin um hálfu leið upp hjuggu þeir á reipið, svo karfan slóst í bergið, og gullmolarnir hrundu niður yfir höfuðið á hermanninginum. „Nú erum við lausir við hann“,

sögðu þeir uppi. Svo hótuðu þeir kóngsdætrunum illum dauða, ef þær ekki segðu að þeir hefðu bjargað þeim frá tröllunum. Þeim var þetta þvernauðugt, og þó sjerstaklega þeirri yngstu, en þær voru nú ungar og vildu ekki deyja, svo þeir, sem valdið höfðu urðu að ráða.

Þegar nú kapteinninn og liðsforinginn komu heim með kóngsdæturnar, þá varð engin smávegis gleði í kóngsgarði. Kóngurinn varð svo hrifinn, að hann vissi varla hvernig hann átti að láta; hann tók út úr skápnum sínum flösku með besta víni sem hann átti til, og drakk þeim til og bauð þá velkomna báða tvo, og hafi þeir aldrei verið heiðraðir fyr, þá voru þeir það nú, enginn efast um það. Og þeir rigsðu um stoltir og strembnir eins og herramenn, frá morgni til kvöllu, þó það nú væri, þegar þeir voru í þann veginn að eignast kónginn sjálfan fyrir tengdaföður, því það var ákveðið að þeir ættu hvor að fá sína kóngsdóttur fyrir konu, og skifta milli sín helmingnum af ríkinu. — Báðir vildu þeir fá yngstu kóngsdótturina, en hvernig sem þeir báðu hana og ógnuðu henni, þá þýddi það ekki neitt, hún vildi hvorki heyra þá nje sjá. Svo töluðu þeir við kónginn og spurðu, hvort ekki mætti setja um hana tólf manna vörð, hún væri svo þunglynd síðan hún hefði verið í berginu, að þeir væru hræddir um að hún gæti tekið upp á einhverju voðalegu. „Jú, ætli það ekki“, sagði kóngurinn, og sagði varðsveitinni sjálfur, að hún yrði að gæta stúlunnar vel, og missa aldrei sjónar af henni. — Svo var farið að bjóða gestum til brúðkaupsins, og var nú bruggað og bakað, það átti svei mjer að verða veisla, svo að slíka hefði aldrei fyr frjettst um, og svo var tappað vín og slátrað og soðið, eins og það ætlaði aldrei að enda.

En á meðan var hermaðurinn á rölti niðri í undirheimum. Honum fanst það hart, að hann skyldi hvorki eiga að fá að sjá menn eða dagsljósið frammar, en eitt-

hvað yrði hann samt að gera, hugsaði hann með sjer, og svo gekk hann um tröllahallirnar, sal úr sal, í marga daga, og opnaði alla skápa og skúffur. sem hann fann. Líka leit hann upp á allar hillur, og fann þar margt fall-egt. Eftir að hafa verið að þessu lengi, rakst hann á borðskúffu, dró hana út, og sá að í henni lá gullykill. Svo reyndi hann þenna lykil í allar þær læsingar, sem hann fann, en hann gekk ekki að neinni, fyr en hann kom að litlum veggskáp yfir rúminu, og inni í honum fann hann gamla ryðgaða hljóðpípu. „Það gæti verið gaman að reyna hvort nokkuð heyrðist í henni“, sagði hermaðurinn við sjálfan sig og bljes í pípu. En þá vissi hann ekki fyrri til en mikill vængjaþytur heyrðist, og alt varð krökt af fuglum kringum hann, eins og allir skógfuglar og mófuglar væru komnir.

„Hvað vill herra vor í dag?“ spurðu þeir. „Nú, ef jeg er herra ykkar“, sagði hermaðurinn, „þá þætti mjer gaman að vita, hvort þið gætuð ekki gefið mjer ráð til þess að komast upp á jörðina aftur“. — Ónei, enginn gat það nú, „en mamma er ekki enn komin“, sögðu fuglarnir, „og ef hún getur ekki hjálpað þjer, þá getur enginn það“. Svo bljes hermaðurinn einu sinni enn í pípu, og eftir stutta stund heyrði hann vængjaþyt langt í burtu, og það var nú ekki neinn smáþytur. Það kom svo mikill stormur um leið, að hermaðurinn hefði fokið, ef hann hefði ekki náð sjer í skiðgarðinn umhverfis höllina. Og svo kom til hans örn, svo stór, að hermanningurinn varð ekki um að sjá hann.

„Það er naumast ferð á þjer“, sagði hermaðurinn.

„Jeg kem þegar þú blæst í pípu“, sagði örnin.

Svo spurði hann, hvort hún kynni ráð til þess að komast aftur upp úr þessum heimi, sem þau voru í.

„Enginn, sem ekki getur flogið, kemst hjeðan“, sagði örnin. „En ef þú vilt slátra tólf uxum handa mjer, svo jeg geti borðað mig vel sadda, þá skal jeg reyna að

hjálpa þjer. Hefirðu hníf?“ „Nei, en jeg hefi sverð“, sagði hann.

Þegar örnin hafði jетиð uxana tólf, það hún hermanninn að slátra einum enn og hafa hann með í nestið. „Í hvert skifti sem jeg geispa, þá verður þú að vera til með kjötstykki handa mjer“, sagði hún, „annars kemst jeg ekki upp með þig“. Já, hann gerði eins og hún það um, og hengdi tvo stóra kjötpoka um hálsinn á henni, en sjálfur skreið hann inn milli fjaðranna. Þá hristi örnin vængina, og svo flaug hún upp eins og vindur, svo dundi í loftinu. Hermaðurinn hafði nóg að gera að halda sjer föstum. Það var rjett aðeins að hann gat gætt þess að kasta upp í örnina kjötstykkjunum, þegar hún geispaði. Loksins fór að bláma fyrir degi yfir þeim, og þá var örnin rjett komin að því að gefast upp á fluginu, og barði vængjunum, en hermaðurinn var viðbúinn og greip síðasta kjötbitann, heilt læri, og kastaði til hennar. Þá náði hún sjer aftur og komst upp með hann, og þegar hún hafði setið um stund og hvílt sig í stóru trje, fór hún aftur af stað með hann og sást þá bæði land og sjór. Rjett hjá kóngshöllinni skildu þau, og örnin flaug heim aftur, en sagði honum fyrst, að ef hún gæti eitthvað gert fyrir hann, þá skyldi hann bara blása í hljóðpípuna, þá kæmi hún strax.

En á meðan var lokið umstanginu í kóngsgarði, og leið að þeim tíma, þegar veislan átti að standa. Þegar kapteinninn og liðsforinginn giftust báðum eldri kóngsdæturnar. En þær voru ekki glaðari en yngsta systir þeirra, og því nær sem brúðkaupsdagurinn kom, þess hryggari urðu þær. Loksins spurði kóngurinn hvað væri að þeim; honum fanst það svo einkennilegt, að þær væru ekki kátar og gláðar, nú þegar þær væru aftur komnar heim og lausar úr tröllahöndum, og ættu að giftast svona góðum mönnum. Eitthvað urðu þær að

segja við þessu, og þá sagði sú elsta, að þær litu aldrei glaðan dag frammar, nema þær fengju eins fallett manntafl, eins og þær sáu í berginu blá.

Kóngurinn hjelt að það væri nú hægt að útvega þeim það, og sendi hann boð til allra bestu og listfengustu gullsmiða í landinu, að þeir skyldu smíða gulltafl handa dætrum hans. En hvernig sem þeir reyndu, þá var enginn, sem gat smíðað svoleiðis tafl. Loksins var ekki nema einn gullsmiður eftir, og það var eldgamall karl, sem ekkert hafði fengist við smíðar í mörg ár, að minsta kosti ekki gullsmíðar, en var að fikta svolítið við að smíða silfur, og rjett svo að hann gat haft ofan af fyrir sjer. Til hans fór nú hermaðurinn og bað hann að kenna sjer, og karlinum þótti svo vænt um að fá læri-svein, — því nemandi hafði hann ekki haft árum saman, — að hann náði í vínflösku neðan af kistubotni og fór að drekka með hermanningum. Það leið ekki á löngu, þangað til vínið steig karlinum til höfuðs, og þegar hermaðurinn varð þess var, fór hann að tala um það við karlinn, að hann skyldi fara og segjast geta smíðað taflíð handa kóngsdætrumum. Það gerði karlinn þegar í stað. Hann hefði nú gert ýmislegt sem meira var, meðan hann var ungur og ern, sagði hann.

Þegar kóngur heyrði að það væri kominn maður, sem gæti smíðað tafl, sem dætrum hans myndi þykja nógu gott, var hann ekki lengi að koma út.

„Er það satt, sem þjer segið, að þjer getið smíðað tafl, eins og dætur mínar vilja fá“, spurði hann.

„Já, það er engin lygi“, sagði smiðurinn, og það stóð hann við.

„Það er gott“, sagði konungur, „hjer er handa þjer gull að smíða það úr, en getir þú það ekki, þá skaltu engu fyrir týna, nema lífinu, fyrst þú býður þig svona fram“, og eftir þrjá daga átti taflíð að vera tilbúið.

Morguninn eftir, þegar gullsmiðurinn hafði sofið úr

sjer, var hann ekki alveg eins rogginn. Hann bæði grjet og barmaði sjer, og skammaði lærisvein sinn, sem hafði komið honum til þess að hlaupa á sig, þegar hann var fullur. Nú væri víst best að hann stytta sjer aldur strax, því ekki var að spyrja um það, að hann hjeldi lifi, úr því bestu og fínustu gullsmiðir gátu ekki smíðað slíkt tafl, þá var ekki líklegt, að hann gæti það.



„Jeg hefi uxaskrokka handa þjer ...“

„Vertu ekki að súta þetta“, en komdu með gullið“, sagði hermaðurinn. „Jeg skal búa til taflið. En jeg vil fá herbergi út af fyrir mig að vinna í“, sagði hann. Það fjekk hann strax og meira að segja þakkir í viðbót.

En það drógst að taflið kæmi. Hermaðurinn gerði ekki neitt, annað en að slæpast, og gullsmiðurinn var altaf hálfskælandi, af því að ekki var byrjað á verkinu. „Skiftu þjer ekki af þessu“, sagði hermaðurinn, „fresturinn er langur. Ef þú ert ekki ánægður með það sem jeg hef lofað, geturðu sjálfur búið til taflið“. — Og það sat við sama, bæði þenna dag og þann næsta, og þegar

smiðurinn hvorki heyrði í hamri eða þjöl úr herberginu hermansins allan síðasta daginn, þá fór hann að hágráta, því nú var engin von fyrir hann að bjarga lífinu lengur, hugsaði hann.

En þegar líða tók á nótt, opnaði hermaðurinn gluggann og bljes í pípu sína. Þá kom örnin og spurði hvað hann vildi.

„Jeg vil fá gulltaflið, sem kóngsdæturnar höfðu í



„Þakka þjer fyrir síðast“.

berginu blá“, sagði hermaðurinn, „en þú þarft líklega eitthvað að borða fyrst? Jeg hefi nú hjerna úti í skemm- unni tvo uxaskrokka handa þjer, og þá geturðu fengið“, sagði hann. Þegar örnin hafði jetið uxaskrokkana, var hún ekki sein á sjer, og löngu fyrir sólarupprás var

hún komin aftur með taflið. Hermaðurinn setti það undir rúmið sitt og fór svo að sofa.

Snemma um morguninn kom gullsmiðurinn og barði á dyr hjá honum. „Hverslags óðagot er í þjer“, sagði hermaðurinn. „Allan daginn lætur þú eins og þú sjert óður, og nú fær maður heldur ekki svefnfrið, það er meira ólánið að vera nemandi hjer“. En gullsmiðurinn linti ekki látum, fyr en hann komst inn, en þá voru líka sorgir hans á enda.

En kóngsdæturnar urðu enn glaðari en hann var, þegar hann kom með taflið til kóngshallar, en glöðust af öllum varð þó sú yngsta.

„Hefir þú smíðað þetta tafl sjálfur?“ spurði hún gullsmiðinn.

„Nei, ef satt skal segja, þá hefi jeg ekki gert það, heldur nemandi sem er hjá mjer“. sagði hann.

„Hann hefði jeg gaman af að sjá“, sagði kóngsdóttirin. Já, þær vildu endilega sjá hann, allar þrjár, og ef hann vildi fá að njóta lífsins, þá skyldi hann koma.

Þegar hermaðurinn fjekk þessi skilaboð, þá sagðist hann hvorki vera smeikur við kvenfólk nje stórmenni, og ef slíku fólki þætti gaman að sjá garmana hans, þá mætti það gjarnan skemta sjer við það.

En yngsta kóngsdóttirin þekti hann undir eins, hún ýtti varðmanninum til hliðar, hljóp til hermannsins, tók í höndina á honum og sagði: „Komdu sæll og þakka þjer fyrir síðast. Hjer er sá, sem bjargaði okkur frá tröllunum í berginu blá“, sagði hún við kónginn föður sinn. „Hann vil jeg fá fyrir mann“. Og svo tók hún af honum húfuna og sýndi hringinn, sem hún hafði bundið í hár hans.

Já, svo var nú farið að segja frá því, hvernig kapteinninn og liðsforinginn hefðu hagað sjer, og þeir urðu að láta lífið fyrir tiltækið; það varð endirinn á mikillæti þeirra. En hermaðurinn fjekk gullkórónuna og hálf t konungsríkið með, og hjelt brúðkaup og giftist yngstu

kóngsdótturinni. Og þá var slegið upp veislu, og allir gátu etið og drukkuð, þó þeir gætu ekki bjargað kóngsdætrunum; og ef veislufólkið er ekki búið með allan mat og drykk, þá situr það enn og drekkur og gerir sjer glaðan dag.

Skipið, sem sigldi á landi og skrítnu karlarnir sex

EINU SINNI VAR KÓNGUR og hann hafði heyrt um að til væri skip, sem sigldi jafn á landi og á vatni, og þá vildi hann auðvitað eignast svoleiðis skip, og lofaði þeim, sem gæti bygt það, dóttur sinni og hálfu ríkinu, og þessa yfirlýsingu ljét hann lesa upp við hverja kirkju í öllu landinu. Það var nú líklegt, að margir reyndu þetta, því það var ekki amalegt að fá hálf t ríkið, og ekki verra að fá kóngsdóttur í viðbót, en þeim gekk ekki vel að smíða skipið, veslingunum.

En svo voru þrír bræður, sem áttu heima í sveit, þar sem var mikill skógur. Sá elsti hét Pjetur, annar Páll, en þriðji Ásbjörn og var kallaður Ásbjörn í öskustónni, vegna þess að hann sat altaf í stónni og rótaði öskunni. En sunnudaginn þann, sem lýst var eftir skipinu, sem kóngur vildi fá, vildi svo til að hann var líka við kirkju. Þegar hann kom heim og sagði frá þessu, þá bað Pjetur, bróðir hans, móður sína um nesti og nýja skó, því hann ætlaði að leggja af stað og reyna, hvort hann gæti ekki smíðað skipið og fengið kóngsdóttur og hálf t ríkið. Þegar hann hafði fengið nestið, lagði hann af stað. Á leiðinni mætti hann gömlum manni, sem var orðinn kengboginn af elji og skelfing aumingjalegur.

„Hvert ætlar þú?“ spurði karlinn. „Jeg ætla út í skóginn og smíða trog handa föður mínum, hann vill ekki borða með okkur úr sama troginu“, sagði Pjetur. „Trog skal það verða“, sagði karlinn. — Hvað hefir þú í poka num þínum?“ spurði karlinn svo. „Skít“, sagði

Pjetur. „Skítur skal það vera!“ sagði karlinn. Svo fór Pjetur út í skóginn og hjó trje og smíðaði af öllum kröftum, en alt hvað hann smíðaði og hjó, þá gat hann aldrei búið til annað en trog og trog. Þegar leið að hádegi, fór hann að verða svangur og tók malinn sinn. En það var alt annað en matur í malnum hans. Og fyrst hann hafði ekkert að borða og gat ekkert smíðað nema trog, þá fór hann bara heim til mömmu sinnar aftur.

Svo vildi nú Páll fara og vita hvort honum hepnadist ekki að byggja skip og fá kóngsdótturina og hálftríkið. Hann bað móður sína um nesti, og þegar hann hafði fengið það, tók hann malinn sinn og lagði af stað út í skóginn. Á leiðinni mætti hann gömlum manni, sem var ósköp lotinn og aumingjalegur. „Hvert ætlar þú“ spurði hann Pál. „O, jeg ætla út í skóg að smíða trog handa litla grísnum okkar“, sagði Páll. „Verði það þá svínatrog“, sagði karlinn. — „Hvað hefirðu í malpokanum þínum“, spurði karlinn. „Skítur er það“, sagði Páll. — „Og skítur verði það“, sagði karlinn. Svo fór Páll að höggva trje og smíða í skóginum, en hvernig sem hann fór að, þá gat hann ekkert búið til nema svínatrog. —

En hann gafst ekki upp, hjelt áfram að smíða langt fram á dag, áður en hann hugsaði um mat, en svo varð hann alt í einu glorhungraður, svo að hann varð að grípa til malsins síns, en þegar hann opnaði hann, þá var það nú eitthvað annað en matur, sem í honum var. — Þá reiddist Páll svo, að hann hvolfdi úr malnum, henti honum svo langar leiðir, tók öxi sína og fór rakiðis heim.

Þegar Páll var kominn heim, vildi Ásbjörn fara úr öskustónni og reyna líka, og bað hann móður sína um nesti. „Kannske jeg gæti bygt skipið og fengið kóngsdóttur og hálftríkið“, sagði hann.

„Mikil ósköp eru að heyra“, sagði móðir hans. „Það er nú líklegt að þú vinnir kóngsdóttur og hálftríkið,

þú sem aldrei gerir annað en að róta í öskunni. Nei, þú færð ekkert nesti“, sagði hún. En Ásbjörn gafst ekki upp fyrir því, hann bað svo lengi um að fá að fara, að honum var loksins leyft það. En nesti fekk hann ekki, ekki að tala um, en hann laumaði inn á sig tveim hafrakökum og ölslatta í flösku og lagði af stað.

Þegar hann hafði gengið góða stund, mætti hann sama gamla farlama karlinum, sem bræður hans höfðu hitt.

„Hvert ætlar þú?“ sagði karlinn. „O, jeg ætlaði nú hjerna út í skóginn og byggja skip, sem siglir bæði á sjó og landi“, sagði Ásbjörn í öskustónni, „því að kóngurinn hefir sagt, að hver sem byggji slíkt skip, skuli fá dóttur sína og hálf tóni“, sagði hann. — „Hvað hefir þú meðferðis“, spurði karlinn. „O, það á nú víst að heita nesti, en er nú ekki mikið nje gott“, sagði Ásbjörn. „Ef þú gefur mjer af nestinu þínu“, sagði karlinn, „þá skal jeg hjálpa þjer“. „Það skal jeg gera“, sagði Ásbjörn, „en jeg hefi ekki annað en tvær hafrakökur og svolítinn slatta af gömlu öli“. Karlinn sagði, að það væri sama, bara ef hann fengi bita, þá skildi hann hjálpa honum.

Þegar þeir komu að gamalli eik í skóginum, sagði karlinn við Ásbjörn, „Nú skaltu höggva þjer flís og setja hana svo aftur þar sem hún var, og þegar það er búið, þá skaltu leggjast til svefns.“ — Jú, Ásbjörn fór að eins og honum var sagt, en í svefni heyrðist honum altaf einhver vera að höggva og saga, en vaknað gat hann ekki, fyr en karlinn hristi hann, og þar stóð skipið tilbúið hjá eikinni. „Nú skaltu stíga á skip, og taka alla með þjer, sem þú hittir á leiðinni“, sagði hann. — Jú, Ásbjörn í öskustónni þakkaði fyrir skipið, sigldi af stað, og sagði að þetta skyldi hann gera.

Þegar Ásbjörn hafði ekki lengi siglt, hitti hann stór-an, hooraðan slána, sem lá þar í klettum og át grástein.

„Hverskonar náungi ert þú, sem liggur hjer og jetur grástein“. spurði Ásbiörn. „Jú. sláninn var svo gráðugur



Og skipið sigldi á landi.

í kjöt, að hann fjekk aldrei nóg af því, svo hann varð að jeta grjót á milli, og svo bað hann um að fá að sigla

með á skipinu. — „Jú, það máttu“, sagði Ásbjörn. Svo steig sláninn á skip og tók með sjer nokkra steina í nestið.

Þegar þeir höfðu siglt nokkuð, komu þeir þar sem maður lá í brekku á móti sól, og saug krana. „Hver ert þú, og hvað á þetta að þýða að sjúga þenna krana?“ spurði Ásbjörn. „O, fyrst maður hefir enga tunnu til að setja krana í og láta ölið renna gegnum, þá verður maður að láta sjer nægja kranann einan, jeg er altaf svo þyrstur, að jeg fæ aldrei nóg af öli og víni“, sagði hann, og bað svo um að fá að stíga á skip. Hann fjekk það strax en tók kranann með sjer svo hann dæi ekki af þorsta.

Þegar þeir höfðu enn siglt nokkuð, sáu þeir mann, sem lá með annað eyrað fast við jörðina, eins og hann væri að hlusta. „Hver ert þú, og hvað á að þýða að liggja svona úti á víðavangi og vera að hlusta“, sagði Ásbjörn í öskustónni.

„Jeg er að hlusta á grasið, því jeg heyri svo vel, að jeg heyri það vaxa“, sagði hann, og svo bað hann um um að fá að vera með á skipinu. „Já, flýttu þjer að koma“, sagði Ásbjörn, og hann gerði það strax.

Þegar þeir höfðu enn siglt nokkuð, komu þeir að manni, sem stóð og miðaði og miðaði. „Hver ert þú, og hvað á þetta að þýða?“ spurði Ásbjörn í öskustónni. „Jeg hefi svo góða sjón og er svo mikil skytta“, sagði maðurinn, „að jeg gæti hitt það sem væri á heimsenda“, og svo bað hann um að fá að stíga á skip. Honum var sagt, að það væri heimilt, og svo gerði hann það.

Eftir að hafa siglt nokkuð enn, sáu þeir mann, sem hoppaði á öðrum fæti, en hafði sjö þung lóð bundin við hinn. „Hver ert þú?“ sagði Ásbjörn, „og hvað á þetta tiltæki að þýða?“ — „Jeg er svo góður að fljúga“, sagði maðurinn, „að ef jeg gengi á báðum fótum, væri jeg kominn á heimsenda eftir fimm mínútur“, og svo

það hann um að fá að vera með þeim á skipinu. — Það var honum leyft og hann steig á skip.

Þegar þeir höfðu enn siglt nokkuð, sáu þeir mann, sem stóð og hjelt fyrir munninn á sjer. „Af hverju gerir þú þetta, maður minn?“ sagði Ásbjörn í öskustónni. — „O, jeg hefi 7 sumur og 15 vetur í maganum“, sagði náungi þessi, „svo það er eins gott að jeg haldi fyrir munninn, því ef þau kæmust öll út þá yrði heimsendir með það sama“, sagði hann og það svo um að fá að koma með.

„Ef þú vilt koma með okkur, þá stígðu á skip“, sagði Ásbjörn, og maðurinn gerði svo.

Þegar þeir höfðu siglt góða stund, komu þeir til kóngshallarinnar, og Ásbjörn fór beint inn til kóngsins og sagði að nú stæði skipið tilbúið niðri í tröðunum, og nú vildi hann fá kóngsdóttur, eins og kóngur hafði lofað. —

Kóngi leist ekki á blikuna, því pilturinn úr öskustónni var síst glæsilegur ásýndum, svartur og sóttugur, og hann vildi helst ekki gefa svona ljótum manni dóttur sína, og svo sagði hann, að piltur skyldi bíða svolítið, hann gæti ekki fengið dóttur sína, fyrri en hann hefði tæmt kjötskemmu, sem í voru 300 tunnur af kjöti. „Ef þú verður búinn að því um þetta leyti á morgun, skaltu fá hana“, sagði kóngur.

„Jeg skal reyna“, sagði Ásbjörn, „en jeg verð að fá að hafa með mjer einn af fjelögum mínum?“

„Jú, þú mátt það, og meira að segja máttu hafa þá alla sex með þjer“, sagði kóngur, því hann hjelt að það væri ómögulegt að jeta allt kjötið, þótt piltur hefði sex hundruð menn. — En Ásbjörn fór bara með þann, sem lá og át grágrýtið, og sem altaf gat jetið kjöt, og þegar þeir komu inn í skemmuna daginn eftir, þá var ekki biti af kjöti nokkursstaðar, aðeins svolítil flís handa hverjum hinna fjelaganna. Svo þaut Ásbjörn inn til kóngs-

ins, og sagði að nú væri skemman tóm, og nú yrði hann að fá kóngsdóttur.

Kóngur fór út í skemmuna, og tóm var hún, ekki var að efast um það, en Ásbjörn var bæði svartur og sótugur, og kónginum bauð enn við að gefa honum dóttur sína. Svo sagði hann, að hann ætti kjallara fullan af öli og gömlu víni, þrjú hundruð tunnur af hvoru, sem hann vildi láta drekka, áður en piltur fengi dóttur hans. „Og ef þú ert maður til þess að drekka upp úr kjallaranum og vera búinn um þetta leyti á morgun, þá skaltu fá hana,“ sagði kóngur.

„Jeg verð að reyna“, sagði Ásbjörn, „en jeg má líklega hafa einn af fjelögum mínum með mjer?“

„Já, blessaður vertu“, sagði kóngur. „Það er víst nóg af víni handa ykkur öllum sjö!“

Ásbjörn tók þann með sjer, sem altaf saug kranann, og sem altaf var svo þyrstur, og svo læsti kóngur þá inni í kjallaranum. Þar slepti náunginn krananum og drakk tunnu eftir tunnu og leyfði bara nokkrum pottum handa fjelögum sínum. Um morguninn var kjallarinn opnaður og um leið þaut Ásbjörn inn til kóngsins og sagði, að hann væri búinn með ölið og vínið, og nú fengi hann kóngsdóttur, eins og bóúið væri að lofa.

„Ja, fyrst verð jeg að fara niður og gá að“, sagði kóngur, því að hann trúði þessu hreint ekki, en þegar hann kom í kjallarann, voru þar allar tunnur tómar. En enn fanst kóngi ómögulegt að eignast svona svartan og sótugan tengdason, og sagði að ef hann gæti útvegað vatn í teið prinsessunnar, alla leið af heimsenda á 10 mínútum, þá skyldi hann bæði fá stúlkuna og háltf ríkið, því það hjelt kóngur að væri gersamlega ómögulegt.

„Jeg verð að reyna“, sagði Ásbjörn. Svo náði hann í náungann, sem haltraði á öðrum fæti, og hafði sjö þung lóð bundin við hinn, og sagði honum, að hann yrði

að taka af sjer lóðin, og flýta sjer eins og hann gæti, því hann þyrfti að fá vatn af heimsenda eftir 10 mínútur.

Náunginn reif af sjer lóðin, fjekk fötu og stökk af stað, en það drógst að hann kæmi aftur, og að lokum voru ekki eftir nema þrjár mínútur, þangað til tíminn var liðinn, og kóngurinn var svo glaður, að honum lá



Hljóp eftir vatni á heimsenda.

við að dansa. En þá kallaði Ásbjörn á þann, sem heyrði grasið gróa, og fjekk hann til að hlusta eftir, hvað orðið hefði um þann, sem átti að sækja vatnið.

Hinn hlustað og hlustaði og sagði svo: „Hann er sofnaður við brunninn á heimsenda, jeg heyri hann hrjóta, og trölíð er að raula við hann“. Þá hrópaði Ásbjörn á þann, sem gat skotið alt á heimsenda, og bað hann að skjóta trölíð. Jú, það gerði hann, skaut það beint í augað, svo það rak upp ógurlegt öskur, og við það vaknaði náunginn, sem átti að sækja vatnið, og

þegar hann kom með það var enn ein mínúta eftir af hinum tíu.

Ásbjörn hljóp nú inn til kóngsins og sagði, að hjer væri vatnið komið, og nú þyrfti hann ekki að bíða með að fá dóttur hans lengur, hann vildi giftast henni strax. En kónginum fanst Ásbjörn ekkert hafa frikkað, og langaði ekki til þess að fá hann fyrir tengdason. Svo sagði kóngur, að hann ætti 300 faðma af viði, sem hann ætlaði að þurka korn við, „og ef þú getur brent upp öllum þessum viði, þá skaltu fá dóttur mína, og þá deilum við ekki meira um það“, sagði hann. — „Jeg verð víst að reyna“, sagði Ásbjörn „en má jeg hafa einn fjelaga minn með mjer?“ „Já, það máttu, og þó þú vildir hafa þá alla sex“, sagði kóngur.

Ásbjörn tók nú með sjer þann, sem hafði fimtán vetur og sjö sumur í maganum og fóru þeir í eldhúsið um kvöldið. Út gátu þeir ekki komist aftur, því þeir voru ekki fyrr komnir inn, en kóngur setti slagbrand fyrir hurðina. Eldurinn logaði í trjáviðnum, svo þeir ætluðu alveg að stikna. „Þú verður að hleypa út einum sex — sjö vetrum“, sagði Ásbjörn, svo hjer verði mátulega heitt“. Hinn gerði það, og þá var rjett svo að þeir þyldu við, en þegar fór að liða á nóttina, tók þeim heldur að kólna. Þá sagði Ásbjörn, að nú veitti þeim ekki af tveimur sumrum eða svo, og eftir það sváfu þeir langt fram á dag. En þegar þeir heyrðu kónginn vera farinn að eiga við hurðina og losa slagbrandinn, sagði Ásbjörn: „Nú skalt þú sleppa út nokkrum vetrum í viðbót, en hagaðu því svoleiðis, að sá síðasti fari beint framan í kónginn“. Jú, þetta var gert og um leið og kóngur opnaði hurðina, og hjelt að þeir myndu liggja þar brunnir til ösku, þá sátu þeir þar og hríðskulfu af kulda, svo að tenurnar glömrðu í munnum á þeim, og sá sem hafði fimtán vetur í maganum, ljet þann síðasta fara

beint í andlitið á kónginum, svo það varð alt rautt og blátt af frostbólgu.

„Fæ jeg nú kóngsdóttur?“ spurði Ásbjörn úr öskustónni.

„Já, taktu hana og eigðu hana, og svo geturðu fengið ríkið líka“, sagði kóngur, hann þorði nú ekki að neita lengur. Svo var haldið brúðkaup, og mikið um dýrðir og púðurkerlingar sprengdar. Þeir skutu líka úr fall-



Þeir skutu mjer hingað.

byssum, og þegar þeir voru að leita að forhlöðum í þær, þá fundu þeir mig, settu mig í eina fallbyssuna með graut á flösku og mjólk í kórflu og skutu mjer beint hingað, svo jeg gæti sagt frá því, hvernig þetta gekk til. —

Villiendurnar tólf

EINU SINNI VAR DROTNING sem fór út að aka í sleðanum sínum, þegar nýlega var fallin mjöll á jörð. Þegar hún var komin nokkuð áleiðis, fjekk hún blóðnasir og varð að stíga af sleðanum. Meðan hún stóð þar upp við limgirðingu og horfði á rautt blóðið og hvítan snjóinn, fór hún að hugsa um það, að hún ætti tólf syni og enga dóttur, og svo sagði hún við sjálfa sig: Ef jeg ætti dóttur, sem væri hvít sem mjöll og rjóð sem blóð, þá væri mjer sama um synina mína. Hún hafði varla slept orðinu, fyrr en til hennar kom galdra-kerling. „Dóttur skalt þú eignast“, sagði hún „og hvít skal hún verða sem mjöllin og rjóð eins og blóð, en þá vil jeg líka fá syni þína, en þú mátt hafa þá hjá þjer þar til dóttir þín verður skírð“.

Þegar þar að kom, eignaðist drotningin dóttur, og hún var hvít eins og mjöll og rjóð sem blóð, eins og galdra-kerlingin hafði lofað, og þess vegna var hún líka kölluð Mjallhvít Rósrjóð. Það varð mikill fögnuður í konungsgarði, og drotningin var frá sjer numin af gleði, en þegar hún mintist þess, sem hún hafði lofað galdra-norninni, ljet hún silfursmið smíða tólf silfurskeiðar, eina handa hverjum sona sinna, og svo ljet hún smíða eina í viðbót, og hana gaf hún Mjallhvít Rósrjóð. En um leið og kóngsdóttir var skírð, ummynduðust kóngs-synir og urðu að tólf villiöndum, er flugu burt og sáuust ekki meir.

En prinsessan óx og dafnaði, varð bæði stór og falleg, en hún var oft svo undarleg í skapi og sorgmædd, og

enginn gat komist að því, hvað að henni gekk. En svo var það eitt kvöld, að drotningin var líka í þungu skapi, því margt undarlegt flaug henni oft í hug, þegar hún hugsaði um syni sína, þá sagði hún við Mjallhvíti Rós-



Tólf villiendur flugu burt.

rjóðu: „Hvers vegna ertu svona sorgmædd, dóttir góð. Ef þig langar til einhvers, þá skaltu fá það“.

„Ó, mjer finst jeg vera svo einmana“, sagði Mjallhvít Rósrjóð, „öll önnur börn eiga systkini, en jeg er altaf ein, jeg á engan bróður og enga systur, þess vegna liggur svo illa á mjer“.

„Þú hefir líka átt systkini, dóttir mín“, sagði drotningin. „Jeg hefi átt tólf syni, sem voru bræður þínir, en jeg ljet þá alla fara, aðeins til að fá þig“, sagði hún, og svo skýrði hún dóttur sinni frá öllu saman, eins og það hafði gerst.

Þegar kóngsdóttir heyrði þetta, hafði hún engan frið nje ró lengur, og hve mikið sem móðir hennar grjet og

barmaði sjer, þá kom það ekki að haldi, hún vildi leggja af stað til þess að finna bræður sína, því henni fanst þetta alt vera sjer að kenna, og að lokum fór hún að heiman. Hún gekk lengi út í heiminn, svo langt að maður skyldi ekki hafa trúað, að svona fín kóngsdóttir hefði getað gengið svo langt.

Einu sinni hafði hún gengið lengi í stórum skógi, þá kom svo, að hún varð þreytt og settist á þúfu og þar sofnaði hún. Þá dreymdi hana, að hún gengi enn lengra inn í skóginn og kæmi að litlum timburkofa, og að bræður hennar væru þar, en um leið vaknaði hún, og beint fyrir framan sig sá hún troðning í mosanum, og sá götuslóði lá lengra inn í skóginn. Hún gekk eftir þessum stíg, og eftir langa ferð kom hún að litlum kofa, sem var alveg eins og sá, sem hún hafði sjeð í draum-inum.

Þegar hún kom inn, var þar ekki nokkur lifandi maður, en þar stóðu tólf rúm og tólf stólar, tólf skeiðar og tólf hlutir af hverju og einu, sem til var. Og þegar hún sá það, varð hún himinlifandi, svo glöð, að hún hafði ekki verið glaðari árum saman, því hún sá strax, að bræður hennar myndu búa þarna, og að það væru þeir, sem ættu rúmin og skeiðarnar og stólana. Og hún fór að elda handa þeim og leggja í ofninn og kappkostaði að gera allt eins vel og hún gat, og þegar hún var búin að elda handa þeim öllum, þá borðaði hún sjálf, en hún gleymdi skeiðinni sinni á borðinu. Svo skreið hún undir rúmið yngsta bróðurins og fór að sofa.

En ekki var hún fyrr lögst til hvílu, en hún heyrði þyt í lofti, og svo komu allar villiendurnar tólf inn, en um leið og þær komu yfir þröskuldinn, urðu þær strax að kongssonum. „En hvað er gott og hlýtt hjerna“, sögðu þeir. „Guð blessi þann, sem hefir lagt svona vel í ofninn og búið til svona góðan mat handa okkur“. Og svo tóku þeir hver sína silfurskeið og fóru að borða. En þó hver

tæki sína, varð samt ein eftir, og hún var svo lík hinum, að þeir þektu hana ekki frá þeim. Svo litu þeir hissa hver á annan. „Þetta er skeiðin hennar systur okkar“, sögðu þeir, „og fyrst skeiðin er hjer, getur hún ekki verið langt í burtu“.

„Ef þetta er skeiðin hennar systur okkar, og hún er hjer nærri, þá skulum við refsa henni, því henni er alt að kenna það illa, sem við verðum að þola“, sagði elsti bróðirinn, og þetta hlustaði hún á undir rúminu. „Nei“, sagði sá yngsti, „það væri synd að gera henni nokkuð ilt. Hún getur ekkert gert að því, sem við verðum að þola. Ef nokkur á sök á því, þá er það móðir okkar“.

Síðan fóru þeir að leita að henni, bæði hátt og lágt, og að lokum leituðu þeir undir öllum rúmunum, og þegar þeir komu að rúmi yngsta kongssonarins, fundu þeir hana og drógu hana fram. Elsti prinsinn vildi nú aftur að henni yrði refsað, en hún bað sjer griða svo fallega: „Æ, góðu vinir, gerið það ekki“, sagði hún. „Jeg hefi leitað að ykkur í mörg ár, og ef jeg gæti frelsað ykkur, skyldi jeg gjarna gefa líf mitt fyrir ykkur“. — „Já, ef þú vilt frelsa okkur“, sögðu þeir, „þá skulum við ekkert gera þjer, því ef þú vilt gera það, þá geturðu það sjálf. sagt“.

„Já, segið mjer bara, hvernig jeg get frelsað ykkur“, sagði Mjallhvít Rósrjóð, „þá skal jeg gera það; hvað sem það er“.

„Þú átt að tína fífu“, sögðu bræður hennar. „Og svo skaltu kemba, spinna og vefa vef úr fífunni, og þegar þú ert búin að því, þá verður þú að sauma handa okkur tólf húfur, tólf skyrtur og tólf trefla, eitt af hverju handa hverjum okkar, og meðan þú ert að þessu, máttu hvorki tala hlæja nje gráta; getir þú það, þá er okkur boorgið.“

„En hvar á jeg að fá alla þessa fífu?“ spurði Mjallhvít Rósrjóð.

„Það skulum við sýna þjer“, sögðu þeir og svo fóru

þeir með hana út á stóra mýri, þar sem fifan stóð í stórum breiðum og vaggaði í golunni og glampaði á hvítu kollana hennar í sólinni, svo það lýsti af breiðunum langar leiðir. Aldrei hafði kóngsdóttir sjeð svona inikið af fifu áður, og hún fór strax að tína eins fljótt og hún gat, og þegar hún kom heim um kvöldið, fór hún að kemba og spinna úr fifunni. Þannig gekk nú bæði lengi og vel. Hún safnaði fifu, kembdi og spann, og þess á milli hugsaði hún fyrir því, að bræður hennar hefðu góðan mat og bjó um rúmin þeirra, og á kvöldin komu þeir fljúgandi heim og voru þá villiendur, á nóttunni voru þeir aftur á móti konungssynir, en svo á morgnana þutu þeir af stað og voru villiendur allan daginn.

En svo kom það fyrir einu sinni, þegar hún var að tína fifu, — ef mjer skjátlást ekki, þá var það í síðasta sinn, sem hún þurfti að tína, — að ungi konungurinn, sem rjeði þessu ríki, var á veiðum, og kom riðandi yfir mýrina og sá hana. Hann nam staðar og furðaði sig á hver þessi yndislega unga stúlka gæti verið, sem væri að tína fifu þarna úti í mýrinni, og hann spurði hana líka um það, en hún svaraði honum engu, og þá varð hann enn meira hissa og honum leist líka svo vel á hana, að hann vildi fara með hana heim í höll sína og eiga hana fyrir konu. Svo sagði hann þjónum sínum, að þeir skyldu taka hana og setja hana á hestinn fyrir framan hann, en Mjallhvít Rósrjóð benti á pokana, sem hún hafði tínt fulla af fifu og mændi til þeirra biðjandi augum. og þar sem kónginum virtist að hún vildi að pokarnir yrðu teknir með, sagði hann þjónum að taka þá líka. Þegar þeir höfðu gert það, varð kóngsdóttir smásaman rólegri, því að konungur var bæði góður og fallegur maður, og hann var líka svo vingjarnlegur og nærgættinn við hana. En þegar þau komu heim til kóngshallarinnar, og gamla drottningin, sem var stjúpmóðir hans, sá Mjallhvít Rósrjóð, varð hún svo ill í skapi og öfund-

sjúk yfir því að hún var svo falleg, að hún sagði við kónginn: „Sjerðu það ekki að þessi stúlka, sem þú hefir komið með og sem þú ætlar að eiga, hún er galdra-norn, hún hvorki hlær, talar nje grætur?“

Kóngurinn kærði sig kollóttan um hvað hún sagði, en hjelt brúðkaup og gekk að eiga Mjallhvít Rósrjóð og þau lifðu í mikilli sælu og gleði, en hún gleymdi ekki að sauma skyrturnar handa bræðrum sínum fyrir því.

Áður en árið var liðið, eignaðist Mjallhvít Rósrjóð líftinn son, og vegna þess varð gamla drottningin enn öfundsjúkari, og þegar leið á nótt, læddist hún inn til Mjallhvítar Rósrjóðar, meðan hún svaf, tók barnið frá henni og kastaði því í ormagarðinn; svo skar hún hana í fingurinn og smurði blóðinu á varir hennar, fór svo til kónsins og sagði: „Komdu nú og sjáðu“, sagði hún, „hverskonar manneskja það er, sem þú hefir tekið þjer fyrir drottningu nú er hún búin að tortíma sínu eigin barni“. Þá brá konunginum, og hann sagði: „Já, það hlýtur að vera satt, úr því jeg sje það með mínum eigin augum, en hún gerir það víst ekki oftár og í þetta sinn hlífi jeg henni“.

Áður en ár var liðið, eignuðust konungshjónin aftur son, og það fór alveg eins með hann og þann fyrri. Stjúpmóðir kónsins varð enn reiðari og öfundsjúkari, og læddist inn til drotningarinnar meðan hún svaf, tók drenginn og kastaði honum í ormagarðinn, skar drottn-inguna í fingurinn og smurði blóðinu á munninn á henni, og svo sagði hún konunginum, að konan hans hefði líka fyrirfarið þessu barni. Þá varð konungur hryggur, svo hryggur, að enginn trúir því, og sagði: „Já, það hlýtur að vera satt, úr því jeg sje það með mínum eigin augum, en hún gerir það víst ekki oftár, og jeg ætla að hlífa henni einu sinni enn“.

Áður en árið var liðið, átti Mjallhvít Rósrjóð dóttur og hana tók gamla drotningin líka og kastaði í orma-

garðinn, skar drotninguna í fingurinn, bar blóðið á varir hennar og fór svo til kóngsins og sagði: „Nú geturðu komið og sjeð hvort það er ekki satt, sem jeg segi, að hún sje galdranorn, því nú hefir hún líka gert út af við þriðja barnið sitt“. Þá varð kóngur svo harmþrunginn, að engin orð fá lýst því, því þá gat hann ekki hlíft henni lengur, en varð að skipa svo fyrir, að það skyldi brenna hana á báli. Þegar búið var að kveikja í bálkestinum, benti hún að taka skyldi tólf fjalir og leggja þær í kring um bálið, og á fjalirnar lagði hún föt bræðra sinna, en vinstri ermina vantaði í skyrtu yngsta bróðurins, hana hafði hún ekki getað lokið við. Ekki hafði hún fyr gert þetta, en þytur heyrðist í lofti og tólf villiendur komu fljúgandi út úr skóginum, og hver þeirra tók sín föt í nefið og flaug burt með þau.

„Sjer þú nú?“ sagði vonda drotningin við kónginn. „Nú geturðu fyrst sjeð, að hún er regluleg galdranorn, og flýttu þjer nú að láta brenna hana, áður en bálkösturinn er allur brunninn“.

„O, við höfum nógan við“, sagði kóngurinn. „Jeg ætla að bíða svolítið og sjá hvernig þetta fer“. — Í sama bili komu kóngssynirnir tólf ríðandi, svo laglegir og vel vaxnir, að enginn hafði sjeð annað eins, en yngsti bróðurinn hafði andarvæng í staðinn fyrir vinstra handlegginn.

„Hvað gengur hjer á?“ spurðu kóngssynirnir.

„Það á að brenna drotninguna mína, vegna þess að hún er galdranorn og hefir tortímt börnunum sínum“, svaraði konungur.

„Það hefir hún ekki gert“, sögðu bræðurnir. „Talaðu nú systir góð, nú ertu búin að frelsa okkur, frelsaðu nú sjálfa þig“. — Þá talaði Mjallhvít Rósrjóð, og sagði frá hvernig alt hafði farið, hvernig drotningin gamla, stjúp-móðir kóngsins, hafði tekið börnin frá henni um nótt, skorið hana í fingurinn og roðið blóðinu á varir hennar

og kringum munninn, og bræðurnir fóru með kónginn út að ormagarðinum, þar lágu börnin þrjú og ljeku sjer við orma og eiturkvikindi, og fallegri börn var ekki hægt að finna. Þau tók nú konungur úr ormagarðinum og bar þau til stjúpu sinnar og spurði hana, hvaða refsingu sá ætti skilið, sem hefði svikið saklausa drotningu hans og þessi þrjú blessuðu börn. „Þeir sem það hafa gert, ættu



Þau ljeku sjer við orma

að vera rifnir sundur af tólf viltum hestum“, sagði gamla drotningin.

„Sjálfr hefir þú kveðið upp dóminn, og sjálf skaltu fá að þola hann“, sagði konungurinn og svo var gamla vonda drotningin slitin sundur af tólf ótemjum. En Mjallhvít Rósrjóð lagði í ferðalag með bræður sína, mann og börnin þrjú heim til foreldra sinna, og sagði þeim allt sem

gerst hafði, og þá urðu fagnaðarfundir og mikil gleði um alt ríkið. Því kóngsdóttir var endurheimt og hafði líka bjargað bræðrunum sínum tólf.

Smiðurinn, sem kölski þorði ekki að hýsa

EINU SINNI á þeim dögum, þegar Drottinn og Sankti Pjetur gengu um kring niðri á jörðunni, komu þeir til járnsmiðs nokkurs. Þessi smiður hafði samið um það við kölska, að hann ætti hann eftir sjö ár, ef hann væri allan þann tíma leiknastur af öllum smiðum í iðninni, og bæði smiðurinn og sá gamli höfðu ritað nöfn sín undir samninginn. Þessvegna hafði smiðurinn látið rita yfir smiðjudyrnar: „Hjer býr meistari allra meistara.“

Þegar Drottinn kom og sá þetta, gekk hann inn.

„Hver ert þú“ sagði hann við smiðinn.

„Lestu það sem stendur yfir dyrunum,“ svaraði smiðurinn, „en kanske þú kunnir ekki að lesa skrift, og og þá verðurðu að bíða, þangað til einhver kemur, sem getur hjálpað þjer“.

Áður en Drottinn hafði svarað, kom maður með hest og það smiðinn um að járna hann fyrir sig.

„Mætti jeg ekki járna þenna hest?“ spurði Drottinn.

„Reynt geturðu það,“ sagði smiðurinn. „Ekki geturðu gert það verr en svo, að jeg geti lagað það aftur.“

Drottinn gekk þá út og tók einn fótinn af hestinum, lagði hann í eldinn og gerði skeifuna glóandi, því næst hvesti hann nagleana negldi þá í og setti svo fótinn á hestinn aftur, síðan fór hann eins með hina fæturna, uns hann hafði járnað hestinn.

Smiðurinn stóð og horfði á hann. „Þú ert alls ekki svo ljelegur smiður,“ sagði hann.

„Finnst þjer það.“ sagði Drottinn.

Skömmu síðar kom móðir smiðsins í smiðjuna, hún var orðin afgömul, kengbogin af elli, og hrukkótt í framan, og gat rjett staulast áfram.

„Taktu nú eftir því sem þú sjerð,“ sagði Drottinn, hann tók gömlu konuna og lagði hana á eldinn og smíðaði unga yndislega stúlku úr henni.

„Jeg segi aftur, það sem jeg sagði áðan,“ sagði smiðurinn, „þú ert alls ekki svo slakur smiður. „Og þó að yfir dyrunum hjá mjer standi: „Hjer býr meistari allra meistara, — ja maður lærir meðan maður lifir.“ Og með það fór hann heim að borða.

Þegar hann var aftur kominn í smiðjuna, kom maður ríðandi og vildi fá hestinn sinn járnaðan.

„Jeg skal nú ekki vera lengi að því,“ sagði smiðurinn, „Jeg er nýbúinn að læra ágæta aðferð til þess að járna hest fljótt og vel, sú aðferð er góð í skamdeginu, þegar stutt er myrkranna á milli.“ Og svo fór hann að skera, og gat loksins náð öllum fótunum af hestinum, „því ekki veit jeg hvað það á að þýða að vera að filka við einn og einn í einu“, sagði hann. Fæturna lagði hann á eldinn, eins og hann hafði sjeð Drottinn gjöra, setti mikið af kolum á og bljes duglega með belgnum. En þá fór, eins og við var að búast, fæturnir brunnu upp, og smiðurinn varð að borga hestinn. Honum þótti það nú ekki sem skemtilegast en í sama bili kom gömul förukona framhjá, og svo hugsaði smiðurinn: — ef eitt mistekst, þá tekst annað, tók kerlinguna og lagði hana á eldinn, hún grjet og baðst vægðar, en ekkert dugði, „þú skilur ekki, hvað þjer er fyrir bestu, þó þú sjert svona gömul, nú skaltu aftur verða ung og falleg eftir svolitla stund, og jeg skal ekki taka einn eyri fyrir verkið“, sagði smiðurinn. En það fór ekki betur með veslings gömlu konuna, heldur en hestfæturna.

„Illa var þetta gert“, sagði Drottinn.

„O, það sakna hennar nú ekki margir“ svaraði smiðurinn; „en þetta er skömm af kölska, hvað hann

heldur illa samninginn, nú er það ekki lengur satt, sem yfir dyrunum stendur“.

„Ef jeg gæti nú veitt þjer þrjár óskir“, sagði Drottinn. „Hvers myndirðu þá óska þjer?“

„Reyndu mig“, sagði smiðurinn, „og þá færðu að vita það“.

Drottinn veitti honum þá þrjár óskir.

„Þá óska jeg fyrst og fremst, að hver sem jeg bið um að klifra upp í perutrjeð, sem stendur hjer við smiðjuvegginn, verði að sita þar, þangað til jeg bið hann sjálfur að koma niður aftur“, sagði smiðurinn, „og í öðru lagi óska jeg þess, að hver, sem jeg bið að setjast hjer í hægindastólinn inni í smiðjunni, verði að sitja þar kyrr, uns jeg vil að hann standi upp, og í þriðja lagi óska jeg þess, að hver sem jeg bið um að skríða inn í þessa peningapyngju úr stálhlekkjum, sem jeg hefi, verði að vera þar kyrr, þangað til jeg leyfi honum að skríða út aftur“.

„Þú óskaðir sem vondur maður“, sagði Sankti Pjetur, „fyrst og fremst hefðir þú átt að óska þjer kærleika Guðs og náðar“.

„Jeg þorði ekki að biðja um svo mikið“, sagði smiðurinn. Því næst kvöddu þeir hann, Drottinn og Sankti Pjetur, og hjeldu sína leið.

Það leið og beið, og þegar tíminn kom, kom kölski, eins og í samningnum stóð, og ætlaði að sækja smiðinn.

„Ertu tilbúinn núna?“ spurði hann og stakk trýninu inn um smiðjudyrnar.

„Ó, jeg hefði endilega þurft að hnoða haus á naglann þann arna“, sagði smiðurinn. „Klifraðu þarna upp í perutrjeð á meðan og fáðu þjer peru að naga, því þú hlýtur að vera svangur og þyrstur eftir langa göngu.“

Fjandinn þakkaði gott boð og klifraði upp í trjeð.

„Ja, þegar jeg hugsu mig vel um“, sagði smiðurinn, „þá get jeg alls ekki hnoðað höfuð á þennan nagla á fjórum árum, því þetta járn er svo hart. En niður skalt

þú ekki komast þann tíma, svo þú verður að sitja og hvíla þig á meðan“.

Skolli bað og barmaði sjer. Hann vildi endilega fá



„Þetta er ágætur stóll“.

að komast niður aftur, en ekkert dugði. Að lokum varð hann svo að lofa, að hann skyldi ekki koma aftur fyr

en þessi fjögur ár væru liðin, eins og smiðurinn hafði sagt.

„Jæja, þá geturðu komið niður aftur“, sagði smiðurinn.

Og þegar þessi fjögur ár voru liðin, kom kölski aftur að sækja smiðinn.

„Nú ertu þó líklega tilbúinn“, sagði hann. „Að minsta-kosti finst mjer þú nú geta verið búinn að hnoða hausinn á þenna naglaræfil!“

„Jú, hausinn er kominn“, svaraði smiðurinn, „en samt komstu svolítið of snemma, því oddinn er jeg ekki enn búinn að hvesa. Þetta er eins og jeg sagði, svo skolli hart járn, jeg hefi aldrei smíðað úr öðru eins. En meðan jeg slæ odd á naglann, þá geturðu sett þig þarna í hægindastólinn minn og hvílt þig, því þreyttur hlýtur þú að vera“.

„Þakka þjer fyrir það“, sagði kölski og settist í stólinn, en hann var ekki fyr setstur, en smiðurinn sagði, að þegar hann hugsaði sig vel um, þá sæi hann, að hann yrði alls ekki búinn með oddinn á naglanum fyr en eftir fjögur ár. Fyrst það sá gamli fallega um að fá að sleppa úr stólnum, en svo reiddist hann og fór að hóta smiðnum öllu illu, en smiðurinn afsakaði sig eins vel og hann gat, sagði að þetta væri alt vegna þess, hve járnid væri hart, og svo huggaði hann fjandann með því, að hann hefði svo þægilegt sæti þarna í stólnum, að hann munaði ekki mikið um að sitja þar í fjögur ár, og þá skyldi hann líka sleppa á stundinni, þegar þau væru liðin. Að lokum fór svo, að skolli varð að lofa, að hann skyldi ekki sækja smiðinn fyr en eftir fjögur ár, og svo sagði smiðurinn: „Jæja, nú geturðu staðið upp aftur“, og fjandinn af stað, eins fljótt og hann gat.

Eftir fjögur ár kom kölski enn að sækja smiðinn.

„Nú ertu þó líklega tilbúinn“, sagði hann um leið og hann gægðist inn um smiðjudyrnar.

„Já alveg tilbúinn“, sagði smiðurinn, „nú getum við lagt af stað þegar þú vilt. — En, heyrðu mjer — það

er eitt sem jeg hefi hugsað mikið um, og sem jeg ætla að spyrja þig um: er það satt það sem sagt er. að þú getir gert þig eins lítinn og þjer sýnist?"

„Víst er það satt“, sagði kölski.

„Æ, þá gætirðu gert mjer þann greiða að skríða niður í þessa pyngju hjerna og gá hvort hún er heil“, sagði smiðurinn. „Jeg er svo hræddur um að jeg týni ferðapeningunum mínum“.

„Það skal jeg gjarnan gera“, sagði skolli. Hann gerði sig agnarlítinn og skreið niður í pyngjuna. En ekki var hann fyr kominn ofan í, en smiðurinn lokaði pyngjunni.

„Jú, hún er alsstaðar heil, og hvergi gat“, sagði fjandinn í pyngjunni.

„Ja, þú segir það laxi“, sagði smiðurinn, „en mjer finst betra að hafa allan vara á um það, jeg ætla að sjóða hlekkina svolítið til frekari fullvissu“, með það lagði hann pyngjuna á eldinn og hún varð fljótt glóandi.

„Æ, æ, æ“, skrækti fjandinn í pyngjunni. „Ertu vitlaus, veistu ekki að jeg er í pyngjunni?“

„Ja, ekki get jeg hjálpað þjer, það er sagt að maður eigi að hamra járníð meðan það er heitt“, sagði smiðurinn, og með það tók hann stóru sleggjuna sína, lagði pyngjuna á steðjann, og barði á hana eins fast og hann hafði krafta til.

„Ó, ó, ó,“ æpti skolli í pyngjunni. „Góði vinur, ef þú lofar mjer út, skal jeg aldrei koma aftur“.

„Ja, nú held jeg að hlekkirnir bili ekki“, sagði smiðurinn, „og nú getur þú komist út“. Svo opnaði hann pyngjuna og skrattinn af stað, svo fljótt að hann leit ekki einu sinni við á hlaupunum.

En eftir nokkurn tíma datt smiðnum það í hug, að það hefði kanske verið heimskulegt af sjer að gera kölska reiðan við sig. „Því ef jeg kæmist nú ekki inn í himnaríki“, hugsaði hann, þá gæti svo farið, að jeg yrði yfirleitt húsnæðislaus í eilífðinni, fyrst jeg er búinn að reita karl þann til reiði, sem ræður húsum á neðri

bygðinni. Svo hugsaði smiðurinn að hann yrði að reyna að athuga í hvorn staðinn maður gæti komist, til þess að hafa tímann fyrir sjer, svo hann tók sleggjuna sína og hjelt af stað.

Þegar hann hafði farið nokkra leið, kom hann að krossgötum, þar sem vegurinn til himnaríkis liggur frá þeim sem til heljar má snúa. Þarna náði smiðurinn skraddara einum, sem hraðaði sjer áfram með pressujárnið sitt í hendinni. „Góðan daginn“, sagði smiðurinn. „Hvert ætlar þú“

„Til himnaríkis og reyna hvort jeg fæ ekki inni þar“, sagði skraddarinn. „En hvert ferð þú?“

„O, við eigum þá ekki langa samleið“, sagði smiðurinn. „Jeg hefi nú hugsað mjer að reyna í víti fyrst, af því að jeg þekki húsbóndann þar lítilsháttar“.

Svo kvöddust þeir og hvor fór sína leið, en smiðurinn var sterkur maður og göngugarpur hinn mesti og gekk langtum hraðar en skraddarinn, og ekki hafði hann lengi gengið áður en hann kom að hliðum vítis. Hann ljét vörðinn segja frá komu sinni, og segja að hann vildi gjarnan segja nokkur orð við húsbóndann. Fjandinn bað varðmanninn að spyrja, hver komumaður væri.

„Skilaðu kveðju til kölska og segðu, að kominn sje smiðurinn, sem átti pyngjuna, og sem hann muni sjálf-sagt eftir, og biddu hann blessaðann að lofa mjer inn strax, því jeg hefi smíðað fram til hádegis, og síðan hefi jeg gengið langa leið“.

Þegar skolli fjekk þessi skilaboð, skipaði hann varðmanninum að læsa hliðum helvítis með níu lásum, „og settu meira að segja einn í viðbót, því ef hann kemst inn, verður allt vitlaust í mínum húsum!“

„Hjer er þá ekkert athvarf að fá“, sagði smiðurinn við sjálfan sig, er hann sá, að þeir lokuðu hliðunum, „þá verð jeg víst að reyna himnaríki“. Og svo sneri hann við, og skálmaði stórum, þar til hann kom á krossgötunum, þar

sem hann hafði hitt skraddarann, og svo fór hann sama veg og skraddarinn hafði farið, en af því, að hann hafði farið svo langa leið til einskis gagns, tók hann nú að gerast í meira lagi langstígur, svo að hann kom að hliðum himnaríkis, um leið og Sankti Pjetur hleypti skraddaranum inn fyrir hurðina.

Smiðurinn var þá ein sex eða sjö skref frá hliðinu. — Hjer þarf skjótra ráða, hugsaði hann, greip sleggjuna og kastaði henni milli stafs og hurðar um leið og skraddarinn smaug inn. En hafi smiðurinn ekki komist inn með hjálp sleggjunnar, þá veit jeg ekki hvað hefir orðið af honum.

Töfrapípan

ÞAÐ VAR EINU SINNI bóndi, sem var orðinn svo skuldugur, að jörðin var seld fyrir honum upp í skuldir. En maður þessi átti þrjá sonu, hjetu þeir Pjetur, Páll og Jón. Þeir hjengu heima og vildu ekkert gera, því þeim fanst engin vinna nógu góð handa sjer.

Loksins heyrði Pjetur, að kónginn vantaði mann til þess að gæta hjeranna sinna, en af þeim átti hann mesta sæg. Sagði þá Pjetur við pabba sinn, að þetta vildi hann gera, því hann vildi helst ekki vinna hjá neinum lægra settum en konungi. Faðir hans hjelt nú, að einhver vinna myndi kannske vera betri fyrir hann en þessi, því sá sem átti að gæta hjeranna, varð að vera ljettur á sjer og árvakur, því þegar hjeraranir tóku til að hlaupa og kom stygð að þeim, þá var annað verk að gæta þeirra, en að rangla um eins og Pjetur hafði lengst af gert.

En Pjetur sagðist nú ekki setja það fyrir sig, hann skyldi komast í þessa atvinnu, svo tók hann malpoka sinn og labbaði af stað, og þegar hann hafði gengið nokkuð langt, kom hann að gamalli kerlingu, sem hafði fest nefið á sjer í viðarbol, og reyndi með öllu móti að losa það. Pjetur fór að skellihlæja, þegar hann sá þessa sjón.

„Stattu ekki þarna og flissaðu“, sagði kerlingin, „en komdu heldur og hjálpaðu gömlum vesalingi. Jeg ætlaði að kljúfa svolítið af viði, en festi þá nefið á mjer hjer og hefi nú ekki smakkað matarbita í hundrað ár“.

En Pjetur hló enn meir, honum fanst þetta bara gaman, og sagði, að fyrst hún hefði verið þarna í hundrað ár, þá gæti hún sjálfsagt verið þar í önnur hundrað.

Þegar Pjetur kom til kóngshallar, var hann strax tekinn fyrir smala. Það var ekki margt að því að vinna þar, gott fæði og góð laun fjekkk maður, og hver vissi nema hann næði í kóngsdóttur í tilbót, en ef það vantaði einn einasta af hjerunum, skyldu verða skornar þrjá skinnlengjur úr bakinu á honum, og honum varpað í ormagarðinn. Meðan Pjetur var með hjerana á leiðinni í haggann og í heimahögum, hjeldu þeir sig allir í hóp, en þegar leið á daginn, og þeir komu út í skóginn, tóku þeir að rása um alt, yfir ása og hæðir. Pjetur hljóp sprengmóður á eftir þeim, og að lokum sá hann ekki nema einn einasta hjera, og svo hvarf hann líka, en þá varð Pjetur að leggjast niður, til þess að kasta mæðinni.

Þegar á daginn leið, lagði hann af stað heimleiðis, og var altaf að gá, hvort ekki kæmu hjerarnir, en ónei, ekki sást einn einasti, og þegar hann kom heim að höllinni, stóð kóngur tilbúinn með hnífinn sinn og skar þrjár skinnlengjur úr baki hans, stráði pipar og salti í og ljet kasta Pjetri í ormagarðinn.

Er nokkuð var umliðið, vildi Páll fara og gæta hjeranna kónsins. Karl faðir hans sagði það sama við hann, og jafnvel meira en hann hafði sagt við Pjetur, en hann vildi endilega fara, það var skelfingar óðagot á honum, og alt fór líka á sömu leið með hann og Pjetur bróður hans. Hann losaði ekki kerlinguna, misti alla hjerana, og var kastað í ormagarðinn, hvernig sem hann hljóp og hamaðist, ekkert dugði.

Þá var það nú hann Jón, yngsti bróðirinn, sem endilega vildi fara og reyna, hvort hann gæti ekki gætt hjeranna betur en bræður hans, og þetta sagði hann föður sínum: „Mjer finst það alveg ágæt vinna að gæta þessara hjera, maður getur týnt ber og sleikt sólskinið milli þess sem maður lítur eftir greyjunum“.

Faðir hans hjelt að kannske væri einhver vinna, sem hæfði Jóni betur, en að gæta hjeranna, ekki hefði farið svo vel fyrir bræðrum hans tveim, „enda skaltu ekki

halda að þjer dugi að liggja eins og dauðýfli, því hjerarnir eru ekki seinir á fæti, og betur er þeim að vera frá, sem ætlar að halda allri hjörðinni til haga“.

„Jæja, mjer er nú sama, hvernig það fer“, sagði Jón, „jeg skal fara til kóngsins og verða vinnumaður hjá honum, og hjeranna skal jeg gæta því það getur varla verið meiri vandi að gæta þeirra, en að eiga við kálfa og kýr!“ Svo tók Jón karlinn malinn sinn og lagði kotroskinn af stað.

Þegar hann hafði gengið lengi, svo hann var farinn að verða svangur, kom hann þar að sem kerlingin stóð með nefið í viðarkubbum, og stritaði við að losa sig.

„Sæl vert þú, gamla mín“, sagði Jón. „Hvað ertu að gera við nefið á þjer, brýna það?“

„Æ, komdu hjerna drengur minn, og hjálpaðu mjer til að losa mig“, sagði kerlingin, „og gefðu mjer svo örlítinn matarbita, því jeg er orðin sæmilega svöng af því að standa hjer svo lengi, og það getur vel verið, að jeg geti gert þjer smágreiða í staðinn“.

Þá klauf Jón drumbinn fyrir hana, svo hún gat losað nefið, síðan gaf hann henni af nesti sínu, og kerlingin var æði matlystug, hún át bróðurpartinn af nestinu.

Þegar þau voru búin að borða, gaf kerlingin Jóni pípu, sem var svo gerð, að ef maður bljes í annan endann á henni, þá fór alt það langt frá manni, sem maður vildi hafa burtu, en ef blásið var í hinn endann, kom það alt aftur til manns, og ef hann týndi pípunni, eða einhver fengi hana hjá honum, gæti hann fengið hana strax aftur, bara með því að óska að hún væri komin.

Þegar Jón kom til kóngshallar, var hann strax ráðinn fyrir smala, og átti hann að fá kaup og fæði, og gæti hann gætt hjeranna kóngsins, svo enginn týndist, væri ekki ómögulegt, að hann fengi kóngsdóttur fyrir konu; en ef nokkur hjeranna týndist, skyldi Jóni verða varpað í ormagarðinn, en fyrst yrðu ristar þrjár skinnlengjur af bakinu á honum. Og kóngurinn var svo viss um, að Jón

myndi týna af hjerunum, að hann fór að brýna hnifinn sinn strax.

„Það er nú ekki mikið verk að gæta þessara hjera“, sagði Jón heldur drjúgur, því þegar þeir fóru á beit, voru þeir þægir eins og bestu kindur. Og meðan hann var með hjerana í heimahögum, gekk alt vel, en er hann nálgadist skógarásana fór heldur að versna, og þustu nú hjerarnir í allar áttir, og þegar leið að hádegi, og sólskinið var orðið bjart og heitt úti, fóru hjerarnir að fela sig í skorningum og holum.

„Jæja, ef þið viljið dreifa ykkur, þá er það velkomið“, sagði Jón, bljes í annan enda pípunnar sinnar, og hjerarnir þustu eins og fjaðrafok í allar áttir, miklu lengra en þeir höfðu nokkurntíma farið áður. Svo hvíldi hann sig og ljet fara vel um sig í sólskininu, en síðan reis hann upp, er tími var til kominn og bljes í hinn endan á pípunni, og áður en hann gæti áttað sig, voru allir hjerarnir komnir og stóðu fyrir framan hann í röðum eins og hermenn. „Þetta er meiri pípan“, sagði Jón smali við sjálfan sig. Síðan rak hann hjerana heim til kóngshallar, eins og kindahóp.

Kóngur og drotning og meira að segja kóngsdóttir stóðu úti og furðuðu sig á hverskonar smali þetta væri, sem gætti hjeranna þannig, að hann kæmist með þá heim aftur, og kóngur taldi og reiknaði, og benti á hvern einstakan hjera og taldi á fingrum sjer og lagði saman aftur, en það vantaði ekki svo mikið sem einn hjeraunga. — „Þetta er sveimjer duglegur smali“, sagði kóngsdóttir.

Daginn eftir fór hann aftur út í haga með hjerana. En þegar hann lá og ljet fara vel um sig úti í hlíð og át jarðarber, kom þerna kóngsins til hans. Hún hafði verið send, til þess að komast eftir því, hvernig hann færi að að gæta hjeranna svona vel.

Jón tók upp pípuna og sýndi henni. Svo bljes hann í annan endann, og hjeranir dreifðu sjer eins og fjaðrafok yfir hæðir og ása, en síðan bljes hann í hinn, og um leið

komu þeir hlaupandi og röðuðu sjer fyrir framan hann.

Þetta fanst þernunni skemtileg pípa. Hún sagðist gjarna vildi gefa hundrað dali fyrir hana. — „Viltu selja hana?“ sagði hún,

„Já, þetta er mikil pípa“, sagði Jón smali, og fyrir peninga er hún ekki fól, en ef hún vildi láta hann hafa hundrað dali og koss í uppbót á hvern dal, þá skyldi hún fá pípuna, sagði hann.

Jú, það sagðist hún skyldi gera; hún skyldi jafnvel láta hann fá tvo kossa með hverjum dal og þakkir í kaupbæti.

Svo fjekk hún pípuna. En þegar hún kom heim í kóngshöllina, þá var pípan horfin, því Jón smali hafði óskað að hún hyrfi til sín aftur, og þegar leið að kveldi, kom hann heim með hjerana sína eins og þægan fjárhóp, og kóngurinn fór kannske að telja og reikna, en þeir voru samt allir.

Priðja daginn sem hann gætti hjeranna, sendu konungshjónin dóttur sína til hans, til þess að ná af honum pípunni. Hún gerði sig mjög blíða á manninn, bauð honum 200 dali ef hann vildi selja henni pípuna og segja henni hvernig hún ætti að fara að, til þess að komast með hana alla leið heim.

„Þetta er stórmerkileg pípa“, sagði Jón, „og ekki er hún fól“, sagði hann, en hann yrði víst að gera það fyrir hana að láta hana fá pípuna, ef hún borgaði honum 200 dali og kysti hann tvö hundruð kossa í tilbót, en ef hún vildi ekki missa pípuna, þá var bara að gæta hennar vel, og fyrir því varð hún að sjá sjálf.

Þetta fanst kóngsdóttur hátt verð fyrir eina hjerapípu, og það var eins og henni væri ekki um að láta Jón smala hafa alla þessa kossa, en fyrst þetta var inni í skógi, og enginn sá til, þá varð að hafa það, því pípuna varð hún að fá, hugsaði hún. Og þegar Jón smali var búinn að fá sitt vel útlátið, skundaði kóngsdóttir heimleiðis og hjelt dauðahaldi um pípuna alla leiðina, en þegar hún var rjett

að koma heim, hvarf pípan alt í einu úr höndunum á henni.

Daginn eftir ætlaði drotningin sjálf af stað og ná pípunni, og hún sagði að það skyldi ekki bregðast, að hún kæmist með hana alla leið heim.



Jón smali kyssir kóngsdóttur.

Hún var nískari á fje, og bauð ekki nema 50 dali, en hún varð að hækka tilboðið, svo það komst upp í 300. Smalinn sagði, að þetta væri hreinasta undrapípa, og 300 dalir væru ekkert verð, en af því að það væri nú hún sjálf, drotningin, þá skyldi hún fá pípunu fyrir þetta verð, ef hún kysti sig rembingkoss fyrir hvern dal í tilbót. Kossana fjekk Jón vel úti látna, því á því sviði var drotningin ekki eins naum, og á aurunum.

Þegar hún hafði fengið pípunu, bæði batt hún hana fasta við sig og hjelt um hana, en það fór ekki hótí betur fyrir henni en hinum, því hún hvarf alt í einu um það

leyti sem hún kom heim, og um kvöldið kom Jón með hjerana alla í einum hóp.

„Miklir skelfilegir aumingjar eruð þið“, sagði kóngurinn. „Jeg verð víst að fara sjálfur“, bætti hann við og klór-aði sjer í hnakkanum, „annars náum við aldrei þessu pípu-ræskni af honum Jóni. Jeg sje, að það er ekki um annað að gera“.



„Jeg verð víst að fara sjálfur“.

Og þegar Jón smali var kominn út í skóg með hjerana daginn eftir, fór kóngur á eftir honum, og fann hann í sömu brekkunni, þar sem kvenfólkið hafði heimsótt hann.

Þeim kom ágætlega saman, og skemtu sjer hið besta, og Jón sýndi kóngi pípuna, bljes í báða enda hennar og kóngi fanst þetta fyrirtaks pípa, og vildi endilega kaupa hana, þótt hann yrði að gefa fyrir hana 1000 dali.

„Já, þetta er mikil pípa“, sagði Jón smali, „og fyrir peninga er hún ekki fól“, sagði hann, „en sjerðu hvítu merina þarna niðri?“ spurði hann og benti út í skóginn.

„Ójá, þetta er nú hryssan mín, hún Hvít“, sagði kóngur. „Ætli jeg þekki hana ekki“.

„Jæja, ef þú vilt borga mjer 1000 dali og kyssa hvítu merina, sem er á beit þarna niðri í mýrinni, bak við stóra furutrjæð, þá skaltu fá pípuna mína“, sagði Jón.

„Er hún ekki fól fyrir neitt annað“, spurði kóngur.

„Nei, það er hún ekki“ sagði Jón smali.

„En jeg má þó líklega leggja silkiklútinn minn á milli, þegar jeg kyssi merina?“ sagði kóngur.

Jú, það mátti hann, og svo fjekk hann pípuna og setti hana í pyngjuna sína, og lokaði síðan pyngjunni, og svo flýtti hann sjer heimleiðis, en þegar hann kom þangað, og ætlaði að fara að taka upp pípuna, þá hafði ekki farið betur fyrir honum en kvenfólkinu, hann hafði ekki pípuna frekar en þær, og Jón smali kom með hjerahópin, og ekki vantaði svo mikið sem einn unga.

Kóngur var æfareiður við Jón, af því hann hafði gabbað þau öll sömun og ekki einu sinni látið hann hafa pípuna, og sagði, að nú skyldi hann missa lífið, og drotningin sagði það sama, að best væri að taka svona svikara af lífi tafarlaust.

Jóni fanst það alls ekki rjett, að fara þannig að, því hann hefði ekki gert annað en það, sem honum hefði verið sagt að gera, og hann hefði varið bakið á sjer og líf sitt eins og hann hefði best getað.

Kóngur sagði, að það væri alveg sama, en ef Jón gæti logið stóra ölkerið hans svo fult, að út úr því flóði, þá skyldi hann þyrma lífi hans.

„O, það er nú hvorki langt nje erfitt verk, og ekki verð jeg lengi að því“, sagði Jón smali. — Og svo byrjaði hann að segja frá því, hvernig honum hefði gengið frá því fyrsta, hann sagði frá kerlingunni, sem var föst á nefinu, og alt í einu sagði hann: „Nú verð jeg víst að ljúga einhverju, ef kerid á að verða fult!“ og svo sagði hann frá pípunni, sem hann fjekk, og um þernuna, sem kom til hans og vildi kaupa af honum pípuna fyrir 100 dali, og um alla kossana, sem hún varð að gjalda í kaupbæti úti í skógi, og svo talaði hann um kóngsdóttur, hvernig hún kom til hans og kysti hann svo vel fyrir pípuna, úti í skógi, án þess að nokkur sæi það nje heyrði, — „en ljúga verð jeg einhverju, ef kerid á að vera fult“, sagði Jón

smali, og svo fór hann að segja frá drotningunni, hve nísk hún væri á skildinginn, og ósýnk á rembingkossa, — „jag verð að ljúga meiru, ef kerid á að fyllast“, sagði Jóni smali.

„Nú finst mjer það sæmilega fult“, sagði drotningin.

„Ekki finst mjer það“, sagði kóngur.

Þá fór Jón að tala um það, þegar kóngur kom til hans, og mintist á hvítu merina niðri í mýrinni, — og ef hann vildi fá pípuna, þá yrði hann já með leyfi, ef jeg á að ljúga kerid fult, þá verð jeg að segja sitt af hverju. . .“, sagði Jón smali.

„Hættu strákur, hættu, það er fult! Sjerðu ekki að það flóir út af barminum?“, kallaði kóngur.

Svo fanst þeim best konungshjónunum, að Jón fengi dóttur þeirra og hálftríkið, það var ekki annað hægt.

„Ja, þetta var meiri pípan“, sagði Jón smali.

Sagan af Vindskegg bónda

EINU SINNI voru hjón, sem áttu einn son, og hann hjet Hans. Móður hans fanst að hann ætti að fara í vinnumensku og vinna fyrir sjer, og sagði við mann sinn, að hann ætti að ráða hann einhversstaðar. „Og hann verður að læra svo mikið, að hann verði meistari allra meistara“, sagði hún, og svo ljet hún nesti og neftóbak í malinn handa þeim.

Jú, þeir hittu marga, sem gátu kennt, en allir sögðust þeir geta gert strák jafnfiman og þeir voru sjálfir, en ekki væri hægt að gera hann fremri. Þegar bóndi kom heim til konu sinnar með þessar fregnir, sagði hún: „Jæja mjer er nú sama, hvernig þú ferð að, en hann verður að verða meistari allra meistara“. Svo lögðu þeir af stað aftur, eftir að hafa fengið mat og tóbak í malinn bóndans.

Þegar þeir höfðu farið drjúga leið, komu þeir á ísi lagt vatn, þar mættu þeir manni, sem kom akandi í sleða, sem brúnn hestur var fyrir. „Hvað eruð þið að fara“, sagði hann.

„Jeg þarf að koma syni mínum til einhvers, sem getur kent honum nógu mikið, því að kerlingin mín er af svo fínum ættum komin, að hún vill gera hann að meistara allra meistara“, sagði maðurinn.

„Það hittist ekki illa á“, sagði maðurinn, sem sat í sleðanum, „því að þetta get jeg gert og jeg er meira að segja að leita að slíkum lærisveini. Komdu upp í sleðann, drengur minn“, sagði hann við strák. Og svo óku þeir bara beint upp í loftið.

„Nei, nei, bíðið örlítið“, sagði faðir drengsins, „jég þarf að fá að vita hvað þú heitir og hvar þú átt heima“, sagði hann.

„Ó, jég á heima bæði í austri, vestri, suðri og norðri, og Vindskeggur bóndi heiti jég“, sagði meistarinn. — „Eftir ár getur þú komið hingað aftur, og þá skal jég segja þjer, hvort það er hægt að gera hann svona lærðan“, sagði hann. Og svo óku þeir áfram í loftinu og hurfu.

Þegar árið var liðið, kom faðirinn og spurði um son sinn. — „O, það er nú ekki hlaupið að því, að læra svona mikið á einu ári. Nú er hann rjett farinn að læra að stauta sig áfram í fræðunum“. Jæja, svo samdist þeim um að Vindskeggur bóndi skyldi kenna piltinum eitt ár enn, og faðir hans svo koma og sækja hann.

Þegar ár var liðið, hittust þeir enn á sama stað. — „Jæja, er hann nú orðinn fullnuma“, spurði faðirinn. — „Nú er hann meistari minn, og nú sjerð þú hann aldrei framar“, sagði Vindskeggur bóndi, og áður en maðurinn gat almennilega áttað sig á því, hvað um var að vera, voru þeir horfnir báðir tveir, Vindskeggur og sonur hans.

Þegar maðurinn kom heim, spurði húsfreyja, hvort sonur þeirra kæmi ekki líka, eða hvað væri orðið af honum. — „Ó, guð einn veit, hvað um hann varð“, sagði maður hennar, „þeir flugu upp í loftið“, og svo sagði hann konu sinni, hvernig þetta hefði allt farið. En þegar konan heyrði, að maður hennar vissi ekki, hvar sonurinn væri niður kominn, þá sendi hún hann af stað aftur. „Þú skalt sækja drenginn, þótt þú verðir að sækja hann til vonða karlsins sjálfs“, sagði hún; fjekk honum neftóbak og nesti í malinn.

Þegar hann hafði gengið langar leiðir, kom hann að miklum skógi, og gekk allan daginn um skóglinn, og þegar fór að rökkva, sá hann stórt rjóður og þangað

fór hann. Þar stóð lítill kofi undir klettum nokkrum, og fyrir utan hann stóð kerling og dró vatnsfötu upp úr brunni með nefinu, svo langt var það og sterkt.

„Góða kvöldið, móðir góð“, sagði maðurinn. „Gott kvöld“, sagði kerlingin, „enginn hefir kallað mig móður í hundrað ár“, sagði hún. — „Fæ jeg að gista hjer í nótt?“ spurði maðurinn. „Nei“, sagði kerling. En þá tók maðurinn upp neftóbak og gaf kerlingunni. Þá varð hún svo glöð, að hún fór að dansa, og lofaði manningum að vera um nóttina. Eins og af tilviljun spurði hann eftir Vindskegg bónda. Hún sagðist ekki vita neitt um hann, en hún rjeði yfir öllum ferfættum dýrum, og það gat verið að eitthvert þeirra vissi um hann. Svo bljes hún í pípu, og þá komu þau öll, en ekkert þeirra vissi neitt um Vindskegg bónda. — „Jæja, við erum nú þrjár systur“, sagði kerling, „kanske hinar viti hvar hann er. Jeg skal lána þjer hest, þá kemstu þangað annað kvöld, en það eru 300 mílur þangað sem hún á heima, sú sem nær býr“.

Maðurinn lagði svo af stað um morguninn, og hann var kominn á áfangastaðinn um kvöldið. Þegar hann kom inn í kofann, stóð kerlingin þar og skaraði í eldinn með nefinu.

„Gott kvöld móðir góð“, sagði maðurinn.

„Sæll vert þú“, sagði kerlingin.

„Nú hefi jeg ekki verið kölluð móðir í hundrað ár“, sagði hún.

„Get jeg fengið að gista hjer í nótt?“ spurði maðurinn.

„Nei“, sagði kerling. En þá tók maðurinn upp neftóbak og gaf henni á handarbakið. Þá varð hún svo glöð, að hún brá á leik, og sagði að manningum skyldi heimil gisting um nóttina. Þegar þau voru sest að snæðingi, spurði maðurinn um Vindskegg bónda. Nei, kerling vissi ekki neitt um hann, en hún rjeði yfir öllum fiskum,

sagði hún, og það gat verið að einhver þeirra vissi um Vindskegg bónda. Svo bljes hún í pípu, sem hún hafði og yfirheyrði fiskana, en enginn vissi neitt. „Ja, jeg á eina systur í viðbót“, sagði kerling, „kannske hún viti eitthvað um þennan Vindskegg. Hún býr sex hundruð mílur hjeðan, en jeg skal lána þjer hest og þá kemstu þangað annað kvöld“.



Hún skaraði í eldinn með nefinu.

Maðurinn lagð svo af stað um morguinn, og var kominn á áfangastað um kvöldið. Þegar hann kom inn til þriðju kerlingarinnar, stóð hún líka og skaraði í eldinn með nefinu, svo langt var það og sterkt.

„Gott kvöld, móðir góð“, sagði maðurinn.

„Sæll vert þú, maður minn“, sagði kerling. „Ekki hefi jeg verið kölluð móðir í heila öld“, sagði hún.

„Ætli jeg geti fengið að gista hjer í nótt?ö sagði maðurinn.

„Nei“, kvað kerling. En þá náði maðurinn í tóbakið og holti stórri hrúgu á handarbakið á kerlingunni. Þá varð hún svo glöð, að hún fór að dansa, og lofaði mannum að vera um nóttina. Auðvitað spurði hann eftir Vindskegg bónda. Ekki sagðist kerla vita neitt um hann, en hún sagðist ráða yfir fuglunum, og bljes í pípu og kallaði á þá. Þegar hún var búin að spyrja þá alla spjörunum úr, sá hún að örninn vantaði, en hann kom rjett á eftir, og þegar hún spurði hann, sagði hann, að hann kæmi beint frá Vindskegg bónda. Svo sagði kerling að örninn ætti að fylgja mannum þangað. En örninn vildi fyrst fá eitthvað að jeta, og hvíla sig um nóttina, því hann var svo þreyttur eftir langa ferð, að hann gat varla lyft sjer til flugs.

Þegar örninn var búinn að sofa og hvíla sig, tók kerling eina fjöður úr stjeli hans og setti manninn þar í staðinn. Og svo flaug örninn af stað með hann, en ekki komu þeir til húsa Vindskeggs bónda fyr en um miðnætti. Þegar þeir voru komnir þangað, sagði örninn:

„Það liggja hræ og rusl fyrir dyrum, en skiftu þjer ekki af því. Þeir, sem inni eru, sofa allir svo fast, að þeir vakna ekki, þótt eitthvað gangi á, en þú skalt fara beint í borðskúffuna og taka þar þrjár brauðsneiðar, og ef þú heyrir einhvern hrjóta, skaltu fara til hans og taka þrjár fjaðrir úr hárinu á honum; hann vaknar ekki fyrir því“.

Maðurinn gerði svo sem fyrir hann var lagt, tók fyrst eina fjöður. — „Æ“, sagði Vindskeggur bóndi. Svo tók maðurinn aðra og Vindskeggur veinaði enn, og þegar hann tók þá þriðju, hljóðaði Vindskeggur svo hátt, að

maðurinn hjelt að alt myndi hrynja, en hann vaknaði samt ekki. Svo sagði örninn manninum, hvað hann ætti að gera þar á eftir, og hann fór eftir ráðum hans: gekk að fjósdýrum og þar rakst hann á stóran stein. Þenna stein tók hann með sjer, undir honum voru þrír hefilspæninir, og þá tók hann líka. Svo barði hann á fjósdýrnar og þær opnuðust strax. Hann kastaði þá brauð-



„Æ“, sagði Vindskeggur.

sneiðunum þrem, og hjeri kom hlaupandi og át þær. Svo tók maðurinn hjerann. Örninn bað svo manninn að taka þrjár fjaðrir úr stjeli sínu, og setja hjerann, steininn og hefilspæninna þar í staðinn, ásamt sjálfum sjer og svo skyldi hann fljúga með alt saman heim.

Þegar örninn hafð flogið langar leiðir, settist hann á stein.

„Sjerðu nokkuð?“ spurði hann manninn.

„Já, jeg sje krákuhóp koma fljúgandi á eftir okkur“, sagði maðurinn.

„Jæja, þá er víst best að halda áfram“, sagði örninn, og svo flaug hann aftur af stað.

Eftir stundarkorn spurði örninn aftur: „Sjerðu nokkuð?“

„Já, nú eru krákurnar alveg að ná okkur“, sagði maðurinn.

„Kastaðu þá fjöðrunum þrem, sem þú tókst af Vindskegg“. Maðurinn gerði svo, og fjaðrirnar urðu að hrafnahóp, sem rák krákurnar heim aftur.

Svo flaug örninn langar leiðir með manninn og settist svo á stein til að hvíla sig.

„Sjerðu nokkuð?“ spurði hann.

„Jeg er ekki viss um það“, sagði maðurinn, en jeg held að það sje eitthvað á ferðinni þarna langt í burtu“

„Við verðum þá víst að halda áfram“, sagði örninn.

„Sjerðu nokkuð?“ spurði örninn eftir dálitla stund.

„Já“, sagði maðurinn, nú er Vindskeggur bóndi á hælum okkar“ sagði hann.

„Kastaðu þá hefilspónunum, sem þú tókst við fjósdyrnar“, sagði örninn. Maðurinn gerði svo, og þeir urðu að gríðarlega stórum skógi, svo Vindskeggur varð að fara heim og sækja öxi til þess að höggva sjer braut í gegnum hann. Svo flaug örninn en langa leið, en fór svo að þreytast og settist í trje.

„Sjerðu nokkuð nú?“ sagði hann eftir góða stund.

„Já, nú er hann Vindskeggur að ná okkur aftur“, sagði maðurinn.

„Kastaðu þá steininum sem þú tókst við fjósdyrnar“, sagði örninn. Maðurinn gerði það, og steinninn varð að háu fjalli og löngu, sem Vindskeggur varð að grafa sig í gegnum. En þegar hann var kominn inn í mitt

fjallið, braut hann annan fótinn á sjer, og varð að fara heim og binda um hann.



„Kastaðu nú steininum!“

Meðan hann var að því flaug örninn heim til mannsins með hann og hjerann, og þegar þeir voru komnir heim, flýtti maðurinn sjer út í kirkjugarð og kastaði

vígðri mold á hjerann, og um leið varð hann að syni hans, honum Hans, sem hafði farið út í heiminn til þess að læra.

Nokkru síðar átti að halda hestamarkað, og þá gerði piltur sig að brúnum hesti, og bað föður sinn að fara á markaðinn með sig. „Þegar einhver kemur og vill kaupa mig, skalt þú segja, að þú viljir selja mig fyrir hundrað dali, en þú mátt ekki gleyma að taka af mjer beislið, annars slepp jeg aldrei frá Vindskegg bónda, því það er hann sem kemur og kaupir mig“, sagði Hans.

Svona fór það líka, það kom hrosssaprangari, sem endilega vildi kaupa brúna hestinn, og maðurinn fjekk fyrir hann hundrað dali, en þegar búíð var að borga, vildi kaupandinn endilega fá beislið. — „Ekki sömdum við um það“, sagð maðurinn, „og beislið færð þú ekki, því jeg hefi fleiri hesta, sem jeg þarf að hafa beisli á“. Svo fór hvor sína leið. En Vindskeggur var ekki kominn langt áður en Hans breytti sjer aftur í mann og þegar faðir hans kom heim, sat Hans þar og ljet fara vel um sig.

Daginn eftir breytti hann sjer í jarpan hest og sagði við föður sinn, að hann skyldi fara með sig á markaðinn. „Ef einhver kemur, sem vill kaupa mig, skalt þú segja, að þú viljir fá 200 dali, því það mun hann vilja borga og gefur þjer meira að segja í staupinu, en hvað sem þú drekkur og hvað sem þú gerir, þá mundu það að taka af mjer beislið, annars sjerðu mig aldrei framar“, sagði Hans. Jú, svona fór það, faðir piltsins fjekk 200 dali fyrir hestinn og brennivín í tilbót, og þegar hann skildi við Vindskegg, þá var ekki meir en svo að hann myndi eftir að taka beislið af hestinum. Svo þegar maðurinn kom heim, sat piltur þar í makindum.

Þriðja daginn fór eins. Piltur gerði sig að stórum gráum hesti, og sagði við föður sinn, að hann skyldi fara með sig á markaðinn, og myndi nú verða boðnir fyrir

hann 300 dalir og honum gefið í staupinu, en ekki mætti hann gleyma að taka af hestinum beislið, jannars kæm-ist hann aldrei frá Vindskegg bónda. Nei, faðir piltsins sagðist ekki skyldi gleyma því. Þegar hann kom á markaðinn, fjekk hann strax þrjú hundruð dali fyrir hestinn, og svo rækilega í staupinu á eftir, að hann gleymdi að taka beislið af hestinum, og Vindskeggur fór með hann af stað. — Þegar hann var kominn nokkuð burtu frá markaðssvæðinu, ætlaði hann inn í krá til þess að kaupa sjer meira brennivín, og setti glóandi glóðarker fyrir framan hestinn, en fullan poka af heyi fyrir aftan hann, batt tauminn við hestasteininn og fór inn í krána. Hesturinn stóð þar og bar sig aumlega, frýsaði og hristi sig allan. Svo kom stúlka framhá og hún kendi í brjósti um hestinn. „Aumingja skepnan“, sagði hún. „Hverskonar maður er þetta sem á þig og fer svona illa með þig“ sagði hún. Svo leysti hún taumana úr hringnum í hestasteininum, svo hesturinn gæti snúið sjer við og bragðað á heyinu.

„Jeg á þennan hest“, æpti Vindskeggur bóndi, og kom þjótandi út um dyrnar; en þá var hesturinn þegar búinn að hrista fram af sjer beislið, kastaði sjer út í tjörn, sem þar var og gerði sig að litlum fiski. Vindskeggur stökk á eftir og gerði sig að stórri geddu. Þá brá Hans sjer í dúfulíki, en Vindskeggur gerði sig þá að hauk og flaug á eftir dúfunni. En kóngsdóttir stóð við glugga í kóngshöllinni, og horfði á þennan eltingaleik. „Ef þú vissir eins mikið og jeg veit“, sagði hún við dúfuna, „þá kæmir þú inn um gluggann til mín“.

Dúfan þaut inn um gluggann, gerði sig að manni, og Hans sagði kóngsdóttur hvernig lá í öllu þessu.

„Gerðu þig að gullhring, og settu þig á fingur mjer“, sagði kóngsdóttir.

„Nei, ekki dugar það“, sagði Hans. „Því þá gerir Vindskeggur kónginn veikan, og enginn getur læknað

hann aftur fyr en Vindskeggur sjálfur kemur og gerir það, en þá heimtar hann líka hringinn í kaup“.

„Jeg get sagt, að jeg hafi erft hann eftir móður mína“, sagði kóngsdóttir, „og að jeg vilji alls ekki missa hann“.

Jú, svo breytti Hans sjer í gullhring og setti sig á fingur kóngsdóttur og þar gat Vindskeggur ekki náð honum. En svo fór, eins og piltur hafði sagt. Kóngurinn varð veikur og enginn læknir gat læknað hann, fyr en Vindskeggur kom, og hann heimtaði hringinn, sem kóngsdóttir var með á fingrinum. Þá sendi kóngurinn til dóttur sinnar eftir hringnum. En hún sagðist ekki vilja missa hann, því hún hefði fengið hann eftir móður sína. — Þegar konungur heyrði þetta, reiddist hann og sagði, að hann vildi fá hringinn, hvaðan sem hún hefði hann.

„Það þýðir nú ekki að vondskast neitt út af því“, sagði kóngsdóttir. „Jeg næ ekki af mjer hringnum, nema að fingurinn sje tekinn með“.

„Látið mig um að ná hringnum af“, sagði Vindskeggur bóndi.

„Nei, þakka þjer fyrir jeg skal reyna sjálf“, sagði kóngsdóttir og fór út að ofninum og setti söt á hringinn. Þá fór hann af og týndist í öskunni. Þá gerði Vindskeggur sig að hana og fór að róta í öskunni, en Hans gerði sig að tófu og beit hausinn af hanaum, og þá var úti um illmennið Vindskegg.

Hjartalausí risinn

EINU SINNI VAR KONUNGUR, sem átti sjö syni, og honum þótti svo vænt um þá, að hann gat aldrei verið án þeirra allra í einu, einn varð alltaf að vera hjá honum. Þegar þeir voru orðnir fullveðja, fóru sex þeirra út í heiminn að leita sjer að fallegum eiginkonum, en þann sjöunda vildi kóngur hafa eftir heima hjá sjer og honum áttu bræður hans að biðja göfugrar kóngsdóttur, og koma með hana. Kóngur gaf hinum sex sonum sínum fegurstu klæði, sem nokkur hafði augum litið, þau voru gullsaumuð, svo að það glampaði á þau, og einnig gaf hann hverjum um sig ágætán hest, og kostaði hver hestur mörg hundruð dali, og síðan lögðu þeir af stað. Þegar þeir svo höfðu heimsótt mörg konungsríki og litið á kóngsdæturnar þar, komu þeir loksins til kóngr nokkurs, sem átti sex dætur, og svo fallegar stúlkur höfðu þeir aldrei á æfi sinni sjeð, og svo báðu þeir þeirra, og fjekk hver sína fyrir konu, og síðan fóru þeir heim aftur, en steingleymdu alveg að þeir áttu að koma með konuefni handa bróðurnum, sem heima sat, svo hrifnir voru þeir af konuefnunum sínum.

Á heimleiðinni fóru þeir framhjá hömrum miklum, þar sem bjó ramgölldróttur risi. Um leið og þeir riðu framhjá, kom risinn út, og breytti hann þeim öllum saman í steina á stundinni, bæði kóngssonunum og unnustum þeirra og öðru förneyti.

Kóngur beið og beið eftir sonum sínum, en hve lengi sem hann beið, þá komu þeir ekki. Hann varð mjög sorgmæddur, og sagðist varla sjá glaðan dag framar. — „Ef



Risinn breytti þeim öllum í stein.

þú værir ekki eftir hjá mjer“, sagði hann við yngsta soninn, sem het Randver, „þá vildi jeg ekki lifa lengur, svo sorgmæddur er jeg af því, að jeg hef mist bræður þína“.

„En nú langar mig til að biðja þig að lofa mjer að fara og reyna að leita að þeim. Jeg skal finna þá“, sagði Randver.

„Nei, það færðu ekki“, sagði faðir hans, „þú kemur heldur ekki aftur“.

En Randver vildi endilega fara og hann bað og bað, þangað til faðir hans ljet þetta eftir honum. En nú átti konungurinn ekki annað eftir af reiðskjótum, en eina aflóga bykkju handa honum, því bræður hans og föruneysi þeirra hafði fengið alla góðhesta kóngsins og meira til, en um það kærði Randver sig kollóttan, hann lagði af stað á gamla klárnum. „Vertu blessaður pabbi minn“, kallaði hann. „Jeg skal koma aftur og hafa þá bræður mína með mjer!“

Þegar hann hafði riðið nokkurn spöl, sá hann hrafn, sem lá á veginum og baðaði vængjunum, en gat ekki flogið, svo svangur var hann.

„Æ, góði vinur, gefðu mjer svolítinn matarbita, þá skal jeg hjálpa þjer, þegar þú þarft þess mest með“, sagði hrafninn.

„Jeg hefi nú ekki mikið af mat, og held varla að þú munir geta hjálpað mjer mikið heldur, sagði kóngssonur, en dálítið má jeg víst til með að gefa þjer, því mjer sýnist þú þurfa þess með“, og svo gaf hann hrafninum dálítið af nestinu, sem hann hafði haft með sjer að heiman.

Þegar Randver svo hafði farið nokkuð enn, kom hann að læk, það lá stór lax hjá læknum, hann hafði stokkið upp á þurt land, og komst nú ekki út aftur.

„Ó, góði vinur!, hjálpaðu mjer út í lækinn aftur“, sagði laxinn við Randver kóngsson, þá skal jeg hjálpa þjer þegar þú þarft þess mest með“.

„Varla geturðu hjálpað mjer mikið“, sagði konungssonur, „en mjer finst synd að láta þig liggja þarna uppi á þurru“, og svo setti hann laxinn út í lækinn aftur.

Nú fór hann langa vegu og síðan mætti hann úlfi, sem var svo soltinn, að hann gat varla dregist áfram.

„Góði vinur, gefðu mjer hestinn þinn“, sagði úlfurinn. „Jeg er svo svangur, að það gaula í mjer garnirnar, jeg hefi ekki fengið neitt að jeta í tvö ár“.

„Nei“, sagði Randver, „það get jeg ekki gert. Fyrst hitti jeg hrafn, og honum varð jeg að gefa nestið mitt svo sá jeg lax, sem jeg varð að hjálpa út í vatnið aftur, og nú viltu fá hestinn minn. Það er ómögulegt að láta þig hafa hann, því þá hef jeg engan reiðskjóta lengur“.

„Jú, góði, þú verður að hjálpa mjer“, sagði úlfurinn, „jeg skal vera reiðskjóti þinn, jeg skal hjálpa þjer, þegar þjer liggur mest á“.

„Ekki býst jeg nú við mikilli hjálp frá þjer, en þú verður þá víst að fá hestinn, fyrst þú ert svo aðfram kominn“, sagði kóngssonur. Þegar svo úlfurinn hafði jетиð hestinn, tók Randver beislið og lagði það við úlfinn, og hnakkinn setti hann á bak honum, og nú var úlfurinn orðinn svo sterkur af að jeta heilan hest, að hann bar konungssoninn eins og ekkert væri, og gekk nú ferðin betur en nokkru sinni fyr.

„Þegar við erum komnir svolítið lengra, skal jeg sýna þjer bústað risans“, sagði úlfurinn, og eftir skamma ferð komu þeir að berginu. „Líttu á“, sagði úlfurinn, „hjer á risinn heima, og þarna sjerðu bræður þína sex, sem risinn gerði að steini, og þarna eru konuefnin þeirra og fylgdarmennirnir. Og þarna eru dyrnar á bústað risans, þar átt þú að fara inn“.

„Nei, það þori jeg ekki“, sagði konungssonur. „Hann drepur mig, risinn!“

„Onei“, svaraði úlfurinn. „Þegar þú kemur inn, finnurðu kóngsdóttur, sem segir þjer hvernig þú skalt fara að því að ganga milli bols og höfuðs á risanum. Og farðu bara að eins og hún segir!“

Jú, Randver konungsson gekk inn, en hræddur var hann. Þegar inn kom, var risinn ekki heima, en í einu

herberginu sat konungsdóttir, eins og úlfurinn hafði sagt, og svo fallega stúlku hafði Randver aldrei sjeð.

„Ó, guð hjálpi þjer. Hvernig í ósköpunum ertu hingað kominn?“ sagði kóngsdóttir, þegar hún sá hann. „Þjer er bani búinn, því risanum, er hjer býr, fær ekkert grandað, hann er hjartalaus, og geymir hjarta sitt einhvers staðar þar sem enginn getur fundið það“.

„Já, en úr því jeg er kominn hingað, þá vil jeg reyna við hann“, sagði Randver. „Og bræður mína, sem eru steinar hjer fyrir utan, vil jeg líka frelsa, og líka vil jeg reyna að bjarga þjer“.

„Fyrst þú vilt endilega vera hjer, þá verðum við að finna upp á einhverjum ráðum“, sagði kóngsdóttir. — „Skríddu nú undir rúmið þarna, og hlustaðu vel á um hvað jeg tala við risann, þegar hann kemur heim“.

Randver skreið svo undir rúmið, og ekki var hann fyr kominn þangað, en risinn kom þrammandi inn.

„Hjer er ljóti mannaþefurinn“, sagði hann.

„Já, það var hrafn eitthvað að flækjast hjer með mannsbein“, svaraði kóngsdóttir. „Jeg kastaði því nú út, en það er víst svolítill lykt hjer enn“.

Jú, það ljet risinn sjer vel líka.

Svo kom kvöld, og þau fóru að háttu, og þegar risinn var háttaður, sagði kóngsdóttir: „Mig langar til að spyrja þig að dálitlu, — bara ef jeg þyrði það“.

„Hvað er nú það?“ spurði risinn.

„Mig langar svo til að vita, hvar þú geymir hjarta þitt, fyrst þú hefir það ekki í brjóstinu“, sagði kóngsdóttir.

„O, þig varðar nú lítið um það“, sagði risinn. En annars liggur það undir dyrahellunni“.

Einmitt, ekki verður þá mikill vandi að finna það, hugsaði Randver konungsson undir rúminu.

Morguninn eftir fór risinn á fætur fyrir allar aldir og gekk til skógar, og ekki var hann fyr farinn, en Randver og kóngsdóttir fóru að leita undir dyrahellunni að hjartanu hans, en hvernig sem þau leituðu, fundu þau ekkert.

„Nú hefir hann leikið á okkur“, sagði kóngsdóttir, „en aftur skulum við reyna“. Svo tindi hún öll fallegustu blómin, sem hún gat fundið og stráði þeim umhverfis dyrahelluna, — en hana settu þau á sinn stað, og þegar leið að kvöldi og von var á að risinn kæmi heim, skreið Randver undir rúmið aftur.

Litlu síðar kom risinn. „Svei og svei aftur, hjer er mannabefur mikill“, sagði hann.

„Það er altaf þessi hrafn að flækjast hjer“, kvað kóngsdóttir, og risinn ljet það gott heita. En eftir stundarkorn spurði hann, hver það væri, sem hefði stráð öllu þessu blómskrúði umhverfis dyrahelluna.

„Það gerði jeg nú“, sagði kóngsdóttir.

„Hvað á það nú að þýða“, spurði risinn.

„Ó, mjer þykir svo vænt um þig, að jeg verð að gera það, þegar jeg vissi, að þú hefir hjarta þitt þar undir“, sagði kóngsdóttir.

„Það var fallega gert“, sagði þursi, „en annars er nú hjartað alls ekki þar“, bætti hann við.

Svo þegar risinn var háttaður um kvöldið, spurði kóngsdóttir aftur, hvar hjartað væri, því henni þætti svo vænt um hann, að hún mætti til með að fá að vita það.

„Æ, það er í skápnum þarna á veggnum“, sagði risinn geispandi.

„Einmitt“, hugsuðu þau bæði, kóngsdóttir og konungssonur, „ekki er vandi að finna það þar“.

Snemma næsta morgun fór risinn á stjá að vanda, og ekki var hann fyr farinn, en þau fóru að leita í skápnum, kóngsdóttir og Randver. En hvernig sem þau leituðu, þá fanst það ekki þar. — „Jæja, við verðum að reyna einu sinni enn“, sagði hún. Hún skryddi nú skápin allan með blómsveigum, og þegar leið að kvöldi, kom risinn þrammandi heim aftur, en þá var Randver auðvitað kominn undir rúmið.

„Svei, svei, hvernig stendur á þessum mannabef hjerna“, sagði risinn.

„Æ, jeg veit ekki hvernig jeg á að fara með þenna hrafn, hann er hjer altaf með beinið sitt“, sagði kóngsdóttir, og það ljet risinn gott heita, en svo rak hann augaun í alt skrautið á skápnum, blóm og kransa alt umhverfis hann, og spurði, hvað svona tiltæki ætti að þýða, og hver væri með slíkan hjegóma.

Jú, það var þá kóngsdóttir.

„Hversvegna ertu að þessum fíflaskap?“, sagði risinn.

„Æ, mjer þykir nú altaf svo vænt um þig, að jeg verð að skreyta skápinn, fyrst þú geymir hjarta þitt þar“.

„Ertu svo heimsk, að þú trúir að það sje þar“, sagði risinn og skellihló.

„Auðvitað trúi jeg því, fyrst þú segir það“, sagði kóngsdóttir.

„Æ, skelfingar auli ertu“, sagði risinn. „Aldrei finnur þú þann stað, þar sem jeg geymi hjarta mitt“.

„Já, en gaman væri nú samt að vita hvar það væri“, sagði kóngsdóttir.

Þá gat risinn ekki lengur að sjer gert, en varð að segja hvar það væri: „Langt, langt í burtu í vatni einu er hólmi nokkur“, sagði hann. „Í hólma þessum stendur kirkja, í kirkjugólfinu er brunnur, á brunninum syndir önd, í öndinni er egg og í eggi þessu er hjartað úr mjer, góða mín“.

Snemma næsta morgun, þegar enn ekki var orðið bjart, fór risinn aftur til skógar. „Já, nú verð jeg að fara af stað líka“, sagði Randver konungsson, „bara að jeg rati nú!“ Hann kvaddi því kóngsdóttur, sagðist koma aftur, og þegar hann kom út úr herberginu, stóð úlfurinn þar enn og beið konungssonar. Honum sagði Randver hvað skeð hefði í húsakynnum risans, og sagði að nú vildi hann komast til kirkjunnar, sem brunnurinn var í, bara ef hann rataði þangað. Þá bað úlfurinn hann um að setjast á bak sjer, hann sagðist skyldi rata, og svo þaut hann af stað yfir fjöll og dali og fór sem vindur væri.

Þegar þeir höfðu haldið áfram marga daga, komu þeir

loks að vatninu. Þá vissi konungssonur ekki, hvernig hann ætti að komast út í hólmann, en úlfurinn bað hann vera óhræddan, og lagði til sunds með hann á bakinu, synti yfir í hólmann. Svo komu þeir að kirkjunni, en kirkjulykillinn hjekk hátt uppi í turninum, og konungssonur vissi ekki, hvernig hann ætti að ná í hann. — „Nú verðurðu að kalla á hrafnninn“, sagði úlfurinn. og um leið og hann kallaði, kom hrafnninn, flaug eftir lyklinum, og svo komst Randver inn í kirkjuna. Þegar hann kom svo að brunninum, synti öndin þar fram og aftur, eins og risinn hafði sagt. Svo fór hann að reyna að lokka öndina til sín, og að lokum synti hún til hans og hann greip hana. En um leið og hann lyfti henni upp af vatninu, verpti hún egginu, og nú vissi Randver alls ekki, hvernig hann ætti að ná í það. „Nú verðurðu að kalla á laxinn“, sagði úlfurinn, og það gerði Randver. Svo kom laxinn og náði í eggid, og þá sagði úlfurinn, að hann skyldi kreista eggid, og um leið og Randver gerði það, æpti risinn.


„Kreistu það aftur“, sagði úlfurinn, og þá vældi risinn enn aumlegar og bað svo aumkvunarlega um líf, hann skyldi gera alt sem konungssonur vildi, ef hann fengi að halda lífi, og kóngssonur kreisti ekki hjarta hans sundur.

„Segðu honum, að ef hann geri bræður þína sex og unnustur þeirra aftur eins og þau voru, áður en hann breytti þeim í stein, þá skuli hann lífi halda“, sagði úlfurinn.

Jú, það gerði risinn strax, og breytti steinunum aftur í menn.

Síðan reið Randver aftur á úlfi sínum til bjargsins, þar sem risinn bjó, og þá var alt fólkið þar fyrir utan, bræður hans og konuefnin þeirra, og síðan sótti Randver brúði sína inn í bergid, og öll fóru þau heim í konungsgarð. Og enginn getur lýst gleði gamla konungsins, þegar allir synirnir hans sjö komu aftur, hver með sína brúði. „En fegurst af öllum er samt konuefnið hans Randvers

míns“, sagði kóngur, „og þau skulu sitja í öndvegi“. Svo var haldin stórkostleg veisla, og ef hún er ekki búin, þá stendur hún enn.



EFNISYFIRLIT

Höllin fyrir austan sól og vestan mána	bls. 7
Fylgdarsveinninn	— 20
Umli litli úr gæsaregginu	— 35
Kongsdæturnar þrjár í berginu blá	— 48
Skipið, sem sigldi á landi og skritnu karlarnir sex	— 70
Villiendurnar tólf	— 80
Smiðurinn, sem kölski þorði ekki að hýsa	— 89
Töfrapípan	— 97
Sagan af Vindskegg bónda	— 106
Hjartalausí risinn	— 117